


skoðun 22

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Þorláksmessa








# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
23. desember 2010
301. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Búist við þátttökumeti

*Þorláksmessusund Garpa haldið í tuttugasta sinn.*

tímamót 26

## Fyrirburar fá húfur

*Priscilla Magnúsdóttir ætlar að afhenda vökudeild Barnaspítala Hringsins 600 prjónahúfur.*

fólk 36



## Topp tíu listinn klár

*Það er ljóst hverjir eru í tíu efstu sætunum í kjörinu á Íþróttamanni ársins 2010.*

sport 42

## veðrið í dag




**HVASST SYÐST** Í dag verða austan 8-15 m/s S- og V-til en annars hægari. Éljagangur syðra en annars víða úrkomulaust. Frost víða 0-10 stig.

VEÐUR 4



**VEL KÆST** Einar segir að sterka skatan sé alltaf vinsælli en sú minna kæsta. Borgarbúar keyptu á fjórða hundrað kíló af þessum umdeilda hátíðarmat í fiskbúðinni Hafrúnu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fisksalar eru þegar farnir að safna skötunni eftirsóttu fyrir næstu jól:

# Skötu sporðrennt í tonnavís í dag

**MATUR** Borgarbúar keyptu á fjórða hundrað kíló af skötu í fiskbúðinni Hafrúnu í Skipholti í gær. Þá eru ótalin tonnin sem seld voru á veitingastöðum. Þetta segir Einar Óskarsson fisksali. Í dag er Þorláksmessa og þá má gera ráð fyrir að skötulykt leggi yfir flest hverfi borgarinnar venju samkvæmt.

„Þetta er svipað og hefur verið undanfarin ár,“ segir Einar. Mjög líflegt sé í fiskbúðinni daginn fyrir Þorláksmessu og aldrei meiri uppgrip fyrir fisksala. „Það er langmest innkoman af því að það er orðið svo hátt verð á þessu,“ segir hann. Fisksalar keppi um sköt-una, enda hafi veiðin dregist nokkuð saman á undanförnum árum. „Menn eru strax byrjaðir að safna fyrir næstu jól,“ segir hann.

> „Þótt þeir hafi ekki endilega lyst á að renna því niður þegar þar að kemur þá biðja allir um það sterkasta.“
>
> EINAR ÓSKARSSON FISKSALI Í HAFRÚNU

Einar segir að skatan sem Hafrún hefur til sölu sé mestmegnis í sterkari kantinum þótt einnig sé hægt að fá hana minna kæsta. „Þótt þeir hafi ekki endilega lyst á að renna henni niður þegar þar að kemur þá biðja allir um þá sterkustu.“ - sh / sjá síðu 12

# Bækur seljast fyrir fimm milljarða í ár

**Engin merki eru um minnkandi bókasölu á þessu ári og talið er að heildarvelta verði rétt undir fimm milljörðum króna. Metsölubækur seljast í stórum upplögum. Matreiðslu- og „hnakkabækur“ eru í tísku í ár en ekki sjálfshjálparbækur.**

**MENNING** „Við sjáum engin merki þess að bókasala sé að minnka,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, um söluna í ár. Gert er ráð fyrir því að velta bókaársins verði í samræmi við síðustu ár, í kringum 4,7 til 4,8 milljarðar króna.

> **8** bækur að meðaltali á hvern Íslending á ári.

„Í ár koma út miklu fleiri bækur en í fyrra. Ég veit til dæmis að hjá Forlaginu voru gefnar út sextíu nýjar kiljur á árinu. Það er mjög mikil aukning frá árinu 2009, í öllum útgáfum. Það var til dæmis kvartað undan því í fyrra að það væri lítið af barnabókum, bæði innlendum og þýddum. Þetta snerist alveg við núna,“ segir Kristján.

Aldrei hafa verið gefin út jafn mörg íslensk skáldverk og í ár. Tvær og hálf milljón bóka eru keyptar hér á landi ár hvert, sem jafngildir um átta bókum á hvern Íslending.

Kristján segir metsölubækur hafa selst í mjög stórum upplögum fyrir jólin. „Menn þurfa að hafa farið vel yfir fimm þúsund eintök til að komast inn á topp tíu. Þessar efstu bækur hafa allar farið yfir tíu þúsund eintök. Arnaldur, að mér skilst á Forlaginu, hefur aldrei selst jafn vel og Yrsa ekki heldur.“ Bók Arnaldar Indriðasonar hefur selst í tæplega þrjátíu þúsund eintökum og Yrsu Sigurðardóttur í sextán þúsund eintökum. Bækurnar sem koma á eftir söluhæstu bókunum seljast í sjö til níu þúsund eintökum.

„Það eru kannski fimmtán titlar allt í allt sem fara yfir fimm þúsund eintök. Það er í sjálfu sér rosa fínt og gefur ástæðu til ákveðinnar bjartsýni,“ segir Kristján.

Hann segir alltaf sveiflur í smekk fólks á bókum. „Í fyrra voru mikið áberandi sjálfshjálparbækur, þær eru ekki í tísku í ár en í staðinn koma kannski matreiðslubækur. Við sjáum þrjá, fjóra titla ganga mjög vel og það ber mikið á þeim. Þessar hnakkabækur, eins og Gillz og Tobba, eiga líka upp á pallborðið núna,“ segir Kristján.

„Bókin sem vara höfðar til mjög breiðs hóps, ekki bara einhverrar elítu sem les bækur, kaupir bækur og gefur bækur. Það var það sem alltaf bjó að baki, að breikka vöruúrvalið, að fá fleiri lesendur og fá bækur sem höfða til sem flestra. Að það skuli vera að takast er frábært. Ég sé fullt af jákvæðum teiknum í þessari vertíð.“ - þeb

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Erfðafræðin staðfestir grun:

## Tvær tegundir fíla í Afríku

**DÝRALÍF** Það hefur verið staðfest með erfðafræðirannsóknum að í Afríku lifa tvær tegundir fíla. Afríski skógarfíllinn er önnur og afríski gresjufíllinn er hin. Þessar tegundir eru mjög líkar og voru til skamms tíma taldar sem ein tegund. Gresjufíllinn er nokkuð stærri en skógarfíllinn.

Vísindamenn frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og samstarfsmenn þeirra við York-háskólann í Bretlandi hafa sýnt fram á þetta.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna þeirra eru tegundirnar fjarskyldir ættingjar sem hafa lifað sem aðskildar tegundir í tvær til sjö milljónir ára.

Athygli vakti að tegundirnar tvær eru ekki skyldari en Asíufíllinn og loðfílar, eða mammútar, sem eru taldir hafa dáið út fyrir um tíu þúsund árum. - shá

Kristinn Sigmundsson:

## Tekur íslensk jól fram yfir Metropolitan

**FÓLK „Ég hef verið heppinn, verið réttur maður á réttum stað. En svo snýst árangur fyrst og fremst um vinnusemi, og að vera trúr sjálfum sér og viðfangsefninu,“ segir Kristinn Sigmundsson söngvari sem er staddur hér á landi. Kristinn, sem er farsælasti klassíski söngvari Íslands, hefur í nógu að snúast á nýju ári. Þrátt fyrir annir reynir hann alltaf að koma heim yfir jólin. „Það hefur eiginlega alltaf tekist,“ segir Kristinn sem hafnaði eitt sinn hlutverki í Metropolitan-óperunni í New York til að komast heim um jólin.**



KRISTINN SIGMUNDSSON

- sbt / sjá síðu 18



## SPURNING DAGSINS



*„Lilja, er fornleifafræði á leið á safnið?“*

„Nei, við söfnum liði og látum ekki leggja hana á hilluna.“

Lilja Björk Pálsdóttir er formaður félags íslenskra fornleifafræðinga. Fjárveitingar til fornleifarannsókna hafa skroppið mikið saman á undanförnum misserum og fornleifafræðingar hafa áhyggjur af framtíð greinarinnar.

Mikil spenna vegna heræfinga Suður-Kóreu við landamæri Norður-Kóreu:

# Suður-Kórea hótar öllu illu

**SUÐUR-KÓREA, AP** Suður-Kóreuher hótaði Norður-Kóreu hörðum refsingum geri her norðanmanna árás í framhaldi af heræfingum sunnanmanna í gær.

Mikil spenna hefur tengst heræfingum Suður-Kóreu síðustu vikurnar, sérstaklega eftir að Norður-Kóreuher gerði harða árás á eyjuna Yeonpyeong í beinu framhaldi af heræfingum þar fyrir mánuði.

Árásirnar kostuðu fjögur mannslíf og ollu bæði skelfingu íbúanna og miklum eignaskemmdum á eyjunni.

„Við munum algjörlega refsa óvininum ef hann ögrar okkur aftur eins og með sprengjuárásunum á Yeongpyeong-eyju,“ sagði Ju Eun-sik, yfirmaður suðurkóreska hernum.

Suður-Kóreuher hefur haldið 47 heræfingar á þessu ári, en æfingin í gær átti að vera sú stærsta sem nokkru sinni hefur verið haldin.

Löndin tvö eiga tæknilega enn í stríði, þótt Kóreustríðinu hafi lokið með vopnahléi fyrir meira en hálfri öld. - gb



**TÍNIR OSTRUR Á YEONGPYOENG-EYJU** Daglegt líf gekk sinn vanagang meðan undirbúningur að heræfingum stóð yfir á herskipunum fyrir utan. NORDICPHOTOS/AFP

Rektorsskipti á Bifröst:

# Magnús hættir sem rektor

**MENNTUN Magnús Árni Magnússon, rektor Háskólans á Bifröst, hefur óskað eftir að láta af störfum um áramótin.**

**Bryndís Hlöðversdóttir, dósent og deildarforseti lagadeildar við skólann, hefur verið ráðin rektor í hans stað. Rektorsskipti verða formlega 5. janúar.**

**Magnús Árni mun snúa sér að kennslu og rannsóknum við skólann og mun gegna stöðu dósents.**

**Jafnframt á að efla skólann sem sjálfstæðan háskóla og horfið frá hugmyndum um sameiningu.** - þeb

Góðar fréttir af þorski:

# Mikilvægt eftir sjö mögur ár

**SJÁVARÚTVEGUR Það eru afar jákvæðar fréttir að heildarvísitala þorsks mældist 20 prósent hærri nú en í fyrra,“ að mati Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, um niðurstöður haustralls Hafrannsóknastofnunarinnar sem voru kynntar voru á þriðjudag.**



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

**Hann segir mikilvægt að vísitölur fyrir árgangana frá 2008 og 2009 mældust þær hæstu frá því að stofnmælingar að hausti hófust árið 1996. Þessir árgangar koma inn í viðmiðunarstofninn 2012 og 2013.**

**Friðrik segir vísbendingarnar um árgangana frá 2008 og 2009 afar mikilvægar eftir sjö lélega árganga þar á undan.** - shá

Þjóðhöfðingjar í herflugi:

# Vilja fyrirmenni til Keflavíkur

**SAMGÖNGUR** Borgaryfirvöld árétta að með samþykkt borgarráðs í síðustu viku um að utanríkisráðuneytið og flugmálayfirvöld hlutist til um að takmarka umferð herflugvéla til Reykjavíkurflugvallar er ekki lagst gegn því að erlendir þjóðhöfðingjar komi í heimsókn til landsins.

„Kjósi þeir hins vegar að koma í herflugvél er það ósk borgaryfirvalda að flugmálayfirvöld beini þeim til lendingar á Keflavíkurflugvelli sem er alþjóðaflugvöllur,“ segir í tilkynningu. Á Keflavíkurflugvelli sé öll aðstaða til lendingar fyrir herflugvélar og gætt fyllsta öryggis sem felst í því að þeim er lagt í sérstakt stæði langt frá öllu farþegaflugi. - shá

# Hátt í 20 þúsund fá aðstoð við jólahaldið

**Sjö þúsund einstaklingar leituðu til hjálparsamtaka síðustu daga. Þörfin fer stigvaxandi á milli ára. Talið er að 7,5 prósent mannfjöldans hafi gengið þau svipugöng að þiggja mat til jólahaldsins en margir þurfandi sitja þó heima.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Hátt í tuttugu þúsund Íslendingar fá aðstoð við að halda jól þetta árið, er mat talsmanna hjálparsamtaka. Sjö þúsund manns hið minnsta leituðu til samtakanna á síðustu dögum. Stór hópur þarf aðstoð en þiggur hana ekki, af ýmsum ástæðum.

Tvenn hjálparsamtök standa að matar- og gjafaúthlutun fyrir jólin. Annars vegar Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Rauði krossinn í Reykjavík og Hjálpræðisherinn sem standa að sameiginlegri úthlutun undir merkjum Jólaaðstoðar 2010. Hins vegar er það Fjölskylduhjálp Íslands.

Reynir Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Jólaaðstoðar 2010, telur að 4.500 manns hafi leitað sér aðstoðar eins og áætlanir gerðu ráð fyrir og að hópurinn sé eins samsettur og í fyrra. Þá voru 43 prósent umsækjenda öryrkjar, tuttugu prósent voru á atvinnuleysisskrá en fimmtán prósent á vinnumarkaði. Sextíu prósent umsækjenda eru konur.

„Margar úthlutanir hjá okkur eru til einstæðinga en einnig eru margir sem hafa fjölskyldur að baki sér, þrjá eða fleiri,“ segir Reynir. Fjölskyldusamsetningu metur Jólahjálpin út frá stærð matarpakkana sem er úthlutað.

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands, telur það ekki á rökum reist að einstaklingar stundi það í stórum stíl að leita aðstoðar á tveimur stöðum. Dæmi séu um slíkt en það sé í undantekningartilfellum. Nákvæm skráning útiloki jafnframt að fleiri en tveir frá sama heimili fái matarpakka. Þá sé erfitt eða útilokað fyrir einstakling sem ekki er í sárri þörf að fá úthlutun.



**SVIPUGÖNG** Svörtustu spár hjálparsamtaka fyrir þessi jól virðast hafa ræst og aldrei hafa fleiri leitað aðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Til Fjölskylduhjálparinnar leituðu rúmlega 2.500 manns; um 1.900 á höfuðborgarsvæðinu og 300 á Akureyri og í Keflavík.

„Aukningin á þeim átta árum sem Fjölskylduhjálpin hefur starfað er mikil. Ég gæti trúað að það séu helmingi fleiri sem koma núna en fyrir hrun. Ég held, miðað við nýskráningar núna fyrir jólin, að árið 2011 verði það versta sem við höfum séð.“

Bæði Ásgerður og Reynir taka undir að töluverður fjöldi fólks þiggi ekki aðstoð þrátt fyrir að þörfin sé fyrir hendi. Fyrir því séu ýmsar persónulegar ástæður. „En þetta eru þung spor sem margir treysta sér ekki til að stíga,“ segir Reynir.

Meðalfjölskyldan á Íslandi er 2,7 einstaklingar að mati Hagstofunnar. Það viðmið bendir til að matargjafir nái til hátt í tuttugu þúsund manns. Það eru 7,5 prósent mannfjöldans á Íslandi.

svavar@frettabladid.is



**HJÁLPRÆÐISHERINN** Gistiheimili Hjálpræðishersins við Kirkjustræti.

Samhjálp og Herinn:

# Matur í boði fyrir þurfandi

**HJÁLPARSTARF** Tvær hjálparstofnanir, Samhjálp og Hjálpræðisherinn, bjóða þeim sem lítið hafa umleikis að snæða hjá sér um hátíðarnar.

Kaffistofa Samhjálpar í Borgartúni verður opin frá tíu til tvö frá deginum í dag og fram á jóladag. Á hádegi alla dagana verður boðið upp á heitan mat. Sama fyrirkomulag verður á gamlársdag og nýársdag. Þess á milli verður opið frá tíu til fjögur og heitur matur framreiddur klukkan þrjú.

Hjálpræðisherinn verður venju samkvæmt með veglegan kvöldverð á aðfangadagskvöld klukkan sex. Þá verður einnig boðið upp á mat klukkan tvö á jóladag. Hægt er að skrá sig í matinn í afgreiðslu gistihúss Hjálpræðishersins. - sh

## SJÁVARÚTVEGUR

### Útlendingar veiða minna

Afli erlendra ríkja við Ísland var tæp ellefu þúsund tonn árið 2009 miðað við tæp 59 þúsund tonn 2008. Færeyingar stunduðu aðallega veiðar hér við land á síðasta ári.

## SKAGASTRÖND

### Mótmæla hækkun á raforku

„Verði af fyrirhuguðum 8,3 prósent hækkunum á gjaldskrá Rarik munu þær koma harðast niður á íbúum sem hafa ekki aðra hitunarmöguleika en raforku,“ segir sveitarstjórn Skagastrandar sem mótmælir hækkuninni harðlega. „Sveitarstjórn telur slíkar hækkanir algerlega óásættanlegar og því verri þar sem í fjárlögum er gert ráð fyrir lækkun á niðurgreiðslu til húshitunar.“




Hamstrabúr 1 hæð kr. 5.985,-
Hamstrabúr 2 hæðir kr. 6.986,-
Hamstrabúr 3 hæðir kr. 7.940,-



Kanínubúr 70cm kr. 7.120,-



Fiskabúr 60cm kr.13.975
með dælu, ljósi og hitara
Fiskabúr 80cm kr.19.995,-
með dælu, ljósi og hitara



Fuglabúr kr.6.580,-
Fuglabúr frá kr. 5.040,-

Dýraland Mjódd Sími: 587-0711
Dýraland Spönginn Grafarvogi Sími: 587-0744
Dýraland Kringlan 7 Sími: 588-0711


Hluti ellilífeyrisþega mun þurfa að greiða fullt gjald á sundstöðum borgarinnar:

# Þúsundir missa afslátt í sund

**SAMFÉLAGSMÁL** Afsláttur sundlauga Reykjavíkur fyrir eldri borgara verður frá áramótum miðaður við 70 ár í stað 67 ára áður.

Til þessa hóps teljast nú nær fjögur þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu, sem munu því þurfa að greiða fullan aðgangseyri, eða 450 krónur, eftir að þessi aldurshópur hafi um árabil verið undanþeginn gjaldi.

Samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun borgarinnar er aðeins gert ráð fyrir að velferðarsvið niðurgreiði strætisvagnafargjöld og gjald á sundstaði fyrir 70 ára og eldri.

Í svari borgaryfirvalda við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að gert sé ráð fyrir að þessi niðurskurður spari borginni um 20 milljónir króna á ári.

Ekki verður hreyft við aldursmörkum í annarri þjónustu borgarinnar við aldraða.

Sigurður Einarsson, framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík, segist óánægður með þessa breytingu og að borgaryfirvöld séu þar á villigötum.

„Það er erfitt fyrir fólk að setja beint út á hækkanir þegar maður veit að staðan er erfið, en það er ekki sama hvernig það er gert. Þegar það er gert með því að ákveða að eldri borgarar séu ekki komnir í þennan hóp, finnst mér það alveg fáránlegt.“ - þj



**FRÁ VESTURBÆJARLAUG** Sundlaugar Reykjavíkur hafa hækkað viðmiðunaraldur vegna afsláttar eldri borgara upp í 70 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ALLAR VÖRUR Á TAX FREE*

## AÐEINS Í DAG Þorláksmessu

**OPIÐ TIL KL. 22:00 Í KVÖLD UM LAND ALLT**



blómaval

HÚSASMIÐJAN

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*Tax free gildir af öllum vörum en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## GENGIÐ 22.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,57 | 117,13 |
| Sterlingspund | 180,40 | 181,28 |
| Evra | 153,15 | 154,01 |
| Dönsk króna | 20,55 | 20,67 |
| Norsk króna | 19,492 | 19,606 |
| Sænsk króna | 17,092 | 17,192 |
| Japanskt jen | 1,3955 | 1,4037 |
| SDR | 178,37 | 179,43 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

208,2599

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðuneytið segir að óvíst sé með áframhaldandi samstarf við Menntaskólann Hraðbraut:

# Námslok verða tryggð hjá nemendum

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðuneytið endurskoðar nú framtíð samstarfsins við Menntaskólann Hraðbraut, en þjónustusamningur við skólann rennur út sumarið 2011.

Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir engar ákvarðanir hafa verið teknar innan ráðuneytisins hvað varðar framtíð Hraðbrautar, en hagsmunir nemenda skólans séu hafðir í fyrirrúmi.

„Nemendur skólans munu hafa áframhaldandi tækifæri til þess að ljúka námi sínu,“ segir Elías. „Við erum að skoða samningana við Hraðbraut og endanlegar ákvarðanir munu liggja fyrir fljótlega eftir áramót.“

DV fjallaði um málið í blaði sínu í gær, þar sem fram kom að Hraðbraut myndi loka og ráðuneytið hefði nú þegar ákveðið að endurnýja ekki þjónustusamninginn. Elías segir DV fara með rangt mál, engar ákvarðanir hafi verið teknar í málinu.

Er þetta í ljósi skýrslu Ríkisendurskoðunar og menntamálanefndar Alþingis um fjármál skólans, þar sem fram kom að eigendur höfðu greitt sér út arð fyrir rekstur, þrátt fyrir að skólinn hafi aldrei skilað hagnaði. Þá hafi ráðuneytið ofgreitt eigendum skólans og ekki gert úttekt á fjölda nemenda. - sv



**NEMANDI** Menntamálaráðuneytið vinnur nú að endurskoðun á samningi við Hraðbraut en segir að framtíð nemenda sé tryggð, hvernig svo sem fer.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjögurra barna faðir:

## Átta mánuðir eftir innbrot

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi eftir að hann braust inn í sumarbústað í maí síðastliðnum. Úr bústaðnum stal maðurinn einkum vínföngum en einnig átján karata gullhring.**

**Maðurinn játaði sök greiðlega. Í dómnum kemur fram að hann sé fjögurra barna faðir, sem sé hættur vímuefnaneyslu og búinn að fara í meðferð. Hann er í fastri vinnu nú.**

**Maðurinn rauf skilorð með innbrotinu í sumarbústaðinn, sem er í Árnessýslu. Í ljósi þess var honum gert að afplána dóminn sem gera samtals átta mánuði.** - jss

Ákærður fyrir mörg brot:

## Stal lyfseðlum og braust inn

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra fyrir fjölmörg brot, þar á meðal fyrir að stela sautján lyfseðlum af heimili læknis. Lyfseðlarnir voru ætlaðir til útgáfu lyfseðilsskyldra lyfja.

Maðurinn er ákærður fyrir allmörg innbrot, flest í apótek. Þá framvísaði hann nokkrum fölsuðum lyfseðlum. - jss

### LEIÐRÉTTING

Síðasti hluti setningar sem höfð var eftir Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra féll niður í umfjöllun um drög að frumvarpi um breytingar á náttúruverndarlögum í Fréttablaðinu í gær. Setningin er svona: „Við höfum ekki haft þær valdheimildir sem hefur þurft til að grípa inn í slíkar framkvæmdir þótt um sé að ræða svæði sem eru verndið samkvæmt lögum eða eru á náttúruminjaskrá.“



**2011** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lagði fram frumvarp ársins 2011 í október síðastliðnum. Kallaði hann frumvarpið hin eiginlegu hrunfjárlög. Í því var gert ráð fyrir 36 milljarða króna halla á ríkissjóði á næsta ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**2007** Árni Mathiesen lagði fram fjárlagafrumvarp ársins 2007. Við kynningu þess sagði hann stöðu ríkissjóðs vera að styrkjast. Það gæfi aukna möguleika á að gera ýmsa hluti. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir 15,5 milljarða afgangi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Meira í velferðarmál á næsta ári en 2007

**Hærra hlutfalli af landsframleiðslu verður varið til velferðarmála á næsta ári heldur en gert var 2007. Útgjöld til málaflokksins eru líka hærri í krónum talið.**

**STJÓRNMÁL** Útgjöld ríkisins til tiltekinna velferðarmála verða hærri á næsta ári en var árið 2007.

Samanburður sem gerður var í fjármálaráðuneytinu á fjárlagafrumvörpum áranna 2007 og 2011 leiðir þetta í ljós. Í honum er ekki tekið tillit til breytinga sem urðu á frumvörpunum í meðförum þingsins.

Um er að ræða útgjöld til lífeyristrygginga, sjúkratrygginga, atvinnuleysistrygginga, framhaldsskóla og háskóla.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2007 námu útgjöld til þessara málaflokka tæplega 90 milljörðum króna. Var það 6,84 prósent af vergri landsframleiðslu þess árs.

Í frumvarpi næsta árs voru rúmlega 126 milljarðar ætlaðir til áðurgreindra málaflokka. Það eru 7,76 prósent af landsframleiðslu.

Sé fjárhæðin frá 2007 núvirt nemur hún 120 milljörðum króna.

Útgjöld til allra málaflokkanna hafa hækkað nokkuð í krónum talið en standa svo að segja í stað sé miðað við hlutfall af vergri landsframleiðslu. Mesti munurinn er á útgjöldum til atvinnuleysistrygginga en þau hafa hækkað um 20 milljarða milli áranna.

Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa útgjöld til sjúkratrygginga og háskóla hækkað en lækkað til lífeyristrygginga og framhaldsskóla.

Verg landsframleiðsla árið 2007 var 1.308 milljarðar króna en er áætluð 1.628 milljarðar á næsta ári.

Vaxtagjöld ríkisins hafa vaxið gríðarlega á milli áranna 2007 og 2011. Fyrrnefnda árið voru þau tæpir sautján milljarðar króna, 1,28 prósent af vergri landsframleiðslu, en á næsta ári munu þau nema 75 milljörðum króna og vera 4,61 prósent af landsframleiðslu.

bjorn@frettabladid.is

### Útgjöld til velferðarmála hafa aukist




Landbúnaðarráðherra í gær:

## Reglugerð um transfitu í gildi

**ALÞINGI** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skrifaði í gær undir reglugerð um hámarksmagn transfitusýra í matvælum.



JÓN BJARNASON

Samkvæmt reglugerðinni er óheimilt að markaðssetja matvæli sem innihalda meira en tvö grömm af transfitusýrum í hverjum hundrað grömmum af heildarfitumagni.

Þessar reglur gilda um fitu og önnur matvæli sem innihalda fitu. Þetta á bæði við um innihaldsefni og afleiðingar framleiðsluferlis. Reglugerðin gildir hins vegar ekki um transfitusýrur sem eru í dýrafitu. - þeb

Bygging SÞ í New York:

## Rýmd vegna óþefs af gasi

**NEW YORK, AP Ein af byggingum höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna í New York var rýmd á miðvikudags vegna óþefs, sem virtist stafa af gasleka.**

**Framkvæmdastjórn Sameinuðu þjóðanna hefur haft aðsetur í húsinu, en vegna vinnu við endurbætur á húsi öryggisráðs samtakanna og væntanlegri vinnu við endurbætur á húsi allsherjarþingsins var búið að ákveða að bæði öryggisráðið og allsherjarþingið yrðu þarna til húsa tímabundið.**

**Öryggisráðið hefur hist þar á fundum undanfarið, en allsherjarþingið hefur ekki enn verið flutt.** - gb




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HVÍT JÓL VÍÐA** Það eru nokkuð góðar líkur á hvítum jólum víða um land en horfur eru á éljagangi víða á suðurhelmingi landsins á morgun og má búast við éljum í höfuðborginni annað kvöld. Vindur verður fremur stífur syðra en best verður veðrið fyrir norðan.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 0° |
| Billund | -2° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 1° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 3° |
| Orlando | 19° |
| Ósló | -14° |
| París | 0° |
| San Francisco | 11° |
| Stokkhólmur | -5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

markhonnun.is

netto

# OPIÐ TIL TÍU Í KVÖLD & TIL KL.13 Á AÐFANGADAG



*við óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla*

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**KJÖRKASSINN**



*Fylgdist þú með tunglmyrkvanum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59% |
| NEI | 41% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þekkir þú einhvern sem þurfti að leita til hjálparsamtaka í desember?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Umhverfisstofnun samþykkir uppsetningu útsýnispalls ofan við Skógafoss:

# Leyfa útsýnispall sem má ekki sjást

**UMHVERFISMÁL** Rangárþing eystra hyggst setja upp útsýnispall ofan og austan við Skógafoss. Jafnframt á að koma fyrir göngutröppu við Seljalandsfoss.

„Gróðurfar hefur látið stórlega á sjá á undanförnum árum og með útsýnispallinum skal reynt að draga úr þeirri þróun um leið og ferðamönnum er gefið einstakt tækifæri til þess að upplifa þennan foss ofan frá. Um leið er dregið úr þeirri hættu sem í dag stafar frá svæðinu og þá fyrst og fremst frá einstigum sem leiða fram á klettanibbur við fossinn,“ segir í umsókn Rangárþings eystra til Umhverfisstofnunar.

Útsýnispallurinn á að rúma þrjátíu til fjörtíu manns og snúa þannig að hann sé í hvarfi þegar horft er á Skógafoss neðan frá. Umhverfisstofnun samþykkti pallinn með þessu skilyrði. Að auki á pallurinn að vera þannig að hægt sé að fjarlægja hann án sýnilegra ummerkja.

Sveitarfélagið vill einnig setja upp göngutröppu við Seljalandsfoss. Afgreiðsla þess erindis hefur ekki borist sveitarstjórninni. Trappan á að draga úr slysahættu. - gar



**SKÓGAFOSS** Hættuleg einstigi sem leiða fram á klettanibbur skapa hættu við Skógafoss segir sveitarstjórn Rangárþings eystra sem ætlar að byggja þrjátíu til fjörutíu manna útsýnispall ofan við fossinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ENDURVINNSLA** Sjálfboðaliðarnir hafa meðal annars kennt fólki að gera veski úr notuðum mjólkurfernum. MYND/SEEDS

Sjálfboðaliðar frá 19 löndum:

# Mannúðarmál á aðventunni

**SAMFÉLAGSMÁL Tæplega 60 erlendir sjálfboðaliðar frá nítján þjóðríkjum hafa starfað sem sjálfboðaliðar við ýmis konar mannúðarmál á aðventunni.**

**Þeir sem hafa átt leið um Laugaveginn undanfarið hafa eflaust rekist á sjálfboðaliðana, sem hafa gefið köldum vegfarendum heitt súkkulaði og safnað um leið fé fyrir Rauða kross Íslands. Búist er við mikilli ásókn í heitu drykkina á Þorláksmessu.**

**Sjálfboðaliðarnir, sem eru hér á landi á vegum sjálfboðaliðasamtakanna SEEDS, hafa einnig aðstoðað við matarúthlutanir, á jólamarkaði Sólheima og víðar.** - bj

**LÖGREGLUMÁL**

### Dómur fyrir kannabisræktun

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir kannabisræktun. Hann hafði í fórum sínum 80 kannabisplöntur og um 37 grömm af kannabis.

### Fundu 90 kannabisplöntur

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði um helgina. Við húsleit fundust 90 kannabisplöntur og ýmiss konar búnaður sem tengist kannabisræktun. Karl á fertugsaldri var handtekinn og játaði sök.

## Atkvæði VG-þingmanna gegn stjórninni í veigamiklum málum

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Icesave** | Samþykkt með 33 atkvæðum |  | sögðu **nei** |
| **Tillaga stjórnarandstöðunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave** | Felld |  | sögðu **já** |
| **ESB-viðræður** | Samþykkt með 33 atkvæðum |  | sögðu **nei** |
| **Tillaga stjórnarandstöðunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB-viðræður** | Felld |  | sögðu **já** |
| **Fjárlög 2011** | Samþykkt með 32 atkvæðum |  | sögðu **nei** |

# Alltaf einhver í VG á móti í stórum málum

**Tveir, þrír og fimm þingmenn VG hafa greitt atkvæði gegn þremur veigamiklum stjórnarmálum. Málin höfðu meirihluta. Tveir og þrír hafa greitt atkvæði með tillögum stjórnarandstöðu um þjóðaratkvæði um veigamikil mál.**

**STJÓRNMÁL** Ekki hefur verið eindrægni í þingflokki VG um þrjú veigamikil frumvörp ríkisstjórnarinnar.

Tveir, þrír og fimm þingmenn hafa greitt atkvæði gegn þeim málum og tveir og þrír greiddu atkvæði með tillögu frá stjórnarandstöðu um að tveimur málanna yrði vísað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í desember í fyrra voru greidd atkvæði um Icesave-lög. Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður VG, flutti frumvarpið. Lilja Mósesdóttir og Ögmundur Jónasson greiddu atkvæði gegn því en málið var samþykkt með 33 atkvæðum. Þráinn Bertelsson, sem þá var þingmaður utan flokka, greiddi atkvæði með frumvarpinu.

Pétur Blöndal bar upp tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Hún var felld. 30 voru með en 33 á móti. Ásmundur Einar Daðason og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir voru samþykk tillögunni.

Í júlí í fyrra kom tillaga Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um aðildarviðræður við Evrópusambandið til atkvæðagreiðslu.

Hún var samþykkt með 33 atkvæðum. 23 þingmenn stjórnarandstöðunnar sögðu nei, sem og fimm þingmenn VG. Þrír þingmenn Framsóknar, einn sjálfstæðismaður og Þráinn greiddu atkvæði með tillögunni. Tveir þingmenn greiddu ekki atkvæði, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var annar þeirra.

Formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins báru upp tillögu um að málið færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún var felld með 32 atkvæðum. Auk stjórnarandstæðinga sögðu Ásmundur Einar, Guðfríður Lilja og Lilja Rafney Magnúsdóttir já.

Sem kunnugt er sátu þrír þingmenn VG, Atli Gíslason, Ásmundur Einar og Lilja Mósesdóttir, hjá við atkvæðagreiðslu um fjárlög í síðustu viku. Fjárlagafrumvarpið er lagt fram af fjármálaráðherra. 32 þingmenn sögðu já en 31 þingmaður sat hjá.

bjorn@frettabladid.is

Upprennandi ríki bjartsýn:

# Svartsýni ríkir meðal auðríkja

**BRETLAND** Svartsýnin ræður enn ríkjum meðal auðugustu þjóða heims, en íbúar upprennandi efnahagsvelda á borð við Kína, Indland, Rússland og Brasilíu eru hins vegar nokkuð bjartsýnir á horfurnar.

Þetta kemur fram í nýrri könnun, sem Gallup gerði meðal 64 þúsund manna í 53 löndum. Breska útvarpið BBC skýrir frá þessu á fréttasíðum sínum.

Að meðaltali telja 30 prósent svarenda að næsta ár verði ár velfarnaðar, 28 prósent telja að ástandið versni, en 40 prósent telja ástandið verða svipað. - gb

Danskir skattgreiðendur:

# Húseigendur fá endurgreiðslu

**DANMÖRK Troels Lund Poulsen, skattamálaráðherra Danmerkur, krefst nú upplýsinga um það, hvaða embættismenn í ráðuneyti hans vissu um ólöglegar skattheimtur danskra sveitarfélaga.**

**Fyrir nokkrum vikum uppgötvaðist að hundruð þúsunda danskra húseigenda höfðu um árabil borgað sveitarfélögunum of háan eignarskatt. Sveitarfélögin höfðu ekki veitt skattgreiðendum þá frádrætti, sem þeim bar lögum samkvæmt.**

**Ljóst þykir að endurgreiða þarf um það bil milljarð danskra króna til skattgreiðenda.** - gb

**HRUNAMANNAHREPPUR**

### Vegatollar sagðir valda tjóni

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps mótmælir harðlega hvers konar hugmyndum um gjaldtöku í formi vegatolla á Suðurlandsvegi. Vegurinn sé lífæð Suðurlands við höfuðborgarsvæðið og hafi áhrif á allt mannlíf og atvinnulíf á Suðurlandi.


Gjafakortið sem gildir alls staðar

Þú velur upphæðina en viðtakandinn velur gjöfina.



- Fallegar gjafaumbúðir
- Hentar öllum
- Gildir hvar sem er

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is


Stjórnarmaður í VR sakar hugsanlegan formannsframbjóðanda um siðleysi:

# Hafnar ásökun um misnotkun kirkju

**FÉLAGSMÁL** Bjarki Steingrímsson, stjórnarmaður í VR, segir Stefán Einar Stefánsson, siðfræðing og forstöðumann Hins íslenska Biblíufélags, nota skrifaðstöðu í Hallgrímskirkju til sinna eigin afnota.

„Óska ég eftir að háttvirtur biskup Íslands hr. Karl Sigurbjörnsson hlutist til um að settar verði skýrar reglur um afnot starfsfólks kirkjunnar á eignum okkar sóknarbarna. Að Hallgrímskirkja skuli vera vettvangur lítils hóps aðila sem undirbúa að fella sitjandi formann VR og minnihluta stjórnar félagsins er harmleikur,“ segir Bjarki í bréfi til biskups.

Stefán Einar er bæði guðfræðingur og siðfræðingur. Hann er félagsmaður í VR og hefur að eigin sögn undanfarið aðstoðað félagið vegna ósættis innan stjórnar þess. Nú er svo komið að hann segist íhuga framboð til formanns stjórnarinnar á aðalfundi í vetrarlok.

Stefán segir grátlegt að Hallgrímskirkja og biskupinn skuli dregin inn í umræðuna um málefni VR. „Ég er búinn að svara þessu gagnvart biskupi og það er alveg samhljómur milli okkar í þessu máli,“ segir Stefán um notkunina á skrifstofunni í Hallgrímskirkju.

„Ég kalla hingað oft til fundar við mig fólk sem ég sinni ráðgjafaverkefnum fyrir. Ég kalla líka hingað nemendur mína sem ég kenni við háskólana tvo. Það hentaði mér þennan dag að hitta þar fólk sem hefur miklar áhyggjur af þróun mála í VR. Mig reyndar grunaði strax að óheilindafólk myndi reyna að draga þetta inn í umræðuna þannig að ég flutti fundinn annað um leið og ég áttaði mig á þeirri hættu,“ segir Stefán Einar. - gar



**STEFÁN EINAR STEFÁNSSON** Forstöðumaður Hins íslenska Biblíufélags segist sinna ýmsum ótengdum verkefnum á skrifstofu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Starfsfólk Úrvals Útsýnar óskar landsmönnum gleði og friðar á jólunum og gæfuríks komandi ferðaárs.

**Spennandi ferðir á nýju ári:**




Verð á mann frá: **115.700** kr.
Brottför: 15. mars - vika
Gisting: Tropical Playa
m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó.




Verð á mann frá: **117.700** kr.
Brottför: 22. mars - vika
Gisting: Rouque Nublo
m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð.




Verð á mann frá: **115.400** kr.
Brottför: 26. mars - 8 nætur
Gisting: International Palm Resort
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi




Verð á mann frá: **156.800** kr.
Brottför: 26. mars - vika
Áfangastaður: Madonna Ítalía
m.v. 2 fullorðna og 1 barn á hótel Montana með morgunverði.

ATHUGIÐ AÐ HÆGT ER AÐ SKOÐA FLEIRI FRÁBÆR VERÐDÆMI Á URVALUTSYN.IS

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

ÚRVAL-ÚTSÝN

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða hljómsveit á bestu innlendu plötuna í ár að mati álitsgjafa Fréttablaðsins?

2 Hvar í Skandinavíu á að setja upp þrjár sýningar af Gerplu, í leikstjórn Baltasars Kormáks.

3 Hversu mörg mörk hefur Gylfi Sigurðsson skorað fyrir þýska liðið Hoffenheim?

**SVÖR**

1. Apparat Organ Quartet 2. Í Björgvin í Noregi 3. Sjö

Átta mánaða neyðarástandi vegna mótmæla aflétt á Taílandi í dag:

# Ekki talin frekari þörf fyrir neyðarlög

**BANGKOK, AP** Átta mánaða neyðarástandi á Taílandi verður aflétt í dag. Var það sett eftir að mikil mótmæli brutust út í Bangkok, höfuðborg landsins, þar sem yfir níutíu manns létust.

Abhisit Vejjajiva, forsætisráðherra Taílands, segir stjórnvöld í landinu ekki telja frekari þörf á hinum ströngu öryggisráðstöfunum sem settar voru á í apríl þegar stjórnarandstæðingar hófu háværmótmæli á götum borgarinnar. Taílenski herinn náði að leysa mótmælin upp eftir rúman mánuð.



**MÓTMÆLI** Neyðarástandi var lýst yfir á Taílandi fyrir átta mánuðum. MYND/AP

Abhisit sagði í síðustu viku að stjórnvöld væru enn uggandi vegna áframhaldandi óróa í samfélaginu vegna pólitískrar andstöðu. Rauðliðarnir, andófshreyfingin sem hóf mótmælin í apríl, efndu þó til friðsamra mótmæla á sunnudag og er talið að um 10.000 manns hafi mætt í Bangkok þar sem allt fór friðsamlega fram.

Taílensk stjórnvöld hafa tekið fram að ef ástandið versni á einhvern hátt eftir að neyðarástandi verði aflétt, muni lögin verða endurvakin. Á meðan neyðarástand ríkir geta stjórnvöld meðal annars sett útgöngubann og takmarkað umferð og samgöngur í landinu. - sv

Voðaverk í Danmörku:

# Var skotinn til bana í Horsens

**DANMÖRK** Karlmaður, 27 ára, var skotinn til bana á götu í Horsens í gær. Maðurinn, sem var búsettur í sjábrænum Vejle, fannst á götunni skömmu fyrir hádegi og var úrskurðaður látinn við komu á sjúkrahús.

Lögreglan á Jótlandi staðfesti í yfirlýsingu til fjölmiðla að skoti hafi vissulega verið hleypt af, en hún vildi ekki tjá sig um hvort einhver væri grunaður um verknaðinn. Lögreglan hafði girt vettvanginn af og var enn við rannsóknir í gærkvöldi. - þj

Stækka við sig í Þýskalandi:

# Promens kaupir Marwin Plastics

**VIÐSKIPTI** Promens hefur keypt þýska fyrirtækið Marwin Plastic, sem sérhæfir sig í framleiðslu á plastumbúðum. Promens er með svipaða starfsemi í Winsen í Þýskalandi.



**RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR**

Marwin Plastics var stofnað árið 1962 og er með verksmiðju í Hamborg. Plastumbúðir fyrirtækisins eru fyrir ýmsar vörur, allt frá mat til hættulegra efna.

Haft var eftir Ragnhildi Geirsdóttur, forstjóra Promens, í netmiðlinum Plastic News í fyrradag, að starfsemi Marwin Plastics héldist óbreytt þrátt fyrir nýja eigendur. - jab

Lokað á Rúmeníu og Búlgaríu:

# Ekki tilbúin í Schengen-aðild

**SCHENGEN** Frakkar og Þjóðverjar vilja ekki að Rúmenía og Búlgaría fái aðild að Schengen-svæðinu næsta vor, þótt um það hafi verið samið.

**Í bréfi sem innanríkisráðherrar Þýskalands og Frakklands, þeir Thomas de Maiziere og Brice Hortefeux, sendu til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segja þeir það ekki tímabært að veita Búlgaríu og Rúmeníu aðild strax. Hvorugt ríkið hafi náð nægilega góðum árangri í baráttu sinni gegn spillingu og skipulagðri glæpastarfsemi.**

**Ekkert land getur fengið aðild að Schengen nema með einróma samþykki allra aðildarlandanna. Nú eiga 25 lönd aðild að Schengen, þar á meðal Ísland.** - gb


Hjálparstarf kirkjunnar

LÁTUM FRIÐARLJÓSIÐ LÝSA UPP AÐVENTUNA

FRIÐARLJÓSIN verða seld við eftirtalda kirkjugarða um jól og áramót.
Þau fást einnig víða í verslunum.

GUFUNESS- OG FOSSVOGSKIRKJUGARÐUR
23. des. kl. 13–17
24. des. kl. 10–17
31. des. kl. 13–17

KIRKJUGARÐURINN VIÐ SUÐURGÖTU
23. des. kl. 10–16
24. des. kl. 10–16

KIRKJUGARÐUR AKUREYRAR
24. des. kl. 10–17
31. des. kl. 13–17




Með því að kaupa FRIÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

PIPAR\TBWA - 102975


# Ráðuneytið stöðvar niðurlagningu náms

**Fráfarandi skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði vill leggja niður nám í útstillingum án fyrirvara í sparnaðarskyni. Vill styðja við hefðbundið iðnnám. Ráðuneyti segir skólann verða að útskrifa nemendur sem byrjaðir séu í náminu.**

**MENNTAMÁL** Skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði hefur ákveðið að leggja niður nám í útstillingum við skólann frá næstu áramótum. Menntamálaráðuneytið hefur kallað eftir upplýsingum um þessar fyrirvaralausu breytingar og mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sjá til þess að þær nái ekki fram að ganga.

„Skólinn stendur eins og aðrir skólar frammi fyrir niðurskurði," segir Björn Ingi Sveinsson, formaður skólanefndar Iðnskólans í Hafnarfirði.

Nám í útstillingum var áður í sérstakri deild í skólanum, en síðan hún var lögð niður fellur það undir listnámsbraut skólans. Björn Ingi segir stjórnendur skólans ákveðna í því að standa vörð um hefðbundið iðnnám, og þá liggi beinast við, þegar skera þurfi niður, að hætta kennslu í greinum sem teljist vera á jaðri skólastarfsins.

Auk þess að leggja niður nám í útstillingum segir Björn Ingi að nám í steinaslípun verði lagt niður. Þar er um stakan áfanga að ræða sem ekki hefur verið kenndur undanfarið ár vegna veikinda kennara. Þeim kennara hefur nú verið sagt upp, sem og þeim kennara sem kennt hefur útstillingar.

Fréttablaðið sagði frá langvinnum deilum Jóhannesar Einarssonar, fráfarandi skólameistara, og tveggja kennara við skólann í september síðastliðnum. Öðrum þeirra hefur nú verið sagt upp. Margrét Ingólfsdóttir, kennari í útstillingum, hefur ítrekað gagnrýnt starfsaðferðir skólameistarans og óskað eftir stjórnsýsluúttekt á störfum hans.

Björn Ingi segir það tilviljun að sparnaðaraðgerðir sem gripið sé til rúmri viku áður en skólameistarinn lætur af störfum hafi í för með sér uppsögn Margrétar.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu sem skrifuð var eftir umfjöllun blaðsins um deilurnar, kallaði Björn Ingi eftir því að Margrét og samstarfskona hennar hættu störfum við skólann.

Haft var samband við Jóhannes við vinnslu fréttarinnar en hann kaus að tjá sig ekki við blaðamann. Jóhannes mun láta af störfum fyrir aldurs sakir um áramót. Menntamálaráðherra mun skipa nýjan skólameistara milli jóla og nýárs. brjann@frettabladid.is



**DEILUR** Langvinnar deilur hafa verið innan Iðnskólans í Hafnarfirði. Einum þeirra kennara sem hvað mest hefur gagnrýnt skólameistarann hefur nú verið sagt upp og nám sem hann hefur stýrt lagt niður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ekki hægt að leggja niður fyrirvaralaust



**FRÉTTABLAÐIÐ 10. SEPTEMBER 2010** Sagt var frá langvinnum deilum skólameistara við kennara við Iðnskólann í Hafnarfirði í Fréttablaðinu nýverið. Þar gagnrýndu núverandi og fyrrverandi kennarar menntamálaráðuneytið fyrir að bregðast ekki við ófremdarástandi í skólanum.

Á annan tug nemenda stunda nú nám í útstillingum við Iðnskólann í Hafnarfirði, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Björn Ingi Sveinsson, formaður skólanefndar skólans, segir að þeir nemendur fái tækifæri til að skipta um námsgreinar og ljúka námi frá skólanum.

Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir að mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafi ekki verið tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar hjá Iðnskólanum í Hafnarfirði. Ráðuneytið muni nú kalla eftir upplýsingum um málið frá skólanum.

„Það er alveg klárt að það er ekki hægt að leggja nám niður fyrirvaralaust," segir Elías. „Það þarf að gefa þeim nemendum sem eru byrjaðir í náminu kost á því að útskrifast."

Nemar teknir inn í Lögregluskólann en laun meðan á námi stendur felld niður:

# Háðir því að þingmenn breyti lögum

**MENNTAMÁL** Áformað er að 20 nemendur hefji nám í Lögregluskóla ríkisins í byrjun febrúar. Til að svo megi verða þarf Alþingi að samþykkja frumvarp um breytingar á náminu eftir að þingmenn koma úr jólafríi um miðjan janúar, segir Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskólans.

Áður en þingmenn fóru í jólafrí var lagt fram frumvarp um breytingu á lögreglulögum. Þar er lagt til að Lögregluskólinn hætti að borga nemum laun á síðasta hluta námsins. Arnar segir samþykkt þessa frumvarps forsendu þess að skólinn taki við nemendum.

Hingað til hafa lögreglunemar setið eina önn í skólanum launalaust, og farið að því loknu í starfsnám þar sem þeir hafa fengið laun hjá því embætti sem þeir hafa starfað við. Að lokum hafa þeir setið aðra önn í skólanum og fengið laun frá skólanum á meðan.



**Í SKÓLA** Lögreglumenn þurfa að vera við öllu búnir, hér eru nemar úr Lögregluskólanum á sjóæfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verði frumvarpið, sem lagt er fram af fulltrúum allra flokka nema Hreyfingarinnar, að lögum breytist þetta fyrirkomulag. Lögregluskólinn mun þá greiða laun nemanna meðan á starfsnámi stendur, en þeir verða ólaunaðir í bóknáminu.

Þetta mun hafa í för með sér hagræði þar sem nú verður tryggt að nemar geta fengið starfsnám þó að lögregluembættin hafi ekki efni á að ráða sumarmenn til starfa, segir Arnar. Bóknámið verði nú að fullu lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. - bj




Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!






# Þurfa ekki lengur að ljúga í hernum

**Samkynhneigðir Bandaríkjamenn þurfa ekki lengur að ljúga til um kynhneigð sína til að mega gegna herþjónustu. Yfirstjórn Bandaríkjahers ætlar þó að gefa sér góðan tíma til að undirbúa framkvæmd laganna, sem Obama hefur undirritað.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti efndi eitt af kosningaloforðum sínum í gær þegar hann undirritaði lög sem afnema bann við því að samkynhneigðir hermenn í Bandaríkjaher tjái sig opinskátt um kynhneigð sína.

„Þessi dagur er kominn,“ hrópaði Mike Almy og fór ekki dult með ánægju sína. Hann var majór í flughernum þar til fyrir fjórum árum, þegar hann var rekinn eftir að upp komst um kynhneigð hans. „Nú þarf ekki lengur að lifa í lyginni.“ Yfirmenn varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna vara þó við því að menn fagni of snemma. Enn á yfirstjórn hersins eftir að setja reglur um framkvæmd nýju laganna, auk þess sem hún þarf að staðfesta að breyttu reglurnar hafi engin áhrif á getu hersins þegar á reynir.

Meðal annars segir varnarmálaráðuneytið nauðsynlegt að huga að kostnaði við fræðslu um samkynhneigð, sem veita þurfi hermönnum, auk þess sem skipuleggja þurfi hvernig taka eigi á samkynhneigð þegar svefnplássi í herskálum er úthlutað.

Þótt það ferli geti allt saman tekið fleiri mánuði, enda hefur yfirstjórn hersins ekkert verið að flýta sér í þessu máli, þá marka nýju lögin engu að síður tímamót í sögu samkynhneigðra í Bandaríkjunum.

Frá því að Bill Clinton var forseti hefur samkynhneigðum verið leyft að gegna herþjónustu, en þó því aðeins að þeir segi engum frá kynhneigð sinni. Á móti fengu þeir tryggingu fyrir því að yfirmenn í hernum myndu ekki spyrja þá um kynhneigðina.

Þetta átti að vera málamiðlun milli Clintons og yfirstjórnar hersins, sem var treg í taumi til að leyfa breytingar. Þessi málamiðlun var frá fyrsta degi þyrnir í augum samkynhneigðra enda viðhélt hún í reynd banni við samkynhneigð í hernum.



**UNDIRRITUN LAGANNA** Barack Obama undirritar lögin að viðstöddum leiðtogum demókrata á þingi, þeim Nancy Pelosi og Harry Reed. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Nú þarf ekki lengur að lifa í lyginni.
>
> **MIKE ALMY**
> FYRRVERANDI MAJÓR Í FLUGHER BANDARÍKJANNA

Barack Obama getur líka fagnað því að hafa náð þessu máli fram á síðustu dögum þingsins þetta árið. Strax eftir áramót kemur saman nýtt þing, sem kosið var í nóvember síðastliðnum, og þá missa demókratar meirihluta sinn í fulltrúadeild.

Allt bendir til þess að honum muni á allra næstu dögum einnig takast að fá þingið til að samþykkja nýjan samning við Rússland um fækkun kjarnorkuvopna. **- gb**



**Ellingsen**

– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

**Opið:**
Fimmtudagur 23. des. 10–22
Aðfangadagur 24. des. 10–12

# DEVOLD
## UNDIRFATNAÐUR
### – GEFÐU HLÝLEGA JÓLAGJÖF!



Tveggja laga ullarundirfatnaðurinn sem andar vel og flytur raka frá líkamanum þar sem hann gufar svo upp. Fötin eru mjög mjúk og þægileg og henta vel fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir ullarfatnaði.

DEVOLD ACTIVE nærbolur.
**Verð 4.990 kr.**

DEVOLD ACTIVE síðar ullarbuxur.
**Verð 4.990 kr.**

DEVOLD EXPEDITION nærbolur.
**Verð 9.990 kr.**

DEVOLD EXPEDITION síðar ullarbuxur.
**Verð 9.490 kr.**

DEVOLD MULTI SPORT nærbolur.
**Verð 9.490 kr.**

DEVOLD MULTI SPORT síðar ullarbuxur.
**Verð 8.490 kr.**

DEVOLD ACTIVE strokkur.
**Verð 3.490 kr.**

DEVOLD ACTIVE nærbolur.
**Verð 4.990 kr.**

HAFJELL JR sokkar. Hlýir og góðir. 2 pör í pakka.
**Verð 1.990 kr.**

PIPAR\TBWA · SÍA






**FRÉTTASKÝRING:** Hver var þessi Þorlákur og af hverju borðar fólk skötu í dag?

# „Lagði mikla stund á að elska fátæka menn“

**Í dag er messudagur Þorláks helga Þórhallssonar, verndardýrlings Íslands að kaþólskum sið. Þorlákur lést 23. desember 1193.**

Þorlákur fæddist á Hlíðarenda í Fljótshlíð 1133. Hann lærði fyrst hjá Eyjólfi Sæmundssyni fróða í Odda og varð djákni hjá Magnúsi biskupi Einarssyni í Skálholti aðeins fimmtán ára. Ungur var hann vígður til prests og þurfti að fá undanþágu til vígslunnar þar sem lágmarksaldur presta var 25 ár. Kom þar bæði til að Þorlákur þótti hæfur mjög og ágætlega lærður auk þess sem fátt var um prestsefni á Suðurlandi á þeim tíma.

### Bónorðið ekki borið upp

Þorlákur stundaði prestskap í nokkur misseri en hélt til náms í Englandi og Frakklandi á árabilinu 1155-1160, að því að talið er.

Eftir heimkomuna eggjuðu frændur hans hann að biðja sér virðulegrar ekkju, sem bjó í Háfi í Rangárþingi. Þorlákur hélt þangað en áður en bónorðið var upp borið birtist honum í draumi maður sem mælti: „Veit eg, að þú ætlar þér hér konu að biðja, en þú skalt það mál eigi upp láta koma, af því að það mun eigi ráðið verða, og er þér önnur brúður miklu æðri huguð, og skaltu engrar annarrar fá.“ Þorlákur bað ekki ekkjunnar né annarrar konu um ævina.

### Lækningamáttur

Þorlákur var í sex vetur prestur í Kirkjubæ á Síðu en tók árið 1168 þátt í að stofna Þykkvabæjarklaustur í Álftaveri. Var hann þar príor í fyrstu en síðar ábóti.

Hermt er að eftir blessun Þorláks og yfirsöngva hafi fólk orðið heilbrigt og búfé læknaðist af vatnsvígslum hans.

### Biskup

1174 var Þorlákur kjörinn biskup á Alþingi. Var hann vígður fjórum árum síðar í Niðarósi.

Þorlákur var fylginn sér í embætti, hann vildi efla kirkjuvald og deildi um það við veraldlega höfðingja. Hann gekk ríkt eftir siðferðismálum og reyndi að bæta siðu bæði presta og almennings. Þá bannaði kirkjan í hans biskupstíð að goðorðsmenn fengju prestvígslu. (Goðorð var stjórnsýslueining og goðorðsmenn sátu á Alþingi auk þess að fara með framkvæmdar- og dómsvald).



KRISTSKIRKJA Þorlákur helgi er verndari kirkju kaþólskra í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




### Dýrlingur

Í Þorláks sögu hinni elstu er sagt frá daglegum háttum Þorláks. Var hann vanafastur mjög og söng til dæmis sömu sálmana við daglegar athafnir eins og að klæðast og afklæðast.

Þorlákur lést 23. desember 1193 eftir þriggja mánaða veikindi. Hann var tekinn í dýrlingatölu á Íslandi og áheit á hann leyfð árið 1198. Messudagar hans eru tveir: dánardagurinn og 20. júlí.

Heilagur Þorlákur þótti vera dýrlingur alls almennings og bera hag snauðra fyrir brjósti ekki síður en efnaðra. Hann „lagði mikla stund á að elska fátæka menn. Klæddi hann kalna en fæddi hugraða…,“ var um hann sagt.

Jóhannes Páll páfi II. útnefndi Þorlák verndardýrling Íslands árið 1984 og er hann verndari Kristskirkju í Reykjavík. Í kaþólskum sið voru yfir 50 kirkjur helgaðar honum á Íslandi.

Þorlákshöfn er að líkindum við hann kennd.

*Samantekt af umfjöllun um Þorlák helga á Wikipediu. Helstu heimildir þar eru Þorláks saga hin yngri og Þorláks saga hin elsta.*

## Sem mestur munur á föstumat og jólakræsingum

Kristjana Hrund Bárðardóttir og Guðmundur Daðason báðu Vísindavefinn um að svara hvers vegna skata er borðuð á Þorláksmessu. Árni Björnsson svaraði.

Í kaþólskum sið var fasta fyrir jólin og átti þá ekki að borða mikið góðgæti og einna síst á Þorláksmessu. Það átti að vera sem mestur munur á föstumat og jólakræsingum, auk þess sem ekki þótti við hæfi að borða kjöt á dánardegi heilags Þorláks. Þessir matsiðir héldust í stórum dráttum þótt hætt væri að tilbiðja Þorlák sem dýrling. Þó var fólki stundum leyft að bragða aðeins á jólahangikjötinu ef það var soðið á Þorláksmessu.

Aðalreglan var samt sú að borða lélegt fiskmeti á þessum degi, en misjafnt var hvað hentaði best á hverjum stað. Á Suðurlandi var sumstaðar soðinn horaðasti harðfiskurinn og frá Vopnafirði er þessi vísa til marks um mataræðið:

*Á Þorláksdag í matinn minn*
*morkinn fékk ég hákarlinn*
*harðan fiskinn hálfbarinn*
*og hákarlsgrútarbræðinginn.*

Um þetta leyti árs veiddist skata einkum á Vestfjarðamiðum. Hún þótti enginn herramannsmatur ótilhöfð og var því algengur Þorláksmessumatur á þeim slóðum. Í aldanna rás tókst Vestfirðingum á hinn bóginn að tilreiða úr skötunni mikið ljúfmeti eins og skötustöppuna, og mörgum þótti það óbrigðult merki þess að jólin væru í nánd þegar lykt tók að berast af skötustöppu.

Eftir því sem leið á 20. öld flykktist fólk úr öllum byggðarlögum á suðvesturhorn landsins, Vestfirðingar ekki síður en aðrir. Þeir söknuðu Þorláksmessuskötunnar og margir reyndu að útvega sér hana úr heimahögum. Smám saman smitaði þessi venja þeirra út frá sér og eftir miðja öldina fóru margar fiskbúðir á höfuðborgarsvæðinu að hafa skötu á boðstólum í desember. Fyrir um aldarfjórðungi fóru svo nokkur veitingahús að bjóða til skötuveislu á Þorláksmessu og þar með varð þetta tíska.

Þorláksmessuskata er með öðrum orðum ævagömul á Vestfjörðum en ekki nema nokkurra áratuga gömul á Reykjavíkursvæðinu.

Alþekkt er í heiminum að matréttir sem upphaflega urðu til vegna fátæktar eða skorts á framboði þykja seinna lostæti. Ástæðan er oft það nostur sem hafa þurfti við matreiðsluna til að gera hráefnið gómsætt. Þetta á til dæmis við um ýmsa franska skelfisks- og sniglarétti. Fyrir utan sköturna má á Íslandi nefna laufabrauðið sem þurfti að vera örþunnt vegna mjölskorts á 17. og 18. öld, og rjúpuna sem upphaflega var jólamatur þeirra sem ekki höfðu efni á að slátra kind.

**Heimild: Vísindavefurinn**




# HÁTÍÐ Í BÆ

Njóttu alls þess besta um hátíðarnar og bjóddu upp á

nýja og girnilega **hátíðarskyrtertu frá Mjólku**.

MJÓLKA

www.mjolka.is

HÉR FÁST ÞREFALDIR VILDARPUNKTAR TIL JÓLA

# Ferskt með flugi!

# Gleðileg



Bláber

Blæjuber

Trönuber

Jarðarber

Rifsber

Hindber

Brómber

Kirsuber



**Ferskur kalkúnn**
*heill*

## Skreyttu eftirréttadiskinn með litlli sneið!



Trétómatur | Ástríðualdin | Dreka ávöxtur | Guave | Granatepli

Dvergappelsínur | Stjörnuávöxtur | Ferskar fíkjur | Ígulber | Broddmelóna

O
allan sól
í Skei
Gar



ELDAÐ MEÐ JÓA FEL
**2.995** kr/stk



KALKÚNA FYLLING
**998** kr/pk

JÓI FEL OSTATERTA
**1.199** kr/pk



SMÁKÖKUR MEÐ EXTRA SÚKKULAÐI

SMÁKÖKUR MEÐ HÖFRUM OG RÚSÍNUM

SMÁKÖKUR MEÐ HUNANGI OG MÚSLÍ

SMÁKÖKUR MEÐ HVÍTU SÚKKULAÐI

**599** kr/pk



NÓA KONFEKT 1 KG
**2.489** kr/pk

QUALITY STREET 2 KG
**2.789** kr/stk

Gildir á meðan birgðir endast.

# Jól



# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

SALT MINNI




Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

## *Alvöru sósur*

*lagaðar frá grunni*




Rjóma sveppasósa | Rauðvínssósa | Piparsósa | Púrtvínssósa

PIÐ

larhringinn

funni og

rðabæ

## *Villibráð í úrvali!*







## *Frábærir forréttir*

*á hátíðarborðið*



PARMASKINKA 200G
**1.398** kr/stk




LÉTTIR RÉTTIR
**1.999** kr/stk

## *Franskar andabringur*

*tilvaldar í hátíðarmatinn*



FRANSKAR ANDABRINGUR
**3.148** kr/kg



FABRIKKU SKYRTERTA
**1.499** kr/stk




PARFAIT ÍSBLANDA
**899** kr/stk


HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# neytendur
hagur heimilanna

**78.029** **KRÓNUR** er sú upphæð sem meðalheimili eyddi í sykur, súkkulaði og annað sælgæti á síðasta ári samkvæmt vef Hagstofu Íslands.

■ Öryggismál

## Hættuleg bönd fyrir börn



Neytendastofu hafa borist ábendingar undanfarið um bönd sem eru hættuleg börnum. Annars vegar er um að ræða bönd á blöðrum, en ábending barst um barn sem var hætt komið vegna þess blaðra hafði verið bundin við rúm þess og barnið náði að vefja bandið utan um hálsinn á sér. Á blöðrum sem seldar eru á skemmtunum og hátíðum er stundum áföst snúra sem er sterk og erfitt að slíta. Oft eru böndin fest við úlnliði barna eða kerrur og getur það gerst að börnin vefji þeim um hálsinn á sér. Neytendastofa bendir foreldrum og forráðamönnum barna á að blöðrur ætti alls ekki binda við vöggu, rúm eða handleggi barna eða þar sem börn eru að leik án eftirlits. Hin tegund varasamra banda eru svokallaðar snuðkeðjur, en Neytendastofu hefur borist ábending frá eftirlitsstofnun í Danmörku sem lét prófa 28 snuðkeðjur þar sem einungis ein tegund uppfyllti öryggiskröfur. Helsta ástæðan fyrir því að snuðkeðjur uppfylltu ekki allar kröfur var sú að bandið var of langt og því hætta á að barnið vefji því um hálsinn á sér og getur það valdið köfnunarhættu.

■ Ferðalög

## Fæstar skemmdir á farangri bættar



Flugfélög bæta aðeins fyrir sumar skemmdir sem verða á innrituðum ferðatöskum og farangri. Icelandair axlar ekki ábyrgð á minni háttar skurðum, rispum eða dældum. Né á hlutum sem standa út úr ferðatöskum eins og útdraganlegum handföngum, hjólum, ólum og töskukerrum. Einungis er tekin ábyrgð á því ef töskurnar sjálfar skemmast; brotna eða rifna, og þá við óvarlega meðferð starfsfólks. Flugfélagið tekur enga ábyrgð á verðmætum hlutum í innrituðum farangri. Ef farþegi flugfélaga tekur eftir skemmdum á ferðatösku sinni skal hann þó fara á þjónustuborð og fylla út tjónaskýrslu eða hringja í þjónustueftirlitið á milli klukkan 14.00 og 16.00 virka daga í síma 505 0676.

■ Verðkönnun

## Allt að 122 prósenta verðmunur á hrygg



Allt að 122 prósenta verðmunur var á hamborgarahrygg með beini þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í sjö lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum í Reykjavík og Akureyri á mánudaginn síðastliðinn. Kannað var verð á 46 algengum matvörum sem eru til í eldhúsum landsmanna yfir hátíðarnar.

Bónus var oftast með lægsta verðið í 27 tilvikum af 46 en í 15 tilfellum var um eða undir 2 krónu verðmunur á Bónus og Krónunni. Nóatún var með hæsta verðið í 19 tilvikum, en Samkaup-Úrval var næst oftast með hæsta verðið í 15 tilvikum.


**Fagfjárfestasjóðurinn LFEST1 Borgartún, kt. 610510-9810, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. Rekstraraðili útgefanda er Stefnir hf.**

Skuldabréfin eru að nafnvirði 2.830.000.000 kr. og voru gefin út 29. júní 2010. Auðkenni flokksins í NASDAQ OMX Iceland hf. verður LFEST1 10 1. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. þann 27. desember 2010.

Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 363,8 í júní 2010 og bera 4,70% vexti. Höfuðstóll skuldarinnar og vextir greiðast með 136 jöfnum greiðslum (annuity) í fyrsta sinn 20. september. 2010 og á þriggja mánaða fresti þar á eftir. Vextir greiðast fjórum sinnum á ári á sömu dögum og afborganir, 20. mars, 20. júní, 20. september og 20. desember. Fyrst 20. september 2010 og síðast þann 20. júní 2044. Útgefanda er heimilt að greiða skuldina upp hraðar eða að fullu frá og með 20. júní 2015 til 20. mars 2020 á gjalddögum útgáfunnar. Útgefandi skal greiða sérstakt uppgreiðslugjald sem nemur 1,5% af uppreiknaðri fjárhæð þeirrar afborgunar, sem greidd er umfram hina samningsbundnu afborgun á viðkomandi gjalddaga. Frá og með 20. júní 2020 hefur útgefandi heimild til uppgreiðslu án greiðslu uppgreiðslugjalds.

Lýsinguna er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 19, 105 Reykjavík í eitt ár frá birtingu hennar. Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta er Lögfræðisvið Arion banka hf.

Reykjavík, 23. desember 2010

STEFNIR Arion banki




URÐUNARSTAÐUR Á ÁLFSNESI Heimilissorp íbúa á höfuðborgarsvæðinu hefur minnkað um 20 prósent á síðustu árum, samkvæmt umhverfissviði Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tvenns konar tunnur verða við hvert hús

**Ýmsar breytingar verða gerðar í sorphirðu í höfuðborginni á komandi árum. Tvenns konar tunnur verða við hvert heimili og þær verða tæmdar á tíu daga fresti í stað sjö.**

Borgarráð hefur samþykkt breytingartillögur á sorphirðu í Reykjavík í hagræðingarskyni og til samræmis við stefnu borgarinnar um að draga úr úrgangi og auka flokkun til endurvinnslu úrgangs.

Meðal breytinga er að á næsta ári verður hafin söfnun á flokkuðu sorpi við heimili í Reykjavík og verða tvenns konar tunnur settar við hvert heimili. Það eru ílát fyrir sorp til endurvinnslu auk núverandi íláts fyrir blandað heimilissorp.

Strangari lengdartakmarkanir frá sorpbíl til öskutunnu verða settar, þá að hámarki 15 metrar. Áætlað er að um helmingur vinnutíma starfsmanna við sorphirðu í Reykjavík fari í það að ganga inn á lóðir íbúa. Nú eru sorpílát víða tugi metra inni á lóðum og sums staðar bak við húsin. Telur borgarráð það valda töluverðum töfum á sorphirðu og því eru breytingarnar gerðar.

Magn heimilissorps í Reykjavík hefur minnkað um 20 prósent á síðustu árum og því telur borgarráð að breytingarnar muni hafa óveruleg áhrif á íbúa. Með breytingunum er einnig verið að samræma höfuðborgarsvæðið við sorphirðutíðni í nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem tíu daga millibil er algengasti biðtíminn.

sunna@frettabladid.is

### Væntanlegar breytingar á sorphirðu í Reykjavík



**Frá og með 1. janúar, 2011**
Heimilissorp verður sótt á 10 daga fresti í stað 7 daga fresti.

**Frá og með 1. apríl, 2011**
Sorpílát verða sótt að hámarki 15 metra frá sorpbíl. Hægt er að kaupa viðbótarþjónustu fyrir 4.800 krónur á ári ef sækja þarf ílát lengra en 15 metra. Annar möguleiki er að færa sorpílátin á losunardögum eða flytja tunnurnar þar sem það er hægt.

**Mitt ár 2011**
Söfnun á sorpi til endurvinnslu hefst. Reykjavikurborg mun bæta við endurvinnslutunnum við hvert heimili í áföngum og er áætlað að því ljúki árið 2012. Sorphirðugjöld munu ekki hækka. Síðar meir mun Reykjavíkurborg kynna hvaða úrgangsflokka skuli setja í hvora tunnu fyrir sig.

**Árið 2013**
Áætlanir eru um að hafin verði söfnun og vinnsla á lífrænum eldhúsúrgangi árið 2013. Sú söfnun kallar ekki á viðbótartunnu heldur verður sérstakt ílát hengt inn í sorpílátið.

**Neytandinn:** Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri

# Orgel bestu kaupin



Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmaður segist ekki í vafa um hver séu hans bestu kaup. „Það var orgel sem ég keypti á sínum tíma og skrifaði til þess undir fyrstu víxlana á lífsleiðinni. Á því varð til dæmis til alveg stórbrotið orgelverk sem ég sendi inn í samkeppni norrænna ungtónskálda.“

Friðrik segir þennan kostagrip enn vera til og hann taki enn í það þó að það hafi verið minna um slíkt í seinni tíð.

„Verstu kaupin eru svo hlutabréf í spænsku símafyrirtæki. Það endaði með því að allir stjórnendur voru handteknir og settir í 40 ára fangelsi fyrir glæpastarfsemi.“

Friðrik sagði að þegar illa gekk hjá framleiðslufyrirtækinu Hugrenningi hafi þeir farið út í að tippa á fótbolta, en 20 árum síðar hafi Íslenska kvikmyndasamsteypan leitað á hlutabréfamarkaðinn í sama tilgangi. „Markaðurinn var reyndar mjög góður á þeim tíma. Það var verið að gefa símamarkaðinn frjálsan þannig að þarna var hagnaðarvon. Svo reyndust þetta bara vera glæpamenn.“

# Þorláksmessa í Miðborginni okkar












Jólasveinninn
Ketkrókur mætir
í Jólabæinn með
söngva um mat.
Kl. 16:00



Bjarni Töframaður
bregður á leik
kl. 17:45 í Jólabænum








Farand-trúbadorinn Svavar Knútur





Heitt kakó
víðsvegar um
miðborgina
á vegum Rauða
krossins

**Stúlknakórinn Jólasystur**
syngur jólalög á Ingólfstorgi,
Lækjartorgi, Bankastræti,
Laugavegi og Skólavörðustíg
kl. 16:00 - 18:00





*Cantabile, Vox Feminae og
Stúlknakór Reykjavíkur syngja
saman á Ingólfstorgi, Lækjartorgi,
Bankastræti, Jólabænum, Kjörgarði og
víðar á Laugavegi og Skólavörðustíg.*

BORGUN

## Dagskráin í miðborginni

**Kl. 14:00** Jólasveinar leggja leið sína gegnum miðbæinn, syngjandi í átt að Jólabænum.

**Kl. 14:00 - 16:00** Ástvaldur Traustason harmonikkuleikari leikur á Skólavörðustíg 16.

**Kl. 16:00 -18:00** Stúlknakórinn Jólasystur syngur jólalög á Ingólfstorgi, Lækjartorgi, Bankastræti, Laugavegi og Skólavörðustíg.

**Kl. 16:10 - 17:10** Farand-trúbadorinn Svavar Knútur flytur frumsamin lög í bland við eldri söngva.

**Kl. 16:15** Þrír kórar Margrétar Pálmadóttur söngstjóra syngja saman **frá kl.16:15 - 18:30** á Ingólfstorgi, Lækjartorgi, Bankastræti, Jólabænum, Kjörgarði og víðar á Laugavegi og Skólavörðustíg. Þetta eru kórarnir Cantabile, Stúlknakór Reykjavíkur og Vox Feminae.

**Kl. 17:00** Beatur og 3 Raddir leggja í söngför frá Hlemmi og niðrúr.



Jólasveinar stýra fjöldasöng og
dansi kringum jólatréð á
Hjartatorgi í Jólabæ kl. 22:00




## Dagskráin í Jólabænum

**Kl. 16:00** Jólasveinninn Ketkrókur mætir í Jólabæinn með söngva um mat.

**Kl. 16:15** Grýla og Randur hitta fyrir jólasveina í Jólabænum og leita óþekkra barna.

**Kl. 17:00** Kórarnir Cantabile, Stúlknakór Reykjavíkur og Vox Feminae undir stjórn Margrétar Pálmadóttur.

**Kl. 17:30** Trúbadorinn frábæri, Svavar Knútur, flytur ný og eldri lög.

**Kl. 17:45** Bjarni Töframaður bregður á leik.

**Kl. 18:00** Jólasystur flytja gömlu góðu jólalögin.

**Kl. 20:00** Hljómsveitin Retro Stefson stígur á svið í Jólabænum kl. 20:00, og áritar síðan plötur.

**Kl. 21:00** Stórtenórarnir þrír, Jóhann Friðgeir, Garðar Thor og Gissur Páll syngja inn jólin við undirleik Jónasar Þóris.

**Kl. 22:00** Jólasveinar stýra fjöldasöng og dansi kringum jólatréð á Hjartatorgi.

**Kl. 22:30** Beatur og 3 Raddir djassa upp jólin.

*Dagskrá lýkur kl. 23:00 en þá er
jafnframt lokunartími flestra verslana
miðborgarinnar og Jólabæjarins
á Hljómalindarreit.*

## Miborgar -Gjafakortið

**Nánari upplýsingar á www.midborgin.is**



Jólagjöfin í ár!

*Fáanlegt í öllum
bókaverslunum miðborgarinnar!*

MIÐBORGIN OKKAR

**VIÐTAL:** Kristinn Sigmundsson söngvari



**KRISTINN SIGMUNDSSON** Það venst aldrei alveg að vera á faraldsfæti allan veturinn, segir Kristinn sem tekur sumrin frá fyrir Ísland, og jólin sömuleiðis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Réttur maður á réttum stað

**Ég verð að koma heim um jólin, segir Kristinn Sigmundsson söngvari sem stærstan hluta vetrarins býr og starfar erlendis. Íslendingar njóta góðs af því í ár því Kristinn og Mótettukórinn halda tónleika saman í næstu viku þar sem jólalögin hljóma.**

Kaupmannahöfn, Flórens og Los Angeles hafa undanfarna mánuði verið dvalarstaðir Kristins Sigmundssonar, hins ástæla bassasöngvara. Eins og undanfarin sextán ár pakkaði hann niður í ferðatösku í byrjun hausts, þegar óperuvertíðin hófst og eins og undanfarin ár er það ekki fyrr en í sumarbyrjun sem hann sér fram á að dveljast í lengri tíma á Íslandi.

„Ég er samt heppinn í ár, ég kom snemma og verð hér fram í janúar, stundum hef ég þurft að fara utan milli jóla og nýárs," segir Kristinn sem ætlar að nota tímann vel í jólafríinu. Milli jóla og nýárs verða tónleikar hans og Mótettukórs Hallgrímskirkju, þar sem meðal annars verða rifjuð upp jólalög sem Kristinn og kórinn sungu saman á jólaplötunni Ég held glaður jól sem kom út árið 1985. „Það er virkilega gaman að fá að syngja jólalögin aftur með kórnum, við höfum ekki gert það síðan platan kom út, þó að við höfum sungið saman á tónleikum síðan," segir Kristinn sem heldur til Berlínar á nýju ári til að syngja í Tristan og Ísold. Áður hyggst hann þó taka upp tónlist með Guðnýju Einarsdóttur organista, verk eftir Mussorgskíj sem hún hefur umskrifað fyrir orgel. „Þetta er spennandi verkefni, ég mun meðal annars syngja ljóðaflokkinn Söngvar og dansar dauðans sem mig hefur alltaf langað til að syngja," segir Kristinn sem hefur getið sér gott orð fyrir ljóðasöng í gegnum tíðina. „Ef ég gæti unnið fyrir mér og haft sömu tekjur þá myndi ég frekar kjósa ljóðasönginn en óperurnar," játar hann fyrir blaðamanni. „Þar ræð ég meiru en í óperunni þar sem maður er alltaf lítið tannhjól í vél."

### Skemmtilegasta bassahlutverkið

Árið 2010 hefur verið gott hjá Kristni, hlutverk hans sem baróninn Ochs í Rósariddaranum eftir Richard Strauss sem hann söng í Metropolitan-óperunni í New York í upphafi árs er eitt af hans uppáhaldshlutverkum á ferlinum. „Þetta er eitt stærsta og flóknasta hlutverk sem hefur verið samið fyrir bassa og það er mjög skemmtilegt, þetta er kómískt hlutverk, hann er hálfgerður vitleysingur," segir Kristinn. „Svo var sýningin sýnd beint í kvikmyndahúsum um allan heim, reyndar í 47 löndum og var afar vel sótt. Mér er sagt að Metropolitan hafi meiri tekjur af þessum beinu útsendingum en sýningunum sjálfum."

Kristinn talar hér af reynslu. Hann hefur lifað af óperusöngnum síðan á níunda áratugnum og sungið í ótal uppfærslum í Evrópu og Bandaríkjunum. Kristinn sá þó ekki fyrir sér líf á faraldsfæti þegar hann hóf nám í söng. „Ég stefndi að því að gera sönginn að lifibrauði, en alveg eins á Íslandi og í útlöndum. Og þegar ég var að læra til dæmis í Vín þá datt mér ekki í hug að sá draumur að syngja í Vínaróperunni myndi rætast. Á þessum ferli mínum hefur allt gengið hægt og sígandi, þannig að þegar ég söng í Vínaróperunni í fyrsta sinn, þá kom það bara í framhaldi af því sem hafði gerst áður og var ekkert gríðarlegt stökk."

### Langt í vinnuna

Kristinn lærði fyrst söng hjá Guðmundi Jónssyni hér á landi en nam svo í Vínarborg. Hann var samningsbundinn í Wiesbaden í Þýskalandi í nokkur ár en flutti heim með fjölskyldunni, eiginkonunni Ásgerði Þórisdóttur og sonunum tveimur árið 1993. „Ég var farinn að syngja svo mikið úti um allt og vera svo mikið að heiman að það var í rauninni rökrétt að fjölskyldan flytti heim og hefði þá baklandið hér. En síðan 1993 má segja að það hafi verið lengra í vinnuna hjá mér en hjá flestum," segir Kristinn og bætir við að hann reyni að koma sér sæmilega fyrir á hverjum stað. „Ég helst nú ekki við á hóteli mikið lengur en viku og reyni frekar að vera í íbúð. Svo nota ég tímann vel, vinn mikið, er bæði með tónlist og bækur og stúdera gjarnan næstu hlutverk meðfram því sem ég er að undirbúa á staðnum. Ég reyni að gera heimilislegt hjá mér en maður venst þessu líferni nú aldrei alveg."

Stundum skýst Kristinn til Íslands yfir veturinn en hann dvelst hér einkum langdvölum yfir sumartímann. „Ég tek sumrin alltaf frá fyrir Ísland," segir Kristinn sem meðal annars notar þau vel til að sinna aðaláhugamálinu: „Ég er einn af þessum stangveiðivitleysingum, hef sinnt fluguveiðinni af áhuga í fimmtán til tuttugu ár. Konan mín er með í þessu áhugamáli, hún er mjög öflug. Hún hnýtir að vísu ekki," tekur Kristinn fram sem stundum tekur fluguveiðikittið með sér til útlanda og situr og hnýtir á kvöldin. „Ég er löngu orðinn forfallinn."

### Reynir að vera heima um jólin

Þrátt fyrir annir reynir Kristinn alltaf að koma heim yfir jólin. „Ég reyni alltaf að vera hér á jólunum og það hefur eiginlega alltaf tekist, ég hef stundum komið heim á Þorláksmessu og einu sinni á aðfangadag. Ég afþakkaði meira að segja einu sinni boð um að syngja í Metropolitan-óperunni til þess að geta verið hér," segir Kristinn og rifjar upp jól sem haldin voru annars staðar en á Íslandi. „Einu sinni var ég að syngja í La Bohème í óperunni í París og þá kom fjölskyldan út. Ég var meira að segja að syngja á aðfangadagskvöld. Frakkar halda jólin 25. desember þannig að það var hálfgerð Þorláksmessustemming þegar við gengum út af sýningunni, svo fórum við út að borða og vorum ekki komin heim fyrr en klukkan tvö. Þá opnuðum við pakkana."

Kristinn var einn vetur í námi í Washington í Bandaríkjunum og segir kennara sinn þar, John Bullock, hafa gert hann endanlega að sjálfstæðum söngvara. „Ég fór til hans fyrir milligöngu barítónsöngvara sem ég kynntist hér, Williams Parker, sem var einstakur maður og sterkur ljóðatúlkandi. Hann bauðst til að koma mér í samband við fyrrum kennara sinn, Bullock, sem má segja að hafi gjörbreytt mörgu hjá mér. Hann kenndi mér að túlka tilfinningu í texta og tónlist, sagði oft við mig: „Þú ert ekki bara að syngja falleg lög og tóna, þú ert að syngja eitthvað sem er svo tilfinningalega sterkt að það verður að brjótast út." Þessi aðferð hefur síðan haft áhrif á allt sem ég hef gert og nú er hún mér alveg eðlislæg. Ég tek aldrei texta án þess að hugsa hvernig skáldið hefði sagt hann og hvaða orð skipta meira máli en önnur, eru tilfinningabæru orðin í textanum. Ég reyni að vinna eins og leikari myndi vinna með texta," segir Kristinn. Þess má geta að John Bullock er faðir Söndru Bullock sem var að hasla sér völl sem leikari þegar Kristinn var í Bandaríkjunum.

### Vinnusemi skiptir höfuðmáli

Kristni vefst tunga um tönn þegar hann er spurður hverju hann þakki sinn frama:

„Ég hef verið heppinn, verið réttur maður á réttum stað. En svo er snýst árangur fyrst og fremst um vinnusemi og vera trúr sjálfum sér og viðfangsefninu. Það er í raun ekkert til sem heitir fullkomnun, það er alltaf hægt að gera betur. Ég reyni að keppa ekki við aðra söngvara, heldur einungis við sjálfan mig. Stundum er sagt að maður sé aldrei betri en síðustu tónleikar segja til um og ég hef lifað samkvæmt því. Maður verður alltaf að leggja sig allan fram, því það er bara síðasta sýning sem gildir."

**Sigríður Björg Tómasdóttir**
sigridur@frettabladid.is



## Ég held glaður jól

Árið 1985 var gefin út jólaplatan Ég held glaður jól með Kristni Sigmundssyni og Mótettukór Hallgrímskirkju. Platan hitti í mark hjá þjóðinni og varð metsöluplata. Nú 25 árum síðar rifja Kristinn og kórinn upp jólalögin á tónleikum í Hallgrímskirkju sem bera sama heiti og platan góða. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel og Hörður Áskelsson stjórnar kórnum á tónleikunum sem haldnir verða 29. og 30. desember.




Lucky Charms®
Cocoa Puffs
Eigðu bragðgóð jól með okkur
Cocoa Puffs
great chocolatey taste!
Lucky Charms

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## TÖKUM ÞAÐ TÍMANLEGA ÚR FROSTI *LAMBAKJÖTIÐ FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA*



1198 KR. KG

KS *FROSIÐ* LAMBALÆRI



2848 KR. KG

KS *FROSIÐ* LAMBAFILLET



1398 KR. KG

KS *FROSINN* LAMBAHRYGGUR

## ÍSLANDSGRÍS *FERSKT GRÍSAKJÖT*




898 KR. kg

25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ: 1198 KR.KG.

FERSKUR GRÍSAHRYGGUR




698 KR. kg

FERSKT GRÍSALÆRI




698 KR. kg

FERSK GRÍSARIFJASTEIK

## Vinsælasti hamborgarhryggurinn í Bónus: *frá Síld & Fisk*




BAYONNESKINKA 1.FL. ÚR LÆRI

**998 KR.KG.**




HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI

**1298 KR.KG.**




HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR

**1598 KR.KG.**




598 KR. KG

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR



1998 KR. kg

ÞÝSK KALKÚNABRINGA

## NORÐANFISKUR *Íslenskur lax*
## REYKTUR OG GRAFINN 1998 KR.KG










1498 KR. kg

KF REYKTUR LAMBAHRYGGUR

*25% AFSLÁTTUR* MERKT VERÐ 1998 KR.KG




BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
180g 10% & 18%
aðeins **139 kr.** dósin.




498 KR. 250ml

KÚ OSTUR **ÖÐLINGUR / LJÚFLINGUR** 250g




998 KR. KG

MÓA VEISLUKJÚKLINGUR *með fyllingu*

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gleðileg jól Gleðileg jól Gleðileg jól

# OPIÐ ÞORLÁKSMESSU

# 10:00-22:00

AÐFANGADAGUR 24.DES. **OPIÐ: 10:00-14:00**




KOFAREYKT HANGIKJÖT
NORÐLENSKT FRÁ **KJARNAFÆÐI**

KOFAREYKT ÚRBEINAÐ **HANGILÆRI** **2518** KR/KG
KOFAREYKT ÚRB. **FRAMPARTUR** **1798** KR/KG
KOFAREYKTUR **HANGIFRAMPARTUR M/BEINI** **998** KR/KG.
KOFAREYKT **HANGILÆRI M/BEINI** **1598** KR/KG.

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lítil ástæða er til að hafa áhyggjur af aðgangstakmörkunum og gjöldum í Háskóla Íslands.

# Tímabært aðhald

Háskóli Íslands þarf að grípa til verulegs niðurskurðar vegna minni fjárveitinga á næsta ári, eins og flestar aðrar ríkisstofnanir. Fækka þarf fólki, lækka starfshlutfall og grípa til fleiri sparnaðaraðgerða.

Fram hefur komið að háskólinn hyggist takmarka aðgang nemenda að skólanum, en slíkt er nú eingöngu gert í fáeinum námsgreinum, til dæmis í læknisfræði. Að óbreyttu stefnir í að á næsta ári verði 900 nemendur í skólanum án þess að þeim fylgi fjárveiting úr ríkissjóði. Þá hefur háskólaráð sótt um heimild til stjórnvalda um að fá að hækka skrásetningargjald nemenda í HÍ úr 45 þúsund krónum í 70 þúsund, en fyrri ósk um slíkt hefur verið synjað.

SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur boðað rektor HÍ á sinn fund vegna málsins og sagði í fréttum Ríkisútvarpsins í vikunni að aðgangstakmarkanir væru síðasta úrræðið sem grípa ætti til. „Við höfum lagt á það ríka áherzlu að Háskóli Íslands standi sem flestum opinn og þangað geti sem flestir sótt sér nám og menntun við hæfi.“

Áhyggjur menntamálaráðherra af aðgangstakmörkunum og hækkun gjalda í Háskóla Íslands eru sennilega óþarfar. Færa má rök fyrir því að báðar breytingar hefði átt að gera fyrir löngu, jafnvel á meðan betur áraði.

Háskóli Íslands hefur í rauninni verið of opinn og gert of litlar kröfur til stúdenta sem þar hljóta skólavist, með þeim afleiðingum að þar er of mikið af fólki sem nær ekki árangri í náminu og þiggur allt of mikla dýra kennslu á kostnað skattgreiðenda áður en til útskriftar kemur, eða útskrifast bara alls ekki. Ef aðgangstakmarkanir, til dæmis einhvers konar inntökupróf, væru teknar upp yrði mun líklegra að þeir sem innrituðust í skólann lykju þaðan prófi á tilsettum tíma og sóuðu ekki of miklu af eigin tíma og fé skattgreiðenda á meðan.

Hærri innritunargjöld myndu hafa sömu áhrif. Þau kæmu ekki aðeins í veg fyrir þörfina á að skattgreiðendur legðu skólanum til meira fé, heldur ykju þau aga í námi og fækkuðu þeim sem teldu ástæðu til að eyða beztu árum lífsins í árangurslítið gauf. Ósennilegt er að 25 þúsund króna hækkun yrði mörgum stúdentum við HÍ ofviða, svona af bíla-, tölvu- og farsímakostinum á háskólalóðinni að dæma. Þó eru vafalaust einhver tilvik, þar sem fjárhagur fólks leyfir ekki slíkan útgjaldaauka. Þeim mætti mæta með skólagjaldastyrkjum til efnalítilla stúdenta, eins og tíðkast við háskóla víða um heim.

Vonandi verður niðurstaðan af fundi háskólarektors og menntamálaráðherrans að sú síðarnefnda taki vel í hugmyndirnar. Þær fela í sér löngu tímabært aðhald í þessari merku menntastofnun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

vísir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Björn Valur í ham

Björn Valur Gíslason, hinn skeleggi þingmaður Vinstri grænna frá Ólafsfirði, fer hörðum orðum um sjálfstæðismanninn Guðlaug Þór Þórðarson í pistli á bloggsíðu sinni. Hann segir Guðlaug saka Jóhönnu Sigurðardóttur um að leyna upplýsingum sem enginn virðist vera klár á hverjar eru nema Guðlaugur sjálfur.



„Enda er þar vanur maður á ferð sem kann sitthvað fyrir sér um hvernig og hversvegna leyna skal upplýsingum og forða þeim undan almenningi. Engan veit ég þingmann um utan umræddan Guðlaug Þór sem er með landsfundarályktun síns eigin flokks á bakinu um að hann skuli hætta sem þingmaður flokksins.“ Það sé vegna þess að hann hafi þegið mútur.

### Húðstrýkir Guðlaug

Og Björn Valur klykkir út með þessu: „Ef ég væri Guðlaugur Þór myndi ég njóta hvers þess dags sem mín væri ekki getið í fjölmiðlum í þeirri veiku von að ég hreinlega gleymdist.“

### En biður Kristján afsökunar



Björn Valur biðst raunar afsökunar á orðum sínum strax í næsta pistli. Afsökunarbeiðninni er hins vegar beint til Kristjáns Þórs Júlíussonar, sem ekki var einu sinni nefndur á nafn í fyrri pistli, en ekki Guðlaugs. Það er kannski ekkert skrítið. Guðlaugur er jú ekki þingmaður Norðausturkjördæmis og helsti pólitíski samherji fyrrverandi vinnuveitenda Björns Vals.

**stigur@frettabladid.is**

HALLDÓR




# Ljós koma

Jól





**Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir**
prestar

Íslensku jólin snúast um komu ljóssins – í trúarlegum og náttúrulegum skilningi. Minningarbrot frá eldri kynslóðum sem iðulega eru dregin fram í kringum jólahátíðina í formi ljóða og frásagna gera þessu góð skil. Slíkar minningar draga jólin iðulega fram sem hinn mikla ljósgerving – hvort sem er með stjörnum á miðsvetrarhimni snæþakins lands eða í formi hógværs kertaljóss í barnshendi.

*kertaljós í bláum fjarska,*
*bak við ár,*
*æskuminning um fegurð.*
*(Jón úr Vör)*

Íslensku jólin hafa líka alltaf komið þótt þröngt sé í búi. Fátæktin er oft bakgrunnur jólakomunnar og gleðin yfir komu ljóssins er tjáð á nægjusaman hátt:

*Man það fyrst, er sviptur allri sút*
*sat ég barn með rauðan vasaklút.*
*(Matthías Jochumsson)*

Íslendingar sem eru jafnvel ekki háaldraðir eiga minningar um hvernig jólin birtust í afar hógværum efnislegum táknum eins og rauðum eplum sem alla jafna fengust ekki í verslunum hér á landi nema um jól. Ljós í myrkri og uppbrot á fátæklegum hversdegi í formi klæða eða epla eru því jólastefin sem berast til okkar frá íslenskri fjarlægri og nálægri fortíð.

Þessi stef eiga rætur sínar í jólaguðspjallinu þar sem frummyndir um ljós, skjól, næringu og líf eru tjáðar í fæðingarfrásögninni í Betlehem. Ljósið á jólanótt brýst fram úr myrkrinu sem umlykur náttúru og mannlíf og staðfestir þörf manneskjunnar: að þiggja og veita ást og líkamlega umhyggju.

Koma ljóssins með hækkandi sól og fæðingu frelsarans hittir okkur í hjartastað. Þess vegna eru jólin hátíð tilfinninga og bernsku, sama á hvaða aldri við erum. Uppbrot á hversdeginum felst ekki í yfirdrifinni neyslu heldur fremur að hlúa að því sem stendur hjartanu næst: kærleikanum til barnsins í okkur sjálfum og náunga okkar. Jólin eru til að þiggja og gefa kærleika.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
Prófessor



Þetta litla lag varð til í Róm í vor leið. Innblásturinn, ef blástur skyldi kalla, er sóttur í upphafskvæðið í ljóðabók Vilmundar Gylfasonar, bróður míns, Ljóð (Iðunn 1980). Millikaflinn í laginu styðst einnig við gamalt krot á mötuneytisvegg í Manchester, ef mig misminnir ekki: To be is to do (Baruch Spinoza). To do is to be (Ludwig Wittgenstein). Do be do be do (Frank Sinatra). Gleðilega hátíð.

# Hann er eins og vorið




SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Óróleikadeildin innan VG

Stjórnmál

Erla Þórðardóttir
húsmóðir á Akranesi



Eftir síðustu alþingiskosningar heyrðust oft miklar gleðiraddir í samfélaginu og mörg ný slagorð eins og Skjaldborg um heimilin urðu til. Það var eins og allir vildu sjá breytingar og annað gott slagorð sem heyrðist var hið nýja Ísland. Að loknum kosningum var meirihluti fólksins í landinu sátt við sjálft sig. Það kaus fólkið sem stóð sig ekki á vaktinni í burtu og leyfði öðrum ferskum að taka við. Aldrei áður hafði jafn mikil endurnýjun alþingismanna átt sér stað. Endurreisn fólksins í landinu hafði tekist. En fljótlega fór allt í sama horfið og nýja Ísland varð aldrei til.

Það kemur sterklega í ljós nú þegar þrír þingmenn Vinstri grænna setja sig upp á móti forystunni svokölluðu. Þá sé ég hið nýja Ísland. En það virðist enginn annar vera að móttaka það, ekki fólkið inni á Alþingi, ekki fjölmiðlar og ekki fólkið sem er að taka þátt í umræðunni utan Alþingis.

Það er stutt síðan borgarstjórinn var að reyna að útskýra sína starfshætti og sín vinnubrögð í Kastljósinu en viðtalsstýran áttaði sig engan veginn á því sem Jón var að reyna að útskýra. „Af hverju veist þú ekki neitt um málið Jón?" spurði hún aftur og aftur. Á meðan var borgarstjórinn að reyna að útskýra fyrir henni að hann væri með fólk sem væri hæfast í hverju máli fyrir sig að skoða hvert mál. En sú hugsun var algjörlega lokuð fyrir spyrlinum. Þannig átti nefnilega hið nýja Ísland að verða en þarna áttuðum við okkur á því að þeir sem mest áhrif hafa í samfélaginu vilja ekki eða eru ekki tilbúnir að meðtaka hið nýja Ísland.

Mér fannst skýrsla hrunsins kalla á ný vinnubrögð. Mér fannst að hún sýndi okkur það að við ættum ekki að hafa foringja sem eru alvitrir í íslenskum stjórnmálum. Ég hélt að við Íslendingar, fólkið, Alþingi og fjölmiðlar ætluðum að skoða þessa skýrslu og gera betur í framtíðinni. Samt sem áður heyrast nú frá stjórnarráðinu gamlar tuggur eins og „í hvaða liði er hún Lilja". Þingmenn stjórnarandstöðu segja að stjórnin eigi að segja af sér og fjölmiðlar eru allir fullir af sömu fullyrðingu. Við heyrum það einnig frá eldri þingmönnum að þetta séu ungir þingmenn sem kunni ekki leikreglurnar. Þeir sem kunna leikreglurnar hafa setið of lengi á þingi. Vonandi kemur takmörkun á þingsetu inn í nýju stjórnarskrána, til dæmis að þingmenn geti ekki setið lengur en átta ár á þingi, en það er bara óskhyggja.

> Þeir sem kunna leikreglurnar hafa setið of lengi á þingi.

Ég hélt að menn væru kosnir af fólkinu sem býr í landinu inn á Alþingi til að vinna fyrir fólkið í landinu. Hvað á maður að kjósa, hugsar maður fyrir kosningar og rýnir í það hvað hver flokkur ætlar að gera næstu fjögur árin. Það var aldrei þannig að það stæðist, en hið nýja Ísland átti að verða þannig. Nú er það að koma í ljós að þetta verður aldrei þannig. Við verðum alltaf svikin og þetta á greinilega að vera þannig. Hið nýja Ísland var draumur sem enginn vill upplifa. Menn eru enn í liðum á Alþingi og allir eiga að styðja allt sem forystan kemur með þegjandi og hljóðalaust.

Við sem tókum þátt í því að kjósa núverandi ríkisstjórn hljótum að gleðjast þegar við sjáum vitringana þrjá (sjá Fréttablaðið 17. des. bls. 28) mótmæla því þegar eitthvað er gert sem er á móti þeirra sannfæringu. Við glöddumst líka þegar nokkrir stjórnarliðar létu harm sinn í ljós þegar sumir þeirra greiddu gamla Icesave-samningnum atkvæði sitt með tárin í augunum og hvöttu okkur um leið að þrýsta á það að forsetinn neitaði lögunum.

En eftir atburðina sem við höfum upplifað í samfélaginu nýverið hlýtur niðurstaðan að vera sú að við viljum ekki hið nýja Ísland sem við sóttumst flest svo mikið eftir hér fyrir síðustu kosningar. Við hljótum að vilja fara aftur í sama farið. Við viljum vera með einn alvitran foringja sem allir fara eftir og bannað er að mótmæla, það er að segja ef maður er í sama liði.

# Verkkvíði VG í Kópavogi

Kópavogur

Ármann Kr. Ólafsson
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi



Arnþór Sigurðsson, formaður Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks og fulltrúi VG í íþrótta- og tómstundaráði Kópavogs, (sem er ráðgefandi varðandi fjárframlag til Breiðabliks og því situr Arnþór beggja vegna borðsins), fer mikinn í Fréttablaðinu fyrr í mánuðinum. Hann kveinkar sér undan því að í Kópavogi eins og öðrum sveitarfélögum þurfi að taka til hendinni við gerð fjárhagsáætlunar í ljósi efnahagsástandsins. Mikil fólksfjölgun í Kópavogi á undanförnum árum virðist vera helsti sökudólgurinn að hans mati. Það er rangt mat því ljóst er að fjölgunin hefur lagt grunn að því að hægt hefur verið að byggja upp með svo kröftugum hætti sem raun ber vitni. Einmitt þess vegna verður auðveldara að vinna bæjarfélagið út úr erfiðri fjárhagsstöðu.

Síðasti meirihluti skilar góðu búi með mörg sóknarfæri. Kópavogsbær er vel í stakk búinn til að taka við nýju fólki og frekari uppbyggingu án þess að ráðast þurfi í framkvæmdir nema að mjög takmörkuðu leyti. Það var allt af markmið síðasta meirihluta að byggja upp hverfin jafnóðum og íbúarnir flyttu inn í þau og efla alla þjónustu við bæjarbúa. Það er þess vegna sem íþróttahús, knatthús, sundlaugar, skólar, leikskólar og menningarhús standa þegar í byggð og þjóna íbúum bæjarins.

Skuldir bæjarins, sem að mestu hafa tekið hækkunum vegna lóðarskila, munu síðan lækka hratt þegar efnahagslífið kemst í gang á ný. Það mun þó dragast á langinn ef menn ætla endalaust að stíga dansinn við drauga fortíðar og velta sér upp úr sjálfsvorkunn og vænisýki. Nú þegar er farið að birta til þar sem aðilar hafa óskað eftir viðræðum um kaup á Gustssvæðinu, hafin er nýbygging fjölbýlishúss í Þorrasölum, sennilega sú fyrsta eftir hrun og verktakar eru farnir að huga að uppbyggingu á Kópavogstúni.

Meirihlutinn í Kópavogi óskaði eftir samvinnu við minnihlutann í Kópavogi og hélt ég að það væri í kjölfar þess að slík vinna hafði átt sér stað tvö síðustu ár. Það var ekki fyrr en ég las grein Arnþórs að ég áttaði mig á því að VG treysti sér ekki í verkið þrátt fyrir að hafa boðið sig fram til þess í síðustu kosningum. Aðkoma minnihlutans hefur orðið til að bæta mjög niðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar. Það er trú mín að við sem sitjum í bæjarstjórn eigum að leggja áherslu á að skila sem bestri vinnu fyrir íbúa í Kópavogsbæ. Það var á þeim forsendum sem fulltrúar minnihlutans tóku þátt í fjárhagsáætluninni og það er með ánægju sem við drögum úr verkkvíða Arnþórs Sigurðssonar og félaga og léttum þeim verkið með góðum tillögum af okkar hálfu.

# Fróðleg lesning

Deilur í VG

Arnþór Sigurðsson
varaformaður VG í Kópavogi



Það var fróðleg lesning í Fréttablaðinu í gær þar sem formenn félaga VG í Kópavogi og Reykjavík stökkva fram á ritvöllinn og vanda ekki forystu VG kveðjurnar. Sérstaklega er áhugavert að sjá undir hvaða titli Karólína skrifar, þ.e. sem formaður VG í Kópavogi. Karólína var kosin til þess á aðalfundi félagsins í janúar er leið, en hefur lítinn tíma gefið sér til að sinna því starfi. Því má segja að formaðurinn sé landlaus hvað varðar tengsl við félaga sína.

Það er enn undarlegra að sjá hana skrifa um lýðræði og opna umræðu á opinberum vettvangi.

Hennar störf í Kópavogi bera þess ekki vitni að hún sé mikið fyrir lýðræðið eða opna umræðu.

Karólína hefur hvorki boðað til fundar í stjórn VG í Kópavogi né mætt á boðaða fundi innan félagsins í hálft ár. Hvorki á stjórnarfundi, félagsfundi eða fundi bæjarmálaráðs VG í Kópavogi.

Sem betur fer hafa almennir félagar ekki látið fjarveru formannsins trufla starfið, það er kröftugra en nokkru sinni fyrr undir stjórn annarra félagsmanna.

Það er því varla eðlilegt að hún telji sig tala í umboði félagsmanna.

Í minni sveit var það sagt að það sé ljótt að villa á sér heimildir eða hefja sig upp í nafni annarra. Í raun virkaði þessi pistill hennar í Fréttablaðinu í gær á mig þannig að hér væri Garðar Hólm sjálfur mættur ljóslifandi. Hvað sem Karólínu finnst um þremenningana eða störf forystu VG yfir höfuð er hennar mál og er afar eðlilegt að hún hafi sínar skoðanir en það er verulega óeðlilegt að koma þeim á framfæri á röngum forsendum eins og hún hefur gert.

Eðlilegast væri að Karólína stigi til hliðar sem formaður félagsins í Kópavogi svo að grasrótarstarfið hjá okkur gæti lifað og dafnað með eðlilegum hætti.

Hennar störf hafa það sem af er árinu verið afskaplega lítil í okkar félagi og hefur það í raun staðið félaginu fyrir þrifum og er henni ekki til sóma. Það er því viðeigandi að vitna í hennar orð og beina þeim til hennar. Karólína á að mínu mati að hugsa sinn gang.

# Til umhugsunar

Dómsmál

Tíu hæstaréttarlögmenn

Dómari í New York vísaði máli slitastjórnar Glitnis á hendur sjö einstaklingum og einu fyrirtæki frá dómi á þeim grundvelli að málið væri á milli íslenskra aðila og snerist um túlkun á íslenskum lögum. Rétt væri að slíkur ágreiningur fengi úrlausn fyrir íslenskum dómstólum.

Af hálfu slitastjórnar Glitnis var lýst vonbrigðum með niðurstöðuna en tekið fram að ákvörðun um að höfða málið í New York hefði verið tekin samkvæmt ráðgjöf erlendra sérfræðinga sem rannsaki starfsemi Glitnis á vegum slitastjórnarinnar.

Meðal röksemda sem slitastjórnin tefldi fram til stuðnings því að málið ætti undir dómstól í New York var sú að íslenskir dómstólar væru ekki vel í stakk búnir til þess að leysa úr máli eins og þessu. Bandaríski dómarinn féllst ekki á rök slitastjórnarinnar og erlendu ráðgjafanna.

Úr ágreiningi milli íslenskra aðila um túlkun á íslenskum réttarreglum sem varða fyrst og fremst íslenska hagsmuni, ber að leysa fyrir íslenskum dómstólum. Slitastjórn ber að taka ákvarðanir sínar á grundvelli staðgóðrar þekkingar á íslenskum lögum. Slík þekking verður ekki sótt til erlendra verktaka.

Af kostnaðarástæðum er ekkert gamanmál fyrir Íslending að vera stefnt fyrir dóm í New York. Erlendur lögmannskostnaður einstaklinganna sjö sem stefnt var nam milljónum dala. Slitastjórnin hefur neitað að gefa upplýsingar um sinn kostnað af málsókninni og undirbúningi hennar. Víst er að hann er miklu meiri en kostnaður stefndu.

Ákvörðun slitastjórnarinnar um málshöfðun í Bandaríkjunum reyndist illa ígrunduð. Málarekstur um formhlið þessa eina máls kostaði stefndu og kröfuhafa Glitnis fjármuni sem nægt hefðu til þess að standa straum af kostnaði við rekstur allra héraðsdómstóla landsins og Hæstaréttar að auki árið 2010.

Á að halda leiknum áfram fyrir dómstóli í öðru erlendu ríki?

Ásgeir Thoroddsen
Gestur Jónsson
Gunnar Jónsson
Hákon Árnason
Helgi Sigurðsson
Hörður Felix Harðarson
Jakob R. Möller
Ragnar H. Hall
Sigurður G. Guðjónsson
Sigurmar K. Albertsson





**Kate Moss** hefur ýjað að því að hún geti í framtíðinni hugsað sér að stofna fyrirsætuskóla. Þetta kom fram í viðtali sem birtist í tímaritinu Company.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447










**Lokaverkefni útskriftarnema Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar:**

# *Vetrarævintýri í förðun*



Útskriftarnemar Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar unnu lokaverkefnin sín undir þemanu „vetrarævintýri". Alls útskrifuðust 17 nemendur nú fyrir jólin undir handleiðslu Svanhvítar Valgeirsdóttur, en hún tók við skólastjórastöðu Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar nú í haust. „Ég byggði námið þannig upp að nemendur verði sem best undirbúnir fyrir vinnumarkaðinn

;TÍSKA | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





**Tískuheimurinn** heldur vart vatni yfir kvikmyndinni Black Swan með þeim Natalie Portman og Milu Kunis. Ástæðan er sú að tískuhönnuðir Rodarte hönnuðu ballettbúningana í myndinni, sem fjallar um balletttheiminn í New York.




Bolur 3.690 kr.
Buxur 2.690 kr.
Nokkrir litir

MINERVA
Laugavegi 40
Sími 553 1144 • minervashop.is

HERRA-KULDASKÓR

Úrval af herrakuldaskóm úr leðri, fóðruðum með lambsgæru.



Verð: 24.785.-

Misty skór
Laugavegi 178
Sími 551 2070.
Fram til jóla verður opið:
virka daga: 10 - 18
Þorláksmessu: 10 - 20
Aðfangadag: 10 - 12
Gleðileg jól !
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur




FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



20%
afsláttur
af öllum
vörum

Opið
Laugardaga
frá 11–20
Sunnudaga
frá 13-20

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is




Áhersla var lögð á leikhúsförðun undir handleiðslu Svanhvítar Valgeirsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Vetrarævintýri var yfirskrift lokaverkefnis útskriftarnema Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar.



Nemendur höfðu frjálsar hendur með förðun, hár, klæðnað og fylgihluti.



Kaldir litir í bland við hlýja tóna.

Framhald af forsíðu

og legg meiri áherslu á leikhúsförðun en tískuförðun,“ útskýrir Svanhvít. „Nemendur unnu undir þessu þema alla önnina og höfðu frjálsar hendur með förðun, hár og klæðnað en í þessum geira þarf að hafa gott auga fyrir heildarmyndinni.“ heida@frettabladid.is

## Skvísulegar fartölvutöskur

ÍSLENSKT FISKROÐ, VERKAÐ Á SAUÐÁRKRÓKI ER NOTAÐ Í FARTÖLVUTÖSKUR FJÓLU MARÍU ÁGÚSTSDÓTTUR EN HÚN HANNAR TÖSKURNAR UNDIR MERKINU FJOLA MARIA DESIGN.

Hver taska Fjola Maria design er einstök þar sem roðin eru saumuð saman eftir útliti þeirra og stærð, þau eru sterk og notuð jafnt í skó og töskur.

Töskurnar eru ætlaðar athafnakonum sem taka fartölvuna gjarnan með sér hvert fótmál en í henni rúmast auk tölvunnar, rafmagnssnúra, síminn, pennar og fleira og þá er nóg pláss fyrir snyrtiveskið líka. Töskurnar fást meðal annars í Kraum og Epal. Nánar á www.fjolamariadesign.is



Í töskunum eru vasar fyrir nafnspjöld, penna og síma.



MYND/FJOLAMARIADESIGN.IS

Hver taska er einstök en roðin eru saumuð saman eftir útliti og stærð. Taskan hentar undir fartölvuna, símann og snyrtivörurnar.



Hildur hannaði menin í hátíðarlitum, fjólubláu, gylltu og vínrauðu. MYND/SAGA SIGURÐARDÓTTIR



Menin fást í Mýrinni og Kronkron og munu bráðlega einnig fást í verslunum í London.

# Hálsskart í hátíðarlitum

**Ný lína hálsmena eftir Hildi Yeoman fatahönnuð hefur fengist í verslunum nú fyrir jólin. Línuna hannaði Hildur í hátíðarlitum og stefnir á að selja menin í tískuborginni London á nýju ári.**



Hildur Yeoman fatahönnuður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



„Ég er svo mikið jólabarn og langaði að gera eitthvað sérstakt fyrir hátíðarnar. Ég gerði handteiknaðar gjafaöskjur í takmörkuðu magni sem fylgja hverju meni sem keypt er í Kronkron eða Mýrinni,“ útskýrir Hildur Yeoman fatahönnuður en ný lína hálsmena eftir hana kom í verslanir nú fyrir jólin í hátíðarlitum, fjólubláum, vínrauðum og gylltum. Menin eru síð og hægt að vefja þeim um sig á ýmsa vegu.

Ljósmyndirnar af menum Hildar tók Saga Sigurðardóttir ljósmyndari en þær stöllur hafa sameinað krafta sína áður. „Mér finnst mjög gaman að vinna að mismunandi miðlum, tískuteikningum, myndböndum, eða hönnun. Við Saga höfum unnið mikið saman, til dæmis við myndbönd fyrir Hjaltalín á tónleikum, en við munum einnig vinna tónlistarmyndband fyrir hljómsveitina á nýju ári,“ segir Hildur, sem er með ýmis járn í eldinum. Á döfinni er að selja menin í verslunum í London auk þess sem Hildur verður ein þeirra hönnuða sem taka þátt í RFF í vor.

Nánar má forvitnast um hönnun Hildar á hilduryeoman.com og hilduryeoman.blogspot.com

heida@frettabladid.is























FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
vísir.is

**Frakkland** er vinsælasta ferðamannalandið annað árið í röð samkvæmt vefsíðunni turisti.is. Hátt í áttatíu milljónir manns komu þangað í ár. Í öðru sæti eru Bandaríkin og Spánn í því þriðja.










Anna Dröfn frá Ensku húsunum, Lea Helga og Marteinn frá Hestheimum, Stella í Heydal, Guðmundur á Hótel Núpi í Dýrafirði, Sigurlaug á Brunnhóli og Sigrún á Dæli í Víðidal. Aðrir bæir sem fengu viðurkenningu eru Engimýri, Skjaldarvík, Öngulsstaðir og Smáratún.

# Hulduheimsóknir á íslenska bæi

**Tíu ferðaþjónustubæir hlutu viðurkenningar eftir hulduheimsókn.**

Á uppskeruhátíð Ferðaþjónustu bænda sem haldin var nýverið voru veittar viðurkenningar til tíu ferðaþjónustubæja sem tóku þátt í samstarfsverkefni Ferðaþjónustu bænda og Better Business síðastliðið sumar. Samstarfið fólst í svokölluðu hulduheimsóknum eða Mystery Shopper, á vegum ráðgjafarfyrirtækisins Better Business.

Hulduheimsóknin fer þannig fram að ákveðinn aðili, sem er eins og hver annar gestur, metur staðinn eftir dvölina og er þá farið yfir hvern þátt dvalarinnar eins og þjónustu, aðbúnað og upplifun.

Gefnar eru einkunnir og umsagnir bæði fyrir einstaka þætti og heildareinkunn. Að þessu sinni fengu tíu bæir mjög góða heildareinkunn.



Frá Hestheimum.

- Ensku húsin í Borgarfirði
- Hótel Núpur í Dýrafirði
- Heydalur í Mjóafirði
- Dæli í Víðidal
- Engimýri í Öxnadal
- Skjaldarvík í Eyjafirði
- Öngulsstaðir í Eyjafjarðarsveit
- Brunnhóll á Mýrum
- Hestheimar í Rangárþingi
- Smáratún í Fljótshlíð








Þótt ekki sé hún frýnileg ásýndar er Grýla órlát á knús við hugrakkar barnssálir í Jólabænum á Hljómalindarreitnum, þar sem svífa um jólafígúrur sem alla gleðja. Hér er hún í félagi við Rand úr Leitinni að jólunum sem Þjóðleikhúsið sýnir og einn af jólasveinum sínum úr fjöllunum. MYND/TOMASZ VERUSON

## Hátíðarstemning í miðborg Reykjavíkur

MIKIÐ VERÐUR UM AÐ VERA Í GAMLA MIÐBÆ REYKJAVÍKUR Á ÞORLÁKSMESSU ÞEGAR KÓRAR, HLJÓMSVEITIR, JÓLASVEINAR, TÖFRAMENN, HARMÓNÍKULEIKARAR OG FLEIRI SETJA SVIP SINN Á ÞENNAN FJÖLSKRÚÐUGA DAG FYRIR JÓL.



Hápunktur gleðinnar er heimsókn tenóranna þriggja í Jólabænum á Hljómalindarreit þegar þeir Jóhann Friðgeir, Garðar Thor og Gissur Páll stíga á svið Jólabæjarins klukkan 21 á eftir Retro Stefson sem hefur leik klukkan 20. Þrír kórar Margrétar Pálmadóttur söngstjóra, Cantabile, Stúlknakór Reykjavíkur og Vox Feminae, munu syngja saman frá klukkan 16 til 18.30 á Ingólfstorgi, Lækjartorgi, í Bankastræti, Jólabænum, Kjörgarði, efst á Laugavegi og nokkrum stöðum við Skólavörðustíg. Þá mun trúbadorinn Svavar Knútur leika á sömu stöðum frá klukkan 16 og Ástvaldur Traustason þenur harmóníkuna milli klukkan 14 og 16 við Geysi á Skólavörðustíg.

Grýla og Randur mæta í Jólabæinn klukkan 16.30 og Hurðaskellir og bræður hans verða þar hrókar alls fagnaðar og taka mót gestum á milli þess sem þeir heilsa vegfarendum.

Dagskránni lýkur klukkan 23, en þá loka flestar verslanir miðborgarinnar og Jólabæjarins á Hljómalindarreit.

# Þorláksmessa

FIMMTUDAGUR 23. DESEMBER 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





FLAKKARATILBOÐ

UNITED

WD 1TB

720/1080i HDMI

Kr. 22.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

SENDUM ALLAR VÖRUR FÍTT FRAM AÐ JÓLUM – MEÐ ÍSLANDSPÓSTI Á ÞITT PÓSTHÚS!

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði



**● RADÍSUDAGURINN Í MEXÍKÓ** er haldinn hátíðlegur í borginni Oaxaka í dag í 112. skiptið. Fólk þyrpist út á aðaltorg borgarinnar og dáist að útskornum risa-radísum sem eru sérræktaðar af þessu tilefni. Þær eru engin smásmíði, allt að 3 kíló og 50 sentimetrar á lengd, en svo mikið af eiturefnum er notað við ræktunina að þær eru gjörsamlega óætar. Radísurnar eru skornar út í mynd dýrlinga, frægra bygginga og Jesúbarnsins í jötunni.



**● Á HRAFNISTU** Heimilisfólk og starfsfólk Hrafnistu, um 900 manns ætlar að gæða sér á skötu í dag eins og margir aðrir. Þar verða á þriðja hundrað kíló af skötu elduð fyrir Hrafnistuheimilin. Þeim sem ekki hugnast skatan verður boðið upp á saltfisk.

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistuheimilanna, fer í ganga- og deildaheimsóknir á öll Hrafnistuheimilin til að spjalla við heimilisfólk og starfsfólk. Með honum í för verða þrír liðsmenn Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar sem spila jólalög þar sem staldrað verður við.

# Herramannsmatur

Mörgum finnst engin Þorláksmessa án skötu og best ef hún er svo vel kæst að tár hrynji af hvörmum yfir diskinum.

Ægisterk skötulyktin hefur yfir sér sérstæðan sjarma, en flestir losa sig við hana með því að fá á eftir hinn eftirsóknarverða hangikjötsilm í húsið.

Þeir sem ekki vilja skötufnyk inn fyrir sínar dyr geta snætt skötuna úti í bæ, enda fjölmörg veitingahús og matsölur sem bjóða upp á skötuhlaðborð á Þorláksmessu, með tilheyrandi hamsatólg og hnoðmör. *- þlg*



**Hér gæða sér á skötu þeir Sighvatur Sigurðsson, Erlendur Guðjónsson og Úlfar Eysteinsson, matreiðslumeistari á Þremur frökkum, þar sem ilmandi skata með öllu tilheyrandi verður í boði í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Skata, Skata, Skata!!!**

Hin árlega skötuveisla á Einari Ben verður haldin á Þorláksmessu fimmtudaginn 23. desember frá kl. 12.00 til 14.00!
Pantið tímanlega í síma 511-5090 eða sendið pöntun á einarben@einarben.is www.einarben.is

Einar Ben
RESTAURANT & BAR






**„Við biðum og biðum og fannst þessi tími aldrei ætla að líða," rifjar Anna Guðrún upp. Hér er hún til hægri og Margrét systir hennar til vinstri.** MYND/ÚR EINKASAFNI



**Foreldrarnir Jóhanna Lárusdóttir og Sigfús Vilhjálmsson lesa á kortin.** MYND/ÚR EINKASAFNI



**„Pakkarnir lágu í gömlum sófa inni í stofu hjá afa," segir Anna Guðrún.** MYND/GUN.

# Afi var ekkert að flýta sér úr fjósinu

**Ómissandi þáttur í æskujólum Önnu Guðrúnar Sigfúsdóttur á Brekku í Mjóafirði var að afi hennar, Vilhjálmur Hjálmarsson, læsi á pakkana. En fyrst þurfti hann að mjólka kýrnar og þolinmæði barnanna var að bresta þegar hann loks gekk hreinn og prúðbúinn í stofu.**

Á aðfangadagskvöld borðuðum við klukkan sex en eftir matinn, á meðan verið var að vaska upp, fór afi alltaf í fjósið að mjólka. Hann var ekkert að flýta sér, eða okkur fannst það að minnsta kosti ekki krökkunum sem biðum eftir honum svo hægt væri að byrja að opna pakkana. Við héngum úti í glugga og biðum og biðum og fannst þessi tími aldrei ætla að líða. Svo loksins þegar hann kom þá átti hann eftir að þvo sér og skipta um föt, þannig að hann fór inn á bað og dvaldi þar óralengi, að okkur fannst og við lágum á hurðinni bankandi. Þetta er nokkuð sem ég man vel eftir. Alltaf sama spennan." Þannig byrjar Anna Guðrún upprifjun á aðfangadagskvöldi bernsku sinnar á Brekku í Mjóafirði, meðal þriggja kynslóða. „Afa voru alltaf réttir pakkarnir. Það var algert aðalatriði að hann læsi á þá," bætir hún við.

Anna Guðrún segir húsið jafnan hafa verið skreytt á Þorláksmessu og endað á jólatrénu. „Pakkarnir lágu í gömlum sófa inni í stofu hjá afa og það síðasta sem við krakkarnir gerðum á Þorláksmessukvöld var að ná í þá og raða þeim undir tréð."

Ekki minnist Anna Guðrún á erfiðleika í sambandi við aðdrætti fyrir jólin þegar hún var barn. „Mamma og pabbi fóru yfirleitt bara á Neskaupstað með póstbátnum og luku öllum útréttingum fyrir sitt stóra heimili á nokkrum klukkutímum. Nú finnst mér ég helst þurfa að komast til Akureyrar eða Reykjavíkur til að versla. Þar þvælist maður úr einni búð í aðra!"

Anna Guðrún býr í nýlegu húsi á Brekku, ásamt eiginmanni og tveimur börnum. Þegar haft er samband við hana er hún að búa til ís. „Nú erum við ekki með kýr lengur en það er hún Marsibil á Dalatanga hins vegar og hún gefur okkur stundum hnausþykkan og góðan rjóma. Jólaísinn er ein af þeim hefðum sem ég held í úr foreldrahúsum." *- gun*

# Jólatónleikar jólaþorpsins

Jólaþorpið í Hafnarfirði mun iða af lífi í kvöld en opið er milli klukkan 18 og 22. Jólahúsin verða fjölbreytt að vanda en þar er boðið bæði upp á handverk og veitingar. Þar getur fólk komið, gert sér glaða stund, keypt síðustu jólagjafirnar og gætt sér á kakói og pönnukökum.

Klukkan 19.30 hefst jólaganga Hafnarfjarðar hjá Fríkirkjunni og endar í jólaþorpinu klukkan 20. Kammerkór Hafnarfjarðar leiðir gönguna með söng. Gengið verður með kyndla sem gerir stemninguna hátíðlega en síðasta lagið verður sungið þegar komið er í jólaþorpið.

Klukkan 20 hefjast jólatónleikar jólaþorpsins. Að þessu sinni spila Sigurður Guðmundsson og Memfismafían. Þar verða flutt jólalög af nýútkominni breiðskífu, Nú stendur mikið til. Þessir tónleikar slá botninn í dagskrá jólaþorpsins í ár, en þegar því er lokað klukkan 22 verður það ekki opnað fyrr en næsta ár. *- sg*



**Sigurður Guðmundsson syngur með Memfismafíunni í Jólaþorpinu í kvöld. Alls kyns góðgæti verður líka í boði.**




Líka með jólamyndum
Peanut
m&m's
Litríkt bíónammi



**●JÓLASVEINAR Í GRINDAVÍK**

Lionsklúbbur Grindavíkur hefur tekið að sér umboð fyrir jólasveinana í dag og aðstoðar þá við að koma jólapökkum til bæjarbúa í Grindavík. Klúbbfélagar taka við pökkum milli klukkan 17 og 21 í Verkalýðshúsinu, Víkurbraut 46, gegn vægu gjaldi. Pakkarnir þurfa að vera vel merktir en jólasveinarnir munu svo bera pakkana í hús á morgun milli klukkan 10 og 13.




Verð: 25.900

Verð: 23.900

koko

Laugavegi 83 • Sími 554 4722



Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

IÐA



Opið frá 9 til 16 á aðfangadag

★Gjafabréf frá IÐU á alltaf erindi★

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00









**Heimagert konfekt er góð gjöf og auðvelt að raða nokkrum af molunum sem þú gerðir um síðustu helgi í flotta öskju.**



**Blóm eru alltaf viðeigandi gjöf. Maður getur alltaf á sig blómum bætt, sagði skáldið og það eru orð að sönnu.**



**Minnisbækur eru tilvaldar gjafir. Það er ekki bara jólasveinninn sem þarf á því að halda að skrá niður hlutina.**



**Falleg jólaskreyting er alltaf vel þegin og ekki spillir fyrir ef gefandinn hefur gert hana sjálfur.**



**Heimabakaðar kökur eru lúxusgjöf og búbót fyrir þá sem ekki hafa tíma eða getu til að baka sjálfir.**

NORDICPHOTOS/GETTY

# Gjafir til að grípa til

**Það er óþarfi að fara á taugum og hlaupa milli búða í stresskasti á Þorláksmessukvöld þótt það uppgötvist að gleymst hafi að kaupa gjöf handa einhverjum ættingjanum. Það er hugurinn á bak við gjöfina sem skiptir máli. Hér eru hugmyndir að nokkrum gjöfum sem örugglega gleðja, þótt ekki hafi tekið margra klukkutíma búðarráp að velja þær.**

*- fsb*



**Kampavín er konungleg gjöf og tilvalið að grípa með sér eina flösku handa þeim sem á allt.**

# Móðgaðist þá biskup mjög

Undir lok nítjándu aldar komst það til siðs að halda veislur og samsæti á Þorláksmessu, og gengu þessir mannfögnuðir ýmist undir nöfnunum jólagleði, samsæti eða Þorláksmessugildi. Var það til siðs að sýna heimagerða leikþætti og fara með ný kvæði af ýmsum toga, oft glettin enda mikið um veisluhöld.

Í Sögu daganna eftir Árna Björnsson er þess getið að Stúdentafélagið í Reykjavík hafi tekið þennan sið upp árið 1894 og haldið „samsæti á Þorláksvöku“. Á þessum tíma var barátta fyrir áfengisbanni í algleymingi. Stúdentar virðast hafa verið á öndverðum meiði við bindindismenn í þessum efnum og sést það glögglega á vísum sem varðveist hafa frá samsætinu.

Í næsta samsæti, 1895, keyrði svo um þverbak er Hallgrímur Sveinsson biskup neitaði að sitja þeim til samlætis í samsætinu eftir að hafa fengið handrit kvöldsins undir hendur. Handritið fékk hann frá Birni Jónssyni, eiganda Ísafoldarprentsmiðjunnar, en þar var á blaði vísa er henti gamni að viðhorfum bæði Hallgríms, sem var annálaður bindindismaður, og Þorláks helga til brennivínsins. Biskup heimtaði að vísan yrði fjarlægð úr dagskránni en stúdentar sátu við sinn keip. Svo fór sem fór, vísan var flutt og olli það nokkru hneyksli.



**Dómkirkjan eins og hún leit út um aldamótin 1900. Þar messaði Hallgrímur og barðist fyrir bindindi, mörgum stúdentum til ómældrar óánægju.**

MYND/SIGFÚS EYMUNDSSON

Fyrsta vers vísunnar er svohljóðandi (eins og hún kemur fyrir í Sögu daganna):

Þorlákur biskup var blessaður kall
þótt bindindi stofnsetti eigi.
Hræddist ei skikkanlegt samdrykkjusvall
né svolítið kátínubrall.

*- tg*

# Gengið inn í ljós og frið

Íslenskir friðarsinnar efna til blysfarar niður Laugaveg á Þorláksmessu, eins og undanfarna þrjá áratugi. Í hugum margra er friðargangan ómissandi þáttur í undirbúningi jólanna og æ fleiri taka sér hlé frá jólatiltekt og innkaupum til að styðja kröfuna um frið í heiminum.

Safnast verður saman á Hlemmi, þaðan sem lagt verður af stað stundvíslega klukkan 18. Fólk er hvatt til að mæta tímanlega og kyndlar seldir á Hlemmi áður en gangan leggur af stað. Í lok göngunnar verður stuttur fundur á Ingólfstorgi, þar sem farið verður með ávörp og söngfólk Hamrahlíðarkórsins og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur, eins og í göngunni sjálfri.

Friðargöngur eru einnig gengnar á Akureyri og Ísafirði. Á Akureyri verður gengið frá Samkomuhúsinu í Hafnarstræti og út á Ráðhústorg klukkan 20 og á Ísafirði lagt af stað frá Ísafjarðarkirkju klukkan 18 og gengið niður á Silfurtorg þar sem hefðbundin dagskrá verður með tónlist, ljóðum og mæltu máli.

Alls staðar minna friðarsinnar á að stöðugt berast fregnir af ofbeldisverkum þjóða á milli og innan samfélaga, og að óheyrilegum fjárhæðum er enn sóað í vígvæðingu.

*- þlg*



Það færir notalega ró í hjörtu fólks að taka þátt í friðargöngum Þorláksmessu og eru þær ómissandi þáttur í jólahaldi margra.



Bubbi er ómissandi hluti af jólaskapinu hjá þúsundum aðdáenda hans og ávallt gaman að hlusta á hann í útvarpinu á Þorláksmessukvöld.

## Í hátíðarskap með Bubba

Rokkkóngurinn Bubbi Morthens bregður ekki út af jólavenjum sínum þessa Þorláksmessu frekar en undanfarin tuttugu ár, þegar hann spilar af fingrum fram og lætur móðan mása fyrir áheyrendur árlegra Þorláksmessutónleika sinna. Tónleikarnir voru lengst af á Hótel Borg og þar á eftir á Nasa, en verða nú haldnir í annað sinn í Háskólabíói við Hagatorg.

Árið 2010 skipar veglegan sess á ferli Bubba því á árinu sem senn líður í aldanna skaut fagnaði Bubbi þrjátíu ára starfsafmæli sínu.

Tónleikarnir verða í beinni útsendingu á Bylgjunni og hefjast stundvíslega klukkan 22 á Þorláksmessukvöld.

*- þlg*



**● ÞORLÁKSTÓNLEIKAR ÁRSTÍÐA** fara fram í Fríkirkjunni í kvöld klukkan 22. Meðlimir hljómsveitarinnar spila jólalög sem þeim eru kær, auk valinna laga af frumburði sveitarinnar sem kom út á síðasta ári. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

Meðlimir Árstíða hafa ekki setið auðum höndum á árinu. Þeir fóru í tónleikaferð til Svíþjóðar og bættu svo í og fóru til Rússlands. Önnur plata sveitarinnar er einnig langt komin og hugsanlega frumflytur hún einhver lög af henni í kvöld. Hverju sem því líður lofa Árstíðir ósvikinni jólastemningu í Fríkirkjunni í kvöld.



**● BURT MEÐ SKÖTU-LYKT** Á vefsíðu Leiðbeiningastöðvar heimilanna, leidbeiningastod.is, er að finna eftirfarandi upplýsingar um hvernig losna megi við skötulykt.

- Hitið þurra pönnu og stráið kanil eða öðru ilmandi kryddi á hana og slökkvið undir. Eins má strá kryddi á heita eldavélarhellu þegar búið er að slökkva undir og láta kryddið þannig brenna upp.
- Gegnvætið viskastykki í borðediki, leggið yfir pottlokið og festið við potteyrun. Gætið þess vel að stykkið snerti ekki eldavélarhelluna.
- Kveikið á kertum, einkum ilmkertum, til dæmis með kaffi- og vanillulykt.
- Sjóðið sköttuna á prímus úti í garði eða á svölum, verði því við komið.
- Þvoið pottinn strax þegar búið er að færa sköttuna á fat.
- Suðutími á skötu: Fer eftir þykkt barðanna en þau eru soðin þegar skatan losnar frá brjóskinu.
- Hangikjötsilmur deyfir skötulyktina og svo er um að gera að lofta vel út.



# Vestfirskir siðir í World Class

**Sá vestfirski siður að borða kæsta skötu á Þorláksmessu hefur teygt sig víða, meðal annars inn á líkamsræktarstöðina World Class.**



Logi Liljendal Hilmarsson, rekstrarstjóri Laugarcafé, kom sjálfum sér á skötubragðið hægt og bítandi. Hann situr hér í miðið í góðum hópi manna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sveinn Guðbjartsson hefur verkað skötu á Ísafirði hátt í tuttugu ár og kann á því tökin. Hann vill meina að skatan eigi fullt erindi inn á líkamsræktarstöð enda hollur matur. „Sumir segjast læknast af kvefi við að borða hana,“ segir Sveinn en hann byrjar í september að verka Þorláksmessuskötuna sem boðið verður upp á í Laugarcafé í World Class þetta árið.

„Skatan í Laugarcafé er skorin og börðuð og látin liggja í kös í þrjár til fimm vikur eftir hitastigi. Þá er skatan þrifin, roðflett og snyrt og henni pakkað í tveggja kílóa öskjur sem við frystum. Lyktin er vond en bragðið betra,“ segir Sveinn.

„Skata er með því betra sem ég fæ,“ segir Logi Liljendal Hilmarsson, rekstrarstjóri Laugarcafé, sem býður uppp á vestfirsku skötuna í dag.

Hann hefur þó ekki alltaf verið hrifinn af skötu. „Nei, alls ekki, ég byrjaði að borða skötu fyrir fjórum árum en mig hafði alltaf langað til að geta borðað hana, bara fyrir stemninguna. Ég smakkaði smávegis á hverju ári þangað til ég komst á bragðið. Nú vil ég hafa hana sterka.“

En í hverju felst stemningin við að borða þennan sterkþefjandi mat? „Það er bragðið, og að standa á öndinni þegar fyrsti bitinn er tekinn. Þetta snýst þó ekki um neina karlmennskustæla,“ segir Logi, líkamsræktargarpar í World Class keppi ekki um hver geti borðað sterkustu bitana.

„Hér er bara verið að njóta matarins. Við höfum boðið upp á skötuveislu síðustu sjö ár og viðskiptavinahópurinn stækkar ár frá ári. Margir koma og æfa fyrst og fá sér skötu á eftir,“ segir Logi og ráðleggur þeim sem langar að borða skötu en hryllir þó við að byrja á mildum bita. Stappa smávegis af skötu saman við kartöflur og rófur og hella hamsatólg yfir. Þannig megi smám saman komast á bragðið.

En fer skötulyktin ekki fyrir brjóstið á þeim sem æfa í húsinu á Þorláksmessu? „Ilmurinn læðist reyndar um húsið en það hefur ekki fækkað í tækjasalnum fyrir það. Skötulyktin er ekki verri en svitalyktin.“ *- rat*




## Skreytt á Þorlák

Á velflestum heimilum er það til siðs að skreyta jólatréð á Þorláksmessu en svo virðist sem margir séu farnir að teygja sig framar í mánuðinn og hefur víða mátt sjá glitta í glitrandi jólatré inn um glugga í mánuðinum. Því heyrist fleygt að fólk vilji leyfa dýrðinni að ljóma lengur, enda tíminn frá jólum að þrettándanum fljótur að líða.

Kostur þess að setja tréð upp snemma er að þá má nýta annasama Þorláksmessuna í bæjarstúss, matarundirbúning, tiltekt og fleira. Hins vegar vilja sumir alls ekki að tréð fari upp fyrr en búið er að skúra, skrúbba og bóna og finnst það tilheyra Þorlák að skreyta tréð. *- ve*



**Þótt hefð sé fyrir því að skreyta jólatréð á Þorláksmessu virðast æ fleiri vera farnir að taka forskot á sæluna.**



**● FÁTÆKRAÞERRIR** Þótt Íslendingar hafi búið í torfbæjum og frumstæðum húsakynnum af ýmsu tagi gegnum tíðina hafa þeir jafnan hreinsað vel í kringum sig fyrir jólin. Hámarki hefur þrifnaðurinn oft náð á Þorláksmessu. Þá hefur verið skipt á rúmunum og jólafötin tekin til. Sumir hafa þurft að treysta á að almættið sendi svokallaðan fátækraþerri þann dag ef þeir hafa ekki átt rúmföt eða nærfatnað til skiptanna.

Áður fyrr var ástandið sums staðar þannig að börn þurftu að halda kyrru fyrir undir sæng á meðan föt þeirra voru þvegin. *- gun*

JS Watch co.
REYKJAVIK

# ÞAR SEM MEST Á REYNIR...



## JS WATCH CO. REYKJAVIK OG LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS Í SAMSTARFI.

Fyrr á þessu ári afhenti JS Watch co. Reykjavik starfsmönnum Landhelgisgæslunnar, áhöfnum loftfara, sprengjusérfræðingum og köfurum armbandsúr sem bera nafnið Sif N.A.R.T. eða Sif the NORTH ATLANTIC RESCUE TIMER, í höfuðið á björgunarþyrlunni TF-SIF sem áætlað er að hafi bjargað um 250 mannslífum á þeim 22 árum sem hún var í rekstri.

Með verkefninu eru íslensk stofnun og íslenskt fyrirtæki að vinna saman að sameiginlegum hagsmunum, þ.e. öryggistæki fyrir Landhelgisgæsluna og vöruþróun og gæðastimpli fyrir JS Watch co. Reykjavik. Markmið JS Watch co. Reykjavik með úrinu er að endurspegla seiglu og þrautseigju við hvaða aðstæður sem upp geta komið.

Úrið er hannað og smíðað með það fyrir augum að standast þær gæðakröfur sem Landhelgisgæslan gerir til þess búnaðar sem unnið er með og treyst.



GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - tel: 551-4100

JS WATCH CO. REYKJAVIK - LAUGAVEGUR 62 - 101 REYKJAVIK - ICELAND - WWW.JSWATCH.COM

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

21-12 Mánudagskvöld tapaðist Myndavél í miðbæ Reykjavíkur. Þetta er Canon powershot sx200 svört í poka með auka battery. Endilega hafa augun opin. 862-8400

## Einkamál



Stefnumót.is Vandaður gjaldfrjáls vefur fyrir einhleypt fólk. Frítt textaspjall, frítt vídeóspjall.

**Tenerife**
Óska eftir kvenmanni 45-50 til að fara með til Tenerife í janúar, ódýrt. Sendist á Fréttablaðið merkt Tenerife.

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér ókeypis þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Þú auglýsir frítt í síma 555-4321.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Hreingerningar

GLERSÝN sf.
gluggahreinsun Ingvars Berndsen

Gluggahreinsun, Klæðningarhreinsun, Teppahreinsun, Gólfbónun og Ræsting. S.663 0000

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Þú getur gert kraftaverk
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Þjónustuauglýsingar

HEIMSBÍLAR
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Klettháls 2 - 110 RVK - 567 4000 - www.heimsbilar.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

K2 Náttúruvæn Loftstokkahreinsun
Við hreinsum andrúmsloftið !
Hreinsum allar gerðir loftræstikerfa
*Eldhús *Fyrirtæki *Stofnanir *Fjölbýlishús *Skip
Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun
k2@k2.is - www.k2.is - sími 568 3063

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

SMURSTÖÐIN EHF
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

BÍLALIND.IS
Funahöfði 1 - 110 Reykjavík - Sími 580 8900 - bilalind@bilalind.is
Óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Bílalind - Funahöfða 1 - 110 rvk - www.bilalind.is

Allt á einum stað

| | |
|---|---|
| BREMSUVIÐGERÐIR | HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA |
| BREMSUKLOSSAR | RAFGEYMAÞJÓNUSTA |
| SPINDILKÚLUR | OLÍS SMURSTÖÐ |
| ALLAR PERUR | BÓN OG ÞVOTTUR |

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

ARCTIC TRUCKS
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
Arctic Trucks Ísland ehf
Kletthálsi 3 - 110 Reykjavík - Sími 540 4900

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Lucars
DEKKJASKIPTI FRÁ 5000KR
Ef þú kaupir ný dekk – þá færðu skiptin FRÍTT
Við bjóðum upp á allsherjar þjónustu fyrir bíllinn þinn.
Lucars – Strandgata 90 – hafnarfjörður
773 6798 og 774 2424

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
bíll.is
bestir í bílum...
Sími 577 3777

FJARÐARBÓLSTRUN ehf
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

bílaborg.is
Stórhöfða 26 • 112 Reykjavík • s. 517 1111
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

# Þjónustuauglýsingar

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

## Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

**2 fyrir 1 tilboð**
En skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 611 6078. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Er ennþá með vinsælu gjafakortin til sölu. 5 tímar á hlægilegu verði. Elsti og reyndasti nuddari bæjarins. Nudd fyrir heilsuna, Hátún 8, Gerður Benediktsdóttir, Nuddari. S. 588 2260 og 863 2261.

## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## Sími 512 5407

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
Lindargata 38, Reykjavík
s. 552 5540/861 4380
SKRADDARINN Á HORNINU

**OSEA Öryggiskerfi**



Öryggiskerfin frá OSEA eru þægileg og henta örugglega vel fyrir þig. Margar gerðir af skynjurum.
Tilboðsverð kr. 45.174
1 stk. hreyfiskynjari
1 stk. hurðaskynjari
2 stk. fjarstýringar
Hugna.is
Dalvegur 16b s: 554-2727





Erum að taka upp nýjar vörur frá Vanity Fair.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



Italiano Pizzeria
2 fyrir 1 af bjór alla föstudaga með mat!
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345



Selenit
Saltkristall
Steinasteinn
Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík
Sími: 551 5720
Ormsvelli 1, 860 Hvolsvöllur
Sími: 487 7752, 6998352
Sendum um land allt
steina/steinn
www.steinasteinn.is



HPI Trophy Truggy 4,6
Öflugur fjarstýrður bensíntrukkur,
Tómstundahúsið
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is





567 2277 NÝJA www.notadirbilar.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM SEM OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLS KOMANDI ÁRS OG ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA
www.nyja.is

NEW HOLLAND CONSTRUCTION
Varahluta- og viðgerðarþjónusta
New Holland – O&K – Fiat – Fiat Hitachi
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar: 555 6670 / 892 3996 • www.velanaust.is

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

Bekkjarparty - Afmælis veislur
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!



Stúdíó 29
Laugavegur 101
Sími 511 3032 &
861 2319

ditto.is



Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum.
ditto.is
Smiðjuvegi 4, græn gata.
Kópavogi. Sími 517-8060
www.ditto.is

HÖFÐAHÖLLIN
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
Tangabryggja 14-16 • 112 Rvk • hofdahollin.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

K2M
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
Gleráreyrar 2 • 600 Akureyri • s. 464 7960

Smáauglýsingar óska viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

## Alla fimmtudaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is




**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**VICTOR BORGE (1909-2000)** dó á þessum degi

*„Jólasveinninn kann tökin á þessu, heimsækir fólk bara einu sinni á ári.“*



**STÆLT** Flestir synda til að halda sér í góðu formi, að sögn Þórdísar Hrannar Pálsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞORLÁKSMESSUSUND GARPA 20 ÁRA: FIMMTÍU OG TVEIR Í LAUGINNI Í EINU

## Komst fyrst varla 50 metrana

Búist er við að þátttökumet verði slegið í 1.500 metra sundi hjá Sunddeild Breiðabliks í dag. Sundið er orðið tuttugu ára hefð og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri en í ár. Fimmtíu og tveir keppendur eru skráðir til leiks og munu allir keppa í einu, um fimm keppendur á hverri braut.

Þórdís Hrönn Pálsdóttir er ein af þeim sem þreyta sundið og segir hún oft vera handagang í öskjunni þegar svo margir séu í lauginni í einu. „Við syndum skriðsund, kannski einstaka byrjendur grípi aðeins í bringusund. Flestir eru að synda til að fylgjast með eigin framför eða halda sér í það góðu formi að þeir komist 1.500 metrana léttilega. Þetta er þó alvöru keppni og við syndum öll 52 í einu, 18 konur og 34 karlar, fimm til sex á hverri braut, það getur verið bæði erfitt og hættulegt ef margir reyna að komast fram úr í einu.“

Þórdís fór að æfa sund fyrir rúmum sex árum, þá 38 ára gömul. „Ég komst varla 50 metrana á skriðsundi fyrir rúmum sex árum, en fór þá á skriðsundsnámskeið og í framhaldi af því að æfa með Görpunum í Breiðabliki. Í dag fer ég létt með 1.500 metrana og er ein þriggja kvenna sem hafa klárað Drangeyjarsund,“ segir hún hróðug.

Garpar eru sundmenn eldri en 25 ára sem hafa ekki tekið þátt í almennum keppnum í að minnsta kosti tvö ár. Einnig mætir til leiks hópur þríþrautarmanna, en 1.500 metrar eru einmitt vegalengdin sem synt er í ólympískri þríþraut. Meðal keppenda er sjálfur Íslandsmeistarinn í 1.500 metra skriðsundi á fimmtíu metra braut, Ragnar Guðmundsson, en hann setti metið 15.57.54 í Seúl fyrir rúmum 22 árum.

Sundið hefst í Kópavogslauginni í dag klukkan 8.20 og eru áhorfendur að sjálfsögðu velkomnir.

fridrikab@frettabladid.is

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Cornelíu Ingólfsdóttur.**

**Þór Helgason**
**Karl Jóhann Ásgeirsson** **Ragnheiður Helga Gústafsdóttir**
**Þórólfur Ingi Þórsson** **Eva Margrét Einarsdóttir**
**Jóhannes, Gabríel og Lilja.**

---



*Ástkær móðursystir okkar*

**Gyða Jónsdóttir**

Kleppsvegi 2,

andaðist á líknardeild LSH Landakoti 20. desember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 29. desember klukkan 13.00.

**Skúli Már Sigurðsson**
**Gísli Jón Sigurðsson**
**Örn Sigurðsson**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Herdís Antoníusardóttir**

frá Núpshjáleigu á Berufjarðarströnd, Skúlagötu 20,

sem lést föstudaginn 17. desember á Öldrunardeild Landspítalans, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 28. desember kl. 13.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar:**
**Jóhanna Antonía Sigsteinsdóttir**
**Sigurbergur Sigsteinsson** **Guðrún Hauksdóttir**
**Oddný Sigsteinsdóttir** **Líney Rut Halldórsdóttir**
**Sjöfn Sigsteinsdóttir** **Finnur Pálsson**
**Þröstur Sigsteinsson** **Soffía Sturludóttir**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför bróður okkar og mágs,*

**Ólafs Ágústssonar**

Skaftahlíð 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vífilsstaða, síðar í Mörkinni, hjúkrunarheimili.

**Erla Eyjólfsdóttir**
**Loftur Andri Ágústsson** **Kristjana Petrína Jensdóttir**
**Ingibjörg Ágústsdóttir** **Árni Sigurjónsson**
**Svanhildur Ágústsdóttir**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Bjarney I. Guðmundsdóttir**

áður Háteigsvegi 50,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 21. desember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 28. desember kl. 15.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Páll Birgir Jónsson** **Guðrún Baldursdóttir**
**Guðmundur Rúnar Jónsson** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**Sigurður Valur Jónsson** **Margrét Gunnarsdóttir**
**Ómar Jón Jónsson** **Valborg Röstad**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ari Jóhannesson**

fv. póstrekstrarstjóri, Gullsmára 9,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 21. desember. Útförin fer fram fimmtudaginn 30. desember frá Fossvogskirkju kl. 15.00.

**Svanfríður Stefánsdóttir**
**Kristín Aradóttir** **Kjartan Kjartansson**
**Anna Þóra Aradóttir** **Karl Viggó Karlsson**
**Jóhannes Ari Arason** **Sigrún Hallgrímsdóttir**
**Árni Alvar Arason** **Elsa Ævarsdóttir**
**Sigrún Arna Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Jón Erlendsson**

kennari og fv framkvæmdastjóri HSÍ, Hraunbæ 103, áður Rauðalæk 67, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala sunnudaginn 19. desember 2010. Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 11.00.

**Ingileif Jónsdóttir** **Birgir Björn Sigurjónsson**
**Anna Jóna Hauksdóttir**
**Kristín Jónsdóttir** **Þórarinn Eyfjörð**
**Jón Erlendsson** **Eva Úlla Hilmarsdóttir**
**Magnús Birgisson** **Hrafnhildur Hjaltadóttir**
**Árni Birgisson** **Salvör Gyða Lúðvíksdóttir**
**Sigrún Eyfjörð**
**Þorsteinn Eyfjörð**
**og barnabarnabörn**

---

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, stjúpföður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa*

**Steindórs Valbergs Kristfinnssonar**

rafvélavirkja, Tjarnarlundi 5b, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Asparhlíð fyrir yndislega umönnun og vináttu. Guð blessi ykkur öll.

**Laufey Vilhelmsdóttir**
**Vilhelm Valberg Steindórsson**
**Dýrleif Kristín Steindórsdóttir** **Bjarki Viðar Hjaltason**
**Gísli Viðar Steindórsson** **Hólmfríður Einarsdóttir**
**Steindór Valberg Steindórsson** **Þóra Gígja Jóhannsdóttir**
**Auður Hafdís Steindórsdóttir**
**Ómar Valur Steindórsson** **Eyrún Níelsdóttir**
**Eygló Sif Steindórsdóttir** **Óli Jóhann Daníelsson**
**Helena Sjöfn Steindórsdóttir**
**Kolbrún Hilmisdóttir** **Jón Zophoníasson**
**afa-, langafa- og langalangafabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Einar A. Færseth**

Sautjándajúnítorgi 7, áður Smáraflöt 40, Garðabæ,

andaðist á líknardeild Landakots, sunnudaginn 28. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til Heimahlynningar krabbameinssjúkra og líknardeildar Landakots. Þökkum auðsýnda samúð.

**Börn og aðstandendur hins látna.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT SPORT SPORT SPORT

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** létu, **6.** hola, **8.** nafar, **9.** kvk. nafn, **11.** tveir eins, **12.** flatfótur, **14.** kvk nafn, **16.** skóli, **17.** eyja í Írlandshafi, **18.** andi, **20.** skóli, **21.** staðarnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ungur hestur, **3.** í röð, **4.** forskot, **5.** dýrahljóð, **7.** land í Evrópu, **10.** írafár, **13.** angan, **15.** ilmur, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** op, **8.** bor, **9.** lóa, **11.** rr, **12.** ilsig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mön, **18.** önd, **20.** fg, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1.** foli, **3.** áb, **4.** forgjöf, **5.** urr, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** angi, **16.** möo, **19.** dd.


# Dreifingarkassar Fréttablaðsins

Vegna aukinnar hættu á skemmdarverkum í kringum áramót, verða dreifingarkassar fyrir Fréttablaðið teknir niður um jól og áramót, en settir aftur upp í janúar. Í millitíðinni verður hægt að nálgast blaðið í strætóskýlum, íþróttahúsum og sundlaugum og í einhverjum tilfellum á stórum vinnustöðum á þeim svæðum þar sem blaðinu er venjulega dreift í Fréttablaðskössum. Dreifing í hús verður óbreytt.

Nánari upplýsingar fást á visir.is/dreifing.

Lesendur eru beðnir afsökunar á óþægindum vegna þessa.




Allt sem þú þarft...







# Hvað er mikilvægast?

**BAKÞANKAR**
**Charlotte Böving**



Jólin eru að koma og það er meira en nóg annað að gera hjá mér en að skrifa pistil í blað. T.d. að pakka inn gjöfum, sem er það sem við dóttir mín erum einmitt að gera.

**HÚN** vill hafa þetta kósí stund og spjallar um allt milli himins og jarðar, en ég er hálf utan við mig. Það er að svo mörgu að huga; Gjafir, matur, tiltekt og þessi pistill sem þarf að skrifa fyrir morgundaginn.

**SVO** spyr dóttirin allt í einu: Mamma, hvað þykir þér mikilvægast við jólin?

**LEYFÐU** mér að hugsa, svara ég og dettur strax í hug að þetta yrði gott efni í pistil.

**SAMVERAN** og gjafirnar, jólatréð, skrautið, maturinn, smákökurnar og svo þykir mér gott að fara í kirkju. Er eitthvað af þessu mikilvægara en annað? Jú, ég myndi heldur vilja sleppa smákökunum en matnum og frekar skrautinu en trénu. En ég myndi ekki vilja vera án gjafanna og samverunnar. Og mig langar ekki að velja, vegna þess að saman gera þessir hlutir einmitt jólin að jólum. Og jólin koma bara einu sinni á ári, sem er það sem gerir þau svo einstök.

**TÖKUM** gjafirnar sem dæmi. Ég veit vel að það er mikil vinna að velja og kaupa gjafir – og að við gætum trúlega verið án stórs hluta þess sem við fáum, eða þurfum að fara út að skipta eftir jólin. En þetta eina skipti á ári gefum við öll hvert öðru gjafir, við bæði gefum og þiggjum og í því felst fegurð.

**MATURINN** er alveg sérstakur. Heima hjá mér borðum við alltaf kalkún. Öllum þykir hann góður og það er alltaf nógur afgangur til að borða í hádeginu á jóladag. Í eftirrétt fáum við rísalamand, með möndlum og rjóma. Við útbúum meira en nóg af því, til að eiga daginn eftir.

**ÉG** elska líka hefðina fyrir jólatré: Græna tréð með lifandi ljósum, sem minnir okkur á vorið og birtuna, sem bráðum kemur aftur.

**ÉG** gæti haldið áfram: Sagan um litla Jesúbarnið… en heyrðu nú mig, hvað varð af dóttur minni? Ég var svo upptekin að velta fyrir mér svarinu (og þar með pistlinum) að ég tók ekkert eftir því að hún var farin. Ég finn hana liggjandi í rúminu sínu.
Elsku ástin mín, hvað þykir þér mikilvægast við jólin?
Að vera með mömmu minni og pabba! Þar hef ég það!

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Þegar mjúkt á að vera mjúkt...

## 15-30% afsláttur af sængurverum á Þorláksmessu



**Opið til ellefu!**

**Opið til jóla:**
Þorláksmessa frá kl. 10-23
Aðfangadagur frá kl. 10-12
















**Heilsuinniskór**
Parið kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-

TEMPUR
**Heilsukoddar**
Tempur Original
Jólatilboð aðeins
kr. 13.900

**Betra BAK**

www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

**GRIPLA KOMIN ÚT** Nýtt tölublað Griplu, alþjóðlegs fræðitímarits Árnastofnunar á sviði íslenskra og norrænna fræða, er komið út. Gripla hefur komið út síðan 1971. Að þessu sinni birtast 11 ritrýndar greinar í Griplu, auk stuttgreinar eftir Ólaf Halldórsson um Landnám Þórólfs Mostrarskeggs og Auðar djúpúðgu Með greinum á öðrum málum en íslensku fylgir íslensk samantekt. Ritstjóri Griplu er Gísli Sigurðsson.

# 12 Tónar í Hörpu

12 Tónar og rekstrarfélagið Ago ehf. undirrituðu rekstrarleyfissamning til sjö ára í dag. Samningurinn felur í sér að 12 Tónar verða með tónlistarverslun í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi.

Lárus Jóhannesson stjórnarformaður undirritaði samninginn fyrir hönd 12 Tóna og Höskuldur Ásgeirsson framkvæmdastjóri fyrir hönd Ago ehf.

Verslunin 12 Tónar var stofnuð árið 1998 á Skólavörðustíg. 12 Tónar hafa einnig gefið út tónlist fjölmargra íslenskra tónlistarmanna undir eigin merkjum.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**15.12.10 - 21.12.10**




**1** Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir




**2** Furðustrandir
Arnaldur Indriðason



**3** Svar við bréfi Helgu
Bergsveinn Birgisson




**4** Gunnar Thoroddsen
Guðni Th. Jóhannesson




**5** Lífsleikni Gillz
Egill Einarsson




**6** Hreinsun
Sofi Oksanen



**7** Ljósa
Kristín Steinsdóttir




**8** Eldað með Jóa Fel
Jóhannes Felixson




**9** Þóra biskups
Sigrún Pálsdóttir




**10** Sovét-Ísland, óskalandið
Þór Whitehead

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**KRISTÍN ÞÓRA HARALDSDÓTTIR** Fer með hlutverk loftandans Ariel í Ofviðrinu eftir Shakespeare sem frumsýnt verður í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# LÆRIR AF REYNSLUNNI

**Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á uppfærslu á Ofviðrinu eftir Shakespeare í leikstjórn hins litháíska Oskaras Koršunovas. Fréttablaðið leit við í Borgarleikhúsinu og tók Kristínu Þóru Haraldsdóttur tali en hún fer með hlutverk loftandans Ariel.**

„Það er mjög áhugavert að fást við Shakespeare,“ segir Kristín Þóra Haraldsdóttir þegar hún fær síðbúna hádegispásu frá æfingum á Ofviðrinu eftir Shakespeare. Þegar litið er inn í sal má sjá leikmyndina á sviðinu, dansarar stíga á svið þegar leikarar taka hlé, allir eru á lokasprettinum enda stutt í frumsýningu. „Leikstjórinn er líka mjög fróður um Shakespeare, verkið og karakterana í því, sem er mjög gefandi. Ég hafði auðvitað lært minn Shakespeare í Leiklistarskólanum en ekkert lagst í neinar sérstakar rannsóknir þannig að þetta hefur verið mjög lærdómsríkt æfingatímabil,“ segir Kristín Þóra.

### Koršunovas inspírerandi

Leikstjórinn Oskaras Koršunovas hefur verið í hópi fremstu leikstjóra Evrópu síðustu ár og er auk þess leikhússtjóri Borgarleikhússins í Vilníus. Kristín segir sérlega áhugavert að vinna með erlendum leikstjóra: „Það er mjög inspírerandi og hvetjandi þegar leikstjórar koma að utan. Koršunovas er mikill snillingur og ég er bara að reyna að læra eins mikið og ég get á meðan á þessu stendur,“ segir Kristín Þóra, sem fer með hlutverk loftandans Ariel í verkinu, andans sem Prosperó leysir úr læðingi og lætur framkvæma óskir sínar. Prosperó er leikinn af Ingvari E. Sigurðssyni, en auk hans eru fleiri þrautreyndir leikarar í uppfærslunni, Hilmir Snær Guðnason, Jóhann Sigurðarson og Sigrún Edda Björnsdóttir svo fáeinir séu nefndir.

„Ég álít mig mjög heppna að fá að vinna með þeim, ég fylgist vel með þessum reyndu leikurum til að sjá hvernig þeir gera þetta. Svo deili ég búningsherbergi með Sigrúnu Eddu og er sífellt að spyrja hana ráða,“ segir Kristín Þóra kímin.

Sjálf hefur hún orðið æði mikla leikreynslu þrátt fyrir að vera aðeins 28 ára gömul. Kristín Þóra útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2007 og hefur verið fastráðin síðan, fyrst hjá Leikfélagi Akureyrar og síðan hjá Borgarleikhúsinu.

### Einbeitt að loknu fæðingarorlofi

Á þessu leikári hefur hún farið með stór hlutverk í Gauragangi og Fólkinu í kjallaranum. Í Gauragangi, sem var frumsýndur síðasta vor en tekinn aftur upp í haust, lék hún Ástu, þroskahefta systur aðalsöguhetjunnar Orms Óðinssonar, og í Fólkinu í kjallaranum lék hún bæði Emblu, systur aðalsöguhetjunnar Klöru, og dóttur hennar Nönnu.

„Það var dásamlegt að leika Ástu, ég undirbjó mig afar vel fyrir það hlutverk. Mér var svo mikið í mun að gera það vel, ég vildi alls ekki að það kæmi út eins og ég væri að gera grín að henni, ef hún væri fyndin þá væri það á hennar forsendum. Sömuleiðis fannst mér afar gaman að leika í Fólkinu í kjallaranum og ekki spillti fyrir að það var alltaf fullt hús. Leikhús verður auðvitað fyrst til þegar áhorfendur koma til sögunnar,“ segir Kristín Þóra, sem þarf ekki að kvarta yfir áhugaleysi áhorfenda því mjög góð aðsókn var á bæði þessi leikrit og Fólkið í kjallaranum hætti reyndar fyrir fullu húsi fyrir skömmu. Þess má einnig geta að Kristín Þóra var tilnefnd til Grímuverðlaunanna fyrir túlkun sína á Ástu.

„Ég naut þess mjög að leika hana, ég fór beint í það hlutverk eftir fæðingarorlof og ég kom mjög einbeitt til verks að því loknu,“ segir Kristín Þóra. „Mér fannst ég bæði öðlast nýja vídd sem leikari við það að eignast barn og svo fór ég að nýta tímann betur,“ segir Kristín Þóra og bætir því við að það hljóti að vera þess vegna sem hún er búin að kaupa allar jólagjafirnar mörgum dögum fyrir jól. „Ég hef stefnt að þessu í ansi mörg ár og aldrei tekist. Núna er brjálæðislega mikið að gera og í fyrsta sinn á ævinni er ég búin að gera allt í tíma,“ segir Kristín Þóra og er þar með farin aftur á æfingu á Ofviðrinu.







### ÁRIÐ HJÁ KRISTÍNU

Hlutverk Kristínar Þóru í **Ofviðrinu** er það þriðja sem hún leikur á árinu en hún lék einnig í **Gauragangi** og **Fólkinu í kjallaranum.** Myndirnar eru úr verkunum.

### SÍÐASTA VERK SHAKESPEARES

**Ofviðrið** er síðasta leikrit Shakespeares og skrifað um svipað leyti og Vetraævintýri og Cymbeline. Það var frumflutt 1. nóvember 1611 í Whitehall-höllinni fyrir James 1. konung af leikhópi skáldsins, The King's Men. Hefðin hefur verið sú að líta á verkið sem eins konar uppgjör höfundarins við fortíðina, tregablandna og rómantíska kveðju til leikhússins og listalífsins. Eyjuna þar sem leikurinn á sér stað er ekki að finna á neinu landakorti. Hún er leikhúsið. Allt getur gerst á þessari leikhúseyju. Leikurinn gerist á þeim tíma sem sýningin á sér stað, þeim tíma sem tekur leikarana að flytja verkið. Það er hlaðið meiri dulúð og torræðari merkingum en við eigum að venjast í leikritum Shakespeares.

**Kristín Þóra Haraldsdóttir** leikur loftandann Aríel sem miðpunktur verksins, Prosperó, vekur til lífsins. Ingvar Sigurðsson leikur Prosperó en önnur aðalhlutverk eru í höndum Láru Jóhönnu Jónsdóttur sem leikur Míröndu dóttur Prosperós, Hilmis Snæs Guðnasonar sem leikur Kalíban, þræl Prosperós, og Jóhanns Sigurðarsonar sem leikur Alonsó, kóng í Napólí. Leikstjóri verksins er Oskaras Koršunovas.


BESTA GLÆPASAGAN
MEST SELDA BÓKIN
Glæpafélag Vestfjarða valdi Ég man þig eftir Yrsu Sigurðardóttur sem bestu glæpasögu ársins 2010
Metsölulisti Eymundssonar, 15.- 21. desember
ÁRITUN Í EYMUNDSSON
Yrsa Sigurðardóttir áritar bók sína Ég man þig í Eymundsson, Austurstræti, í dag kl 17 - aðeins þetta eina sinn!
1. PRENTUN – UPPSELD
2. PRENTUN – UPPSELD
3. PRENTUN – UPPSELD
„Ég er gríðarlega ánægð. Ég verð að taka undir með þeim sem segja að þetta sé besta bók Yrsu."
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni
1. Sæti
Metsölulisti Eymundssonar – Allar bækur 15.- 21. desember
ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
„Stenst samanburð við það sem best gerist í glæpasögum samtímans, hvar sem er í heiminum." Times Literary Supplement um Ösku
„Mögnuð – Besta bók Yrsu."
Árni Matthíasson, Morgunblaðinu
„Fær hárin til að rísa."
Kristjana Guðbrandsdóttir, DV
„Vel byggð saga og hörkuspennandi. Besta bók Yrsu."
Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu
„Besta bók Yrsu hingað til. Fyrsta flokks skáldverk sem ómögulegt er að leggja frá sér óklárað. Óhugnanlega spennandi bók."
Jakob Hansen, Pressunni
„Ég var því bæði sæl og glöð þegar ég hafði lokið lestrinum."
Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is
„Spennan og alltumlykjandi óróleikinn stigmagnast með hverjum kaflanum."
Arnar Eggert Thoroddsen, Morgunblaðinu
VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9







# Þrjú klassísk barnarit fáanleg á ný

**Útgáfufélagið Ókei-bækur hefur gefið út þrjár nýklassískar barnabækur sem hafa verið ófáanlegar um hríð: Selur kemur í heimsókn, Svona verða börnin til og Askur og prinsessan.**

**Selur kemur í heimsókn eftir Gene Deitch kemur nú út eftir 36 ára dvala. Þar segir frá því þegar selur heimsækir hvolp, dúfu og mús í fiskibolluverksmiðju.**

**Svona verða börnin til eftir Per Holm Knudsen kom fyrst út árið 1971 en þar segir frá getnaði og fæðingu á hreinskilinn, einfaldan og heiðarlegan hátt.**

**Í Aski og prinsessunni segir frá því þegar Askur klæðskerasonur leggur í hættuför í Svartaskóg til að bjarga Lilju prinsessu frá Dofra galdramanni.**




**Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.**

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.




**Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands**
**Er sem hér segir:**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Eskihlíð 2-4 | Hafnargötu 29 | Freyjusnesi 4 |
| S. 892 9603 | S. 697 3521 | S. 869 0820 |
| 14-15-21-22 des. | 22. des | 22. des |
| Frá kl 14:00 | | |

Fjölskylduhjálp Íslands




Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is
LUMEX

# Nútíma pennavinir

Bækur ★★★

**Geislaþræðir**
Sigríður Pétursdóttir



Bréfaskáldsögur eru því sem næst jafngamlar skáldsagnaforminu sjálfu. Á gullöld sendibréfanna voru skrifaðar ótal skáldsögur sem samanstóðu eingöngu af sendibréfum milli persónanna þar sem atburðum, tilfinningum og hugsunum var miðlað í persónulegum skrifum frá einni sögupersónu til annarrar. Á allra síðustu árum hefur bréfaskáldsagan gengið í endurnýjun lífdaga með tölvupóstinum og jafnvel hafa orðið til heilu skáldsögurnar sem eingöngu felast í sms-skilaboðum milli persóna. Nýjar leiðir til samskipta bjóða upp á nýja tjáningarmöguleika. Tölvupósturinn gerir fólki kleift að skrifast á hratt, bregðast við skeytum samstundis, jafnvel á milli heimsálfa. Þótt það sé lítt rannsakað má fullyrða að stíll tölvupósta er ólíkur stíl sendibréfa, hann er óhátíðlegri, bæði hjá ungum og gömlum.



Fyrsta bók Sigríðar Pétursdóttur er safn smásagna sem allar felast í tölvupóstsamskiptum ólíkra persóna. Flestar sagnanna eiga það sameiginlegt að persónurnar þekkjast ekki þegar skeytasendingar hefjast. Hér skrifast á íslensk unglingsstúlka og áströlsk amma, miðaldra íslensk kona sem vinnur við tölvur og ungur sænsk-indverskur kollegi hennar og í lengstu sögunni, sem bókin þiggur nafn sitt af, skrifast á ensk kona og íslensk sem báðar hafa átt í sambandi við sama karlmann. Sú saga spannar heilan áratug í lífi persónanna og við fylgjumst með þeim þróast í stuttum skeytum, stundum með löngu millibili. Þrátt fyrir að sagan sé stutt er sögð í henni löng saga og þráðurinn milli persónanna tveggja slitnar aldrei þótt maður óttist stundum að hann sé að verða bláþráðóttur rétt eins og þráðurinn milli lesanda og sögunnar.

Sögurnar í Geislaþráðum eru sögur af „venjulegu" fólki sem þarf að kljást við vandamál í einkalífinu. Í sumum sagnanna þurfa persónurnar að glíma við óvæntar aðstæður í samtímanum, aðrar snúast fremur um óvæntar uppljóstranir úr fortíðinni. Sögurnar í Geislaþráðum eru misgrípandi, í þeim bestu, eins og titilsögunni, tekst að skapa persónum sannfærandi rödd og láta hinn tiltölulega knappa texta tölvupóstanna gefa í skyn undirtexta sem er flóknari og margræðari. Aðrar sagnanna, til dæmis sú síðasta, Blúndur og búsáhöld, eru ekki jafn vel heppnaðar, þar lifna persónurnar aldrei almennilega til lífsins.

Í Geislaþráðum tala margar persónur eða skrifa öllu heldur. Það er mikill vandi að láta hverja þeirra hljóma sannfærandi og sérstaka auk þess sem það er erfiðara en halda mætti að líkja eftir málsniði tölvupósta. Langoftast tekst Sigríði þetta vel. Á stöku stað verður stíllinn svolítið bóklegur og stífur en oftast flæðir textinn ágætlega og líkir eftir því óhátíðlega máli sem flestir skrifa í tölvupóstum.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**Niðurstaða:** Bestu sögurnar í þessu smásagnasafni draga upp hnyttnar og áhugaverðar myndir af persónum og aðstæðum í nútímanum.

# Hreinskilið uppgjör

Bækur ★★★

**Árni Matt. Frá bankahruni til byltingar**
Árni Mathiesen og Þórhallur Jósepsson



Árni Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, sem nú er orðinn aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna í Róm, kveður íslenska pólitík með bók sem Þórhallur Jósepsson hefur skráð eftir honum um atburði í aðdraganda hrunsins haustið 2008.

Eftir hrunið er minn tími í pólitík einfaldlega liðinn, - í bili að minnsta kosti, segir Árni. Þeir Þórhallur eiga báðir hrós skilið fyrir þessa bók sem geymir hreinskilnasta framlag íslensks stjórnmálamanns til uppgjörsins eftir hrun.

Markverðustu pólitísku tíðindin í bókinni held ég að felist í þeim lærdómi sem Árni dregur af reynslu sinni af því að ræða við erlenda ráðamenn vikurnar í kringum hrunið haustið 2008.

Niðurstaða hans er sú að ætli Íslendingar sér að leita bandamanna erlendis standi aðeins einar dyr opnar, það eru dyr Evrópusambandsins. Árni segir að það blasi við að eftir brottför Bandaríkjahers haustið 2006 telji Bandaríkjamenn Íslendinga ekki lengur á sínu áhrifasvæði. Það sé sameiginlegur skilningur þeirra og annarra helstu stórvelda í heiminum að Íslendingar tilheyri einfaldlega áhrifasvæði Evrópusambandsins og Breta. Árni tekur fram að hann sé sjálfur enginn sérstakur áhugamaður um aðild að Evrópusambandinu. Hann vildi gjarnan standa utan þess, ef þess væri kostur. En niðurstaða hans af mati á þeim hagmunum sem eru í húfi er sú að ekki sé vit í öðru en að láta




reyna á það til fulls hvaða samningar bjóðist í aðildarviðræðunum sem nú fara fram við Evrópusambandið. Hugmyndir um stundum heyrast um að Íslendingar geti orðið fríríki og eigi að stefna að nánum tengslum við Bandaríkin, Rússa, Kínverja eða einhver önnur stórveldi eru einfaldlega óraunhæfar. Áhugi annarra þjóða á slíku sambandi er einfaldlega ekki til staðar. Ég man ekki eftir að hafa áður séð mann úr innsta hring Sjálfstæðisflokksins fallast með jafnskýrum hætti á málflutning þeirra sem aðhyllast aðild að ESB um þetta grundvallaratriði.

Þarna má líka lesa forvitnilegar lýsingar á fundum ráðherra með bankamönnum í aðdraganda hrunsins og því þegar ráðherrarnir gera sér fyrst grein fyrir því á síðustu metrunum að eigendur bankanna hafa verið að beita þá blekkingum. Stjórnvöld töldu fram á síðustu stund að vandi bankanna væri lausafjárvandi og uppgötvuðu ekki fyrr en um seinan að vandinn var vegna uppblásins eigin fjár og ónýtra skulda sem bankarnir töldu til eigna. Árni lýsir vonbrigðunum sem fylgdu því að uppgötva það að baráttan hafði líklega alltaf verið vonlaus og byggð á þessari blekkingu um leið og hann ræðir þann lærdóm sem stjórnkerfið geti dregið af þessari reynslu.

**Pétur Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Hreinskilnasta uppgjör íslensks stjórnmálamanns við hrunið.

**SONY**
make.believe

# Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum

5 ára ábyrgð á Sony BRAVIA sjónvörpum án nokkurs aukakostnaðar!

HOME CINEMA Choice ★★★★ BEST BUY

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★



5 ÁRA

189.990,-

Aftur komin á lager!

**Sony BRAVIA 40" LCD sjónvarp**
KDL-40EX500 40" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
„TV Product of the Year 2010" í What HiFi

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- Bravia Internet Video
- USB media player



5 ÁRA

149.990,-

**Sony BRAVIA 32" LCD sjónvarp**
KDL-32EX500
32" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 80,0 x 49,7 x 9,6cm 9,9kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi



5 ÁRA

249.990,-

**Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp**
KDL-40EX710
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 95,2 x 61,3 x 7,4cm

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi



5 ÁRA

279.990,-

**Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp**
KDL-40NX700
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 99,4 x 63,5 x 6,4cm 19,2kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Deep Black panel
- Wi-Fi innbyggt þráðlaust net



14.990,-

**Sony DVD spilari**
DVP-SR100
Spilar DVD og CD.
Coax digital út.

- Vandaður DVD spilari og region free
- Upscaling úr DVD í háskerpu
- SCART tengi
- MP3, JPEG and DivX afspilun



36.990,-

**Sony myndavél 4 GB fylgja**
DSC-W350 m/4GB minniskorti.
14,1 megapixla Cyber-shot.
Einföld, létt og þægileg.

- 26mm víðvinkill
- Háskerpuupptaka
- Carl Zeiss linsa
- 2,7" skjár / hleðslurafhlaða



25.990,-

**Sony iPod vekjaraklukkuvagga**
ICF-DS11iP
Vaknaðu við tónlistina úr iPodinum þínum.

- FM/AM útvarp / A og B vekjari
- iPod vagga að framan
- Fjarstýring sem stýrir líka iPodinum
- Stórt letur á klukku

Heill heimur upplifunar í Sony Center - og heitt kaffi á könnunni yfir jólin!

**Sony Center**
Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

# Fólk

folk@frettabladid.is

**473 ÞÆTTIR** hafa komið út um hina geysivinsælu Simpson-fjölskyldu, en fyrsti þátturinn fór í loftið hinn 17. desember 1989.





**VERÐLAUNAHAFAR** Sex flytjendur hlutu Kraumsverðlaunin árið 2010 fyrir plötur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Kraumur gaf sex verðlaun

Sex flytjendur fengu Kraumsverðlaunin afhent við hátíðlega athöfn í gær, en það voru Apparat Organ Quartet, Ég, Nolo, Ólöf Arnalds, Daníel Bjarnason og Jónas Sigurðsson. Alls voru tuttugu plötur sem gefnar voru út á þessu ári í pottinum.

Þetta var þriðja árið í röð sem Kraumsverðlaunin voru afhent. Þau eru veitt þeim verkum í íslenskri plötuútgáfu sem þótt hafa framúrskarandi og spennandi á árinu. Þeir sem fá verðlaunin hljóta stuðning frá Kraumi í formi plötukaupa og kynningu á verðlaunaplötunum á erlendum vettvangi. Á meðal þeirra sem hlutu ekki náð fyrir augum dómnefndarinnar í ár voru Agent Fresco, Amiina, Retro Stefson og Seabear.

Öll þrjú árin sem Kraumsverðlaunin hafa verið afhent hafa plöturnar verið sex í staðinn fyrir fimm, eins og lagt var upp með til að byrja með. Samkvæmt reglum Kraumslistans hefur dómnefnd leyfi til að fjölga verðlaunaplötum ef sérstakt tilefni þykir til.

Þær sex plötur sem urðu fyrir valinu í fyrra voru með þeim Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, Bloodgroup, Helga Hrafni Jónssyni, Hildi Guðnadóttur, Hjaltalín og Morðingjunum.

Kraumur Tónlistarsjóður | Music Fund

### KRAUMSVERÐLAUNAHAFAR 2010

Apparat Organ Quartet - Pólýfónía
Daníel Bjarnason - Processions
Ég - Lúxus upplifun
Jónas Sigurðsson - Allt er eitthvað
Nolo - No-Lo-Fi
Ólöf Arnalds - Innundir skinni

# ÞJÓÐIN ELSKAR HELGA BJÖRNS OG JUSTIN BIEBER



**HELGI BJÖRNSSON** Helgi Björnsson hefur slegið í gegn með hestamannaplötum sínum tveimur.

**Helgi Björnsson og Justin Bieber eiga söluhæstu plötur ársins hér á landi í innlenda og erlenda geiranum. 36 ár skilja að þessa ólíku en áhrifamiklu söngvara.**

Þrátt fyrir að 36 ár skilji að popparana Helga Björnsson og Justin Bieber eiga þeir það sameiginlegt að eiga vinsælustu plötur ársins í innlenda og erlenda geiranum hér á landi með samanlagt um fjórtán þúsund eintaka sölu.

Helgi og Reiðmenn vindanna eiga langsöluhæstu plötu ársins, Þú komst í hlaðið, sem hefur selst í um ellefu þúsund eintökum. Söluhæsta erlenda platan er síðan My World 2.0 úr smiðju sextán ára ungstirnisins Biebers. Hún hefur farið í um þrjú þúsund eintökum og er sú tala í takt við hrapandi sölu á erlendum plötum undanfarin tíu ár.

Aðspurður segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu, að velgengni Helga Björns hafi að hluta til komið honum á óvart. „Við gerðum svipaða plötu með honum í hittiðfyrra, Ríðum sem fjandinn. Henni gekk gríðarlega vel og er komin í kringum tíu þúsund eintök. Það má segja að það hafi komið á óvart að þessi skyldi gera betur,“ segir Eiður og bætir við að sér finnist nýjan platan betri en sú gamla.

Samkvæmt nýjasta Tónlistanum er plata Justins Bieber í níunda sæti yfir þær vinsælustu hér á landi og er þar með fyrsta erlenda platan í manna minnum til að komast inn á topp tíu listann. „Hún stefnir í þrjú þúsund og það er lang, langsöluhæsta erlenda plata ársins. Bieber er svakalega vinsæll og er fyrst og fremst að höfða til unglinga og jafnvel barna. Þessum hópi er kannski ekkert allt of mikið sinnt á plötumarkaðnum,“ segir Eiður.

**1994** Árið sem Justin Bieber fæddist kom út síðasta hljóðversplata Síðan skein sól, Blóð. Þar söng Helgi af mikilli innlifun lög á borð við Lof mér að lifa, Einmana, Saklaus og Sleiktu mig upp.

Næstmest selda plata ársins og sú langsöluhæsta fyrir jólin er Næstu jól með gröllurunum í Baggalúti. Hún mun að öllum líkindum enda í um átta þúsund eintökum eftir að jólavertíðinni lýkur, miðað við ágiskun Eiðs. Síðasta jólaplata Baggalúts, Jól og blíða, seldist einnig eins og heitar lummur fyrir fjórum árum, í níu þúsund eintökum. Um þúsund eintök hafa bæst við síðan þá.

Á eftir Baggalúti eru nokkrar plötur í kringum fimm þúsund eintök, en það eru safnplötur Bubba, Ellýjar Vilhjálms og Mannakorna, auk þess sem plötur Blazroca, Sigurðar Guðmundssonar, Diskóeyjunnar, Hjálma og Björgvins Halldórssonar eru á meðal þeirra sem eru skammt undan.

Ef litið er á sölulista vekur athygli að nýjasta plata Sálarinnar, Upp og niður stigann, og tónleikaplata Hjaltalín og Sinfó, Alpanon, hafa ekki náð flugi fyrir jólin. Báðar hafa þær selst í um tvö þúsund eintökum. Síðasta plata Hjaltalín, sem reyndar var hljóðversplata, hefur selst í hátt í sjö þúsund eintökum, og síðasta hljóðversplata Sálarinnar, Undir þínum áhrifum, sem kom út fyrir fimm árum, seldist í yfir fimm þúsund eintökum. Síðan þá hefur safnpakki Sálarinnar selst í á sjöunda þúsund eintaka og gospel-tónleikaplata sveitarinnar er komin langleiðina í tíu þúsund stykki.

freyr@frettabladid.is



**JUSTIN BIEBER** Ungstirnið á söluhæstu erlendu plötuna á þessu ári.





Vertu með bindishnútinn í símanum
Samsung Galaxy 5
0 kr. útborgun
m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x3.325 kr.*
Jólainneign 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fylgir.
*Dreifingargjald 250 kr. á mánuði.



Jólakaupauki
Flottur hátalari fylgir GSM tilboði á meðan birgðir endast.

www.ring.is / m.ring.is
www.facebook.com/ringjarar
ring VERTU MEÐ
ENNEMM / SÍA / NM44787


spilverk þjóðanna
Komin er út heildarútgáfa með Spilverki þjóðanna.
Vegleg askja sem inniheldur allar 6 plötur Spilverksins og sjöunda platan er með áður óútgefnum hljómleikaupptökum, upptökum úr sjónvarpsþáttum og leikritinu Grænjöxlum. Alls eru 18 lög á aukaplötunni. Með útgáfunni fylgir 100 síðna bæklingur með öllum textum Spilverksins, myndum og blaðaúrklippum.
KEMUR Í VERSLANIR
EFTIR HÁDEGI Í DAG
★★★★★
„Spikfeitur heildarpakki með einni ástsælustu hljómsveit íslenskrar tónlistarsögu. Nú er gaman.“
„Þessi glæsilega heildarútgáfa fær fullt hús.“
- Trausti Júlíusson
Fréttablaðið
10/10
„Þessi viðhafnarútgáfa er ein sú flottasta og besta sem hefur verið gefin út á Íslandi til þessa.“
„Langbesta safnútgáfa ársins og líka langbesta íslenska útgáfan á árinu.“
- Halldór Ingi Andrésson
Poppheimar
GÖTUSKÓR
Sturla
ÍSLAND
SPILVERK ÞJÓÐANNA
POBEDA/Пoбeдa
www.facebook.com/spilverk
www.spilverk.is
FÁANLEG Í NÆSTU VERSLUN
sena



**SVIPAÐ HÆTTUSPILINU** Arnaldur Gauti samdi spilið Fjör til enda nú fyrir jólin en það er í anda Hættuspilsins sem kom út 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Enn bætir í borðspilin

„Mér fannst vanta hressandi spil þar sem enginn þarf að svara sérhæfðum spurningum, ráða í orð eða leika hlutverk," segir Arnaldur Gauti Johnson, sem gefur út spilið Fjör til enda nú fyrir jól. Fréttablaðið fjallaði um helgina um aragrúa íslenskra spila sem koma út í ár en gleymdi að minnast á spil Arnaldar. Spilið segir hann að sé í anda Hættuspilsins sem kom út fyrir rúmum tólf árum, en það spil sló rækilega í gegn hjá landanum. „Mitt markmið var að búa til fjörugt spil fullt af húmor og óvæntum uppákomum." Arnaldur segir það mikilvægt að þeir sem spili þurfi ekki að eyða miklum tíma í leiðbeiningar og þess vegna sé spilið ekki mjög flókið. - ka

# Byggir hlöðu fyrir svín

Leikkonan Reese Witherspoon stendur í stórræðum þessa dagana en hún er að byggja skýli við húsið sitt. Witherspoon er forfallinn dýraaðdáandi og var í raun knúin til að byggja yfir skepnurnar sínar, geitur, asna, svín og hænur. „Mér finnst mjög töff að vera með hlöðu í garðinum enda eru dýrin vinir mínir og eiga skilið almennilegt húsnæði," segir Witherspoon í viðtali.



**REESE WITHERSPOON**

Hún á tvö börn með leikaranum Ryan Philippe en er nú í sambandi með umboðsmanninum Jim Toth og ætla þau að eyða sínum fyrstu jólum saman.

# Vökudeildin fær hundruð húfa

„Það eru komnar hátt í 600 húfur og svo fékk ég líka sjö teppi og eitthvað af sokkapörum," segir Hafdís Priscilla Magnúsdóttir, sem ætlar að afhenda vökudeild Barnaspítala Hringsins handprjónaðar húfur handa fyrirburum deildarinnar á morgun, aðfangadag.

Fréttablaðið sagði frá því í byrjun nóvember að Hafdís Priscilla hefði í hyggju að prjóna húfur fyrir vökudeildina. Hún setti prjónaviðburðinn inn á samskiptasíðuna Facebook, fyrir vini og vandamenn, en átakið vatt upp á sig og um 850 manns skráðu sig á síðuna. Hún segir hins vegar að fleiri hafi haft samband eftir að fréttin birtist. „Það eru ekki allir á Facebook og eldri konur sem lásu fréttina höfðu samband og vildu endilega vera með," segir Hafdís, en hún er sjálf búin að prjóna fjórar húfur og sú fimmta er á leiðinni. Hafdís segir misjafnt hversu margar húfur hver og einn geti prjónað. „Sumar prjóna eina húfu en aðrar kannski fimm. Það var ein sem prjónaði 35 húfur. En að halda utan um allar þessar 600 húfur var aðeins meira en ég bjóst við," segir Hafdís og hlær. Húfurnar verða afhentar á morgun, en þá ætlar hún að ferja þær frá heimili sínu og niður á Barnaspítala. „Við keyptum plastkassa í Rúmfatalagernum og röðuðum húfunum ofan í eftir stærð, og þannig ætlum við að ferja þetta allt saman," segir Hafdís, en hún vill þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við prjónaskapinn. - ka



**BJÓST EKKI VIÐ 600 HÚFUM** Hafdís Priscilla afhendir vökudeild Barnaspítala Hringsins um 600 prjónaðar fyrirburahúfur á aðfangadag, mun fleiri húfur en hún bjóst við að fá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MAC-AÐDÁANDI NÚMER EITT** Hörður Ágústsson telur sig vera að breiða út Mac-boðskapinn en Macland er eina verslunin í miðbænum sem sérhæfir sig í raftækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Aftur líf í Sirkushúsinu

**Þrjú ár eru liðin síðan skemmtistaðnum Sirkus var lokað á Klapparstíg þar eð rífa átti húsið. Nú dúkkar þar upp verslun með tölvuvörur.**

„Ég sagði upp vinnunni þremur vikum fyrir jól og hófst þá handa við að gera húsnæðið upp. Það var annað hvort að hrökkva eða stökkva," segir Hörður Ágústson, framkvæmdastjóri Macland, en hann er búinn að opna verslun á Klapparstíg 30 þar sem skemmtistaðurinn sálugi var til húsa.

Tæp þrjú ár eru síðan skemmtistaðnum var lokað vegna þess að til stóð að rífa húsið og hafa eflaust margir velt framtíð litla hússins á Klapparstíg fyrir sér, enda hefur það verið heldur grátt og guggið ásýndar. „Húsnæðið kom fyrir stuttu aftur á leigumarkaðinn og þá höfðu Hemmi og Valdi sem reka kaffihúsið hér fyrir ofan samband við mig en við eigum búðina til helminga."

Macland er, eins og nafnið gefur til kynna, verslun sem sérhæfir sig í tölvum og tækjum tengdum Apple ásamt því að bjóða upp á viðgerðarþjónustu og sérfræðiaðstoð. „Ég er örugglega Apple-lúði aldarinnar og hef verið í um tíu ár svo það má kannski segja að ég hafi tekið að mér að breiða út boðskapinn," segir Hörður. Hann hefur rekið verslunina á netinu í tæp ár og var í raun ekki með neina stóra drauma varðandi fyrirtækið en ákvað að taka stökkið þegar húsnæðið bauðst.

Hörður skrifaði undir leigusamning í byrjun desember og hafði þá hraðar hendur við endurbætur á húsnæðinu enda var takmarkið að opna fyrir jól. „Þetta er búið að vera mikið stress og við höfum átt margar svefnlausar nætur til að koma þessu heim og saman," segir Hörður en verslunin var opnuð í fyrradag og hefur verið reynt að tapa ekki tengingunni við Sirkusbarinn með endurbótunum.

„Við erum eina verslunin með raftæki í miðbænum og sérhæfum okkur í að gefa góða og persónulega þjónustu," segir Hörður og hlakkar til að takast á við verslunarbransann í miðbænum.

alfrun@frettabladid.is

# Kvartaði undan Scarlett

**Leikararnir Ryan Reynolds og Scarlett Johansson tilkynntu í byrjun mánaðarins að þau væru að skilja eftir rúmlega tveggja ára hjónaband. Samkvæmt tímaritinu US Weekly var það Johansson sem átti frumkvæðið að skilnaðinum og situr Reynolds því eftir með sárt ennið.**

**Samkvæmt heimildarmönnum var Reynolds ófeiminn við að deila hjónabandsvandræðunum með mótleikurum sínum í kvikmyndinni The Green Lantern. „Hann var mjög opinn um vandræði þeirra og sagði að hann og Scarlett væru að glíma við ýmis vandamál," sagði heimildarmaðurinn. „Hann sagði meðal annars að hún kæmi illa fram við hann og að hún hefði aldrei tíma aflögu til að eyða með honum."**



**SORG** Ryan Reynolds var ófeiminn við að tala um vandræði þeirra Scarlett.

# Vill fá börnin heim

Leikkonan Nicole Kidman á erfitt með að sætta sig við að börnin tvö sem hún ættleiddi með Tom Cruise kjósi frekar að búa með föður sínum og konu hans Katie Holmes.



**NICOLE KIDMAN**

Kidman og Cruise ólu upp hina átján ára Isabellu og hinn fimmtán ára Connor þangað til þau skildu árið 2001. Þá ákváðu börnin að búa með Cruise og gera enn. „Þau búa hjá Tom en það var þeirra ákvörðun. Það yrði frábært ef þau myndu búa hjá okkur en hvað getur maður gert?" sagði Kidman, sem býr með eiginmanni sínum, sveitasöngvaranum Keith Urban. „Þau eru heilbrigð og geta verið saman. Þau eru frábærar manneskjur."

Kidman á einnig dótturina Sunday Rose með eiginmanni sínum. „Það er yndislegt að vera 43 ára og eiga eina tveggja og hálfs árs," sagði hún.






**NOVA hægindastóll**
Glæsilegur hægindastóll með svörtu PU áklæði. Hægt að halla baki og lyfta skemli.
Stærð: B90 x H103 x D95 sm.

**40% AFSLÁTTUR**

ÁÐUR: 49.950,-

**29.950,-**

**KRONBORG GREENLAND andadúnssæng**
Notaleg og góð sæng fyllt með 750 gr. af andadúni og andafiðri. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina.
Stærð: 135 x 200 sm.

ÁÐUR: 12.950,-

**9.950,-**



Koddi
50 x 70 sm.
4.995,-

HREIN EFNI

**23% AFSLÁTTUR**

# JÓLAGJAFIR!

**TILBOÐIN GILDA 23.12 - 24.12**



VERÐ FRÁ:

**179,-**

**Útikerti**
Mikið úrval af útikertum. Frábær verð!
Leiðiskerti **179,-** Lítil kerti 2 stk. **195,-**
Stórt kerti 1 stk. **479,-** Stórt partýkerti 1 stk. **489,-**

**SINGER 4210 saumavél**
Virkilega góð og vönduð SINGER saumavél. Er með öllum helstu grunnsporunum. Tilvalin jólagjöf á frábæru verði!



**SPARIÐ 10.000**

VERÐ ÁÐUR: 29.990,-

**19.990,-**



**SPARIÐ 3.000**

VERÐ ÁÐUR: 12.995,-

**9.995,-**

**Gönguskór úr leðri**
Vandaðir og góðir gönguskór úr vatnsheldu NUBUCK leðri. Millistífir. Tveir flottir litir.

**KRONBORG LUX handklæði**
Vönduð og góð handklæði úr 100% bómullarfrotté. Nokkrir mismunandi litir og stærðir fáanlegar. Þvottastykki 30 x 30 sm. **129,-** Lítið handklæði 40 x 60 sm. **349,-** Gestahandklæði 50 x 100 sm. **695,-** Baðhandklæði 70 x 140 sm. **1.295,-** Stórt handklæði 100 x 150 sm. **1.995,-**



STÆRÐ: 30 X 30 SM.

**129,-**



**38% AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 7.995,-

**4.995,-**

**CHAMP og PRINCESS svampstólar**
Stórir og mjúkir stólar fyrir börnin.

Smiley World Express Yourself

**SMILEY sængurverasett**
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm. Frábært í jólapakkann!



**30% AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 4.995,-

**3.495,-**

**JÓLAVÖRUÚTSALAN Í FULLUM GANGI!**
**50-75%**
**AFSLÁTTUR AF ÖLLU JÓLASKRAUTI!**



**30% AFSLÁTTUR**

**SIMPSONS sængurverasett**
Flott SIMPSONS sængurverasett. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

VERÐ ÁÐUR: 4.995,-

**3.495,-**

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**OPIÐ TIL 23:00 Í KVÖLD**



**INDIA sængurverasett**
Glæsilegt sængurverasett með fallegri bróderingu. Lokað að neðan með tölum. Stærð: 140 x 200 sm. Fæst í nokkrum fallegum litum.

SÆNGURVERASETT

**2.995,-**






# Skandall skekur H&M

Mikill styr stendur þessa dagana um eina af uppáhaldsbúðum Íslendinga, Hennes & Mauritz. Sænska dagblaðið Expressen sakar verslanakeðjuna um að ljúga að viðskiptavinum sínum. Málið snýst um fatnað sem stenst ekki gæðakröfur fyrirtækisins. Það hefur verið yfirlýst stefna H&M að flíkurnar séu gefnar til hjálparstofnana en Expressen segir að það sé rangt, fyrirtækið eyðileggi í raun fatnaðinn og hendi honum.

Myndbrot sem sýnir starfsmann í einni af fjölmörgum búðum verslanakeðjunnar klippa og rífa fatnað á meðan hann afgreiðir viðskiptavin hefur gengið eins og eldur um sinu á netmiðlum. Myndbandið er tekið upp á síma og hafði sá sem tók það upp orð á því að starfsstúlkan klippti niður boli og buxur með æfðum handtökum og henti í svartan ruslapoka. Í kjölfarið tók Expressen viðtöl við tíu starfsmenn í búðum víðs vegar í Svíþjóð sem staðfesta að þeim sé sagt að ljúga að viðskiptavinum ef þeir séu spurðir út í þetta. „Við höfum aldrei heyrt um neinar gjafir til góðgerðarmála og klippum niður allt að tuttugu flíkur á dag sem koma inn með smávægilega galla,“ hefur blaðið eftir starfsmönnum verslanakeðjunnar.

Hennes & Mauritz hefur ávallt gefið sig út fyrir að gefa fatnað til hjálparstofnana og þvertekur fyrir að farga fatnaði. Þetta er óneitanlega svartur blettur á annars tiltölulega flekklausri fortíð sænska verslunarrisans, sem hefur skapar sér fastan sess í hjörtum verslunarglaðra Íslendinga. - áp



**LOGIÐ AÐ VIÐSKIPTAVINUM?** Sænski verslunarrisinn H&M eyðileggur og hendir fatnaði í stað þess að gefa til hjálparstofnana samkvæmt yfirlýstri stefnu fyrirtækisins.

# Ungmeyjar grétu þegar meðlimir Árstíða árituðu

**Þjóðlagahljómsveitin Árstíðir hefur ráðið rússneska umboðskonu sem bókar nú hvert giggið á fætur öðru í Austur-Evrópu.**

Þjóðlagahljómsveitin Árstíðir hefur ráðið til sín rússnesku umboðskonuna Mariu Chelnokovu. Hún sér um að bóka tónleika fyrir sveitina í Austur-Evrópu og víðar og koma henni á framfæri í fjölmiðlum.

„Hún vinnur fyrir rússneskan menningarsjóð og fann okkur í gegnum IMX [Iceland Music Export],“ segir söngvarinn Ragnar Ólafsson. „Hún hafði samband síðasta vor og vildi fá okkur á tónleika í Rússlandi.“ Árstíðir tóku boðinu fagnandi og drifu sig í tíu daga túr til Finnlands og Rússlands. „Þetta var alveg frábært. Það var þvílík mæting, 250 manns að jafnaði á tónleikum og stofnaður aðdáendaklúbbur í St. Pétursborg. Við spiluðum í aðalmenningarhúsinu í Moskvu og rússnesk sjónvarpsstöð tók upp tónleikana og við fórum í viðtal á nokkrum útvarpsstöðvum. Síðan höfum við verið að dúkka upp í alls konar tímaritum,“ segir Ragnar, sem er gríðarlega ánægður með störf Mariu. „Þessi túr sem við fórum á sýnir hvers hún er megnug. Við erum í skýjunum með að hafa fundið þessa manneskju.“

En hvers vegna eru Árstíðir svona vinsælt band í Rússlandi? „Ísland hefur gott orð á sér þarna og íslensk tónlist er spennandi, enda eru Sigur Rós og múm dáðar þarna úti,“ útskýrir Ragnar. „Síðan er líka mjög mikil þjóðlagahefð í Austur-Evrópu og það sem Árstíðir eru að gera hittir beint í mark. Við lentum meira að segja í því að unglingsstúlkur voru að bresta í grát þegar við árituðum plötuna okkar.“

Hljómsveitin ætlar í tvær tónleikaferðir um Rússland og víðar um Austur-Evrópu í ágúst á næsta ári sem standa alls yfir í tvo mánuði. Ný plata verður tekin upp næsta sumar og vilja Ragnar og félagar tryggja sér dreifingarsamning í Rússlandi áður en farið verður út. „Flest bönd á Íslandi reyna við Bandaríkja- og Bretlandsmarkað en það er mjög erfiður markaður. Við ætlum að bíða með það og hamra járnið í Austur-Evrópu og Rússlandi á meðan það er svona funheitt,“ segir Ragnar.

Næstu tónleikar Árstíða hér heima verða í Fríkirkjunni á Þorláksmessu þar sem hljómsveitin spilar sín eigin lög í bland við jólalög í nýjum útsetningum.

freyr@frettabladid.is



**ÁRSTÍÐIR** Þjóðlagahljómsveitin Árstíðir nýtur aðstoðar umboðskonunnar Mariu Chelnokovu.

# Baggalútur kemur með jólin

Tónlist ★★★

**Næstu jól**

Baggalútur

Það er löngu orðinn fastur hluti af jólaundirbúningnum að hlusta á Baggalút klæða gömul dægurlög í jólabúning. Lengi vel létu Baggalútar sér nægja að skella einu og einu lagi í spilun, en árið 2006 kom fyrsta jólaplatan, Jól og blíða. Nú er plata númer tvö komin: Næstu jól.

Formúlan hjá Baggalútsmönnum er einföld. Finna lög sem hafa slegið í gegn, láta Braga Valdimar Skúlason semja húmoríska jólatexta við þau og fá Kidda í Hjálmum og hans lið til að útsetja og spila inn. Oft tekst þetta frábærlega. Kreppujólasmellurinn Það koma vonandi jól við Bee Gees lagið I Am a Woman in Love er til dæmis algjör snilld, textinn frábær og útsetningin upp á tíu. Á nýju plötunni eru nokkur fleiri lög í sama gæðaflokki. Leppalúði (Somewhere Down the Crazy River) er eitt af þeim, Ég kemst í jólafíling (You've Lost That Loving Feeling) er annað og Wings-smellurinn Silly Love Songs sem Baggalútur kallar Jólaleg jólalög er það þriðja. Textinn í því er reyndar ekkert sérstakur, en flutningurinn flottur og þetta er fyndið og skemmtilegt lag. Og svo er það lagið sem toppar allt: Saddur (Je t'aime... moi non plus). Viðsnúningur Baggalúts á þessu andstutta ástarbrímameistaraverki Serge Gainsbourg er stórkostlegur. Karlinn glottir örugglega í gröfinni.

Inni á milli eru svo lög sem virka ekki jafn vel. Yazoo-lagið Only You er dæmi um það. Er einhvern veginn bara pirrandi hér. Á heildina litið er þetta samt stórskemmtilegur jóladiskur. Er hægt að ímynda sér jól án Baggalúts?

Trausti Júlíusson




**Niðurstaða:** Jólasending Baggalúts klikkar ekki frekar en fyrri daginn.

LAMBAKJOT.IS

# Lambalæri

## – MEÐ RAUÐVÍNSPERU & KARTÖFLUGRATÍNI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



Lambalæri • 1 dl romm • 400 g hrásykur • 2 stk lime • 1 lítill ananas • 4 - 5 msk kókosmjöl
Rífið limebörk útí kókos og saxið myntu útí. Nuddið saman. Skerið ananas smátt og bakið í ofni í 25 mínútur á 150°C svo hann verði sætari. Lagið lög úr bræddum hrásykri, rommi og limesafa. Smyrjið lærið með leginum og kryddið með salti og pipar. Látið liggja í 2 klst. Bakið lærið í ofni við 160°C í 60 - 70 mín. Takið það út, hellið soðinu í pott. Látið kjötið hvíla í 20 mínútur. Hitið ofninn í 220°C. Smyrjið þá lærið aftur með leginum og bakið í 10 - 15 mín. Berið þá löginn aftur á lærið og stráið ananas, myntu og kókos yfir.

**Kartöflu- og sveppagratín**
6 bökunarkartöflur • 2 box sveppir • 2 skarlottulaukar • 4 hvítlauksrif • 1 búnt steinselja • 500 ml rjómi
Skrælið og skerið kartöflur niður í teninga, forsjóðið. Sneiðið sveppi og steikið í smjöri ásamt söxuðum hvítlauk og skarlottulauk. Kryddið með saxaðri steinselju, salti og pipar. Hellið rjómanum út á, setjið í eldfast mót og bakið í 15 - 20 mín við 170°C.

**Rauðvínssoðnar perur**
6 perur • 1 flaska rauðvín • 100 g sykur • 1 kanilstöng • 1 myntugrein • 1 negulnagli
Sjóðið allt saman og setjið svo afhýddar perurnar út í og eldið að suðu í u.þ.b. 20 mín. Kælið í vökvanum.

**Sósa**
Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og steikið í potti með olíu og smjöri. Hellið soðinu af lærinu út í og sjóðið nokkra stund. Sigtið, bætið soðinu af perunum við. Sjóðið niður um 2/3. Þeytið smjör út í og kryddið með salti og pipar.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

GLEÐILEG BÍÓJÓL

SAMBÍÓIN ERU LOKUÐ Í DAG, ÞORLÁKSMESSU, OPNUM AFTUR 2. Í JÓLUM

Opið fyrir sölu á gjafabréfum í Álfabakka kl. 13-17 og í kringlunni 13-23




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| MEGAMIND 3D ENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| NARNIA 3 3D LÚXUS | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| FASTER | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | KL. 10.10 | 16 |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 8 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL.4 - 6 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 6 - 9 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| AGORA | KL. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 6 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 | L |

OPIÐ Í DAG ÞORLÁKSMESSU!
facebook/smarabio • Sími 564 0000
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LOKAÐ Í DAG, ÞORLÁKSMESSU
ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA
OPNUM AFTUR 26. DESEMBER - ANNAN Í JÓLUM


# Ágætis bíójól fram undan

**Jól og áramót eru yfirleitt ágætis tími til að skella sér í kvikmyndahús. Íslenskar unglingaraunir, tæknibrelluskrímsli og danskir grínistar eru meðal þess sem rekur á fjörurnar.**



## SJÓNRÆNT EÐA ÍSLENSKT





Kvikmyndin **Tron** þykir mikið augnakonfekt en hún skartar Óskarsverðlaunahafanum Jeff Bridges í aðalhlutverki. Kvikmyndin **Gauragangur** verður frumsýnd á annan í jólum eins og **Little Fockers.** Á nýársdag taka síðan trúðarnir Casper og Frank öll völd í íslenskum kvikmyndahúsum þegar Klovn: The Movie verður frumsýnd.

Kvikmyndin Gauragangur var frumsýnd í gær í Smárabíói en hún fer í almennar sýningar á annan í jólum. Þetta er önnur kvikmynd Gunnars Björns Guðmundssonar í fullri lengd, sú fyrsta hét Astrópía og sló eftirminnilega í gegn.

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Ólafs Hauks Símonarsonar og segir frá raunum og ævintýrum hins unga Orms Óðinssonar og pælingum hans um lífið og tilveruna. Hópur ungra og upprennandi leikara fer með aðalhlutverkin í myndinni, þar fremst í flokki eru þau Alexander Briem sem leikur Orm, Hildur Berglind Arndal og Eygló Hilmarsdóttir. Þau eru dyggilega studd af reynsluboltum á borð við Stein Ármann, Þorstein Bachman og Þrúði Vilhjálmsdóttur.

Jeff Bridges leikur eitt aðalhlutverkanna í tæknibrellurisanum Tron: Legacy sem verður frumsýndur í kvikmyndahúsum um helgina. Bridges lék einmitt einnig aðalhlutverkið í samnefndri mynd sem Disney-fyrirtækið frumsýndi fyrir næstum þrjátíu árum. Tron segir frá hinum unga og rótlausa Sam Flynn, sem á erfitt með að sætta sig við hvarf föður síns fyrir tuttugu árum. Sá var einn fremsti stafræni hönnuður heims og hafði hannað heim sem hann taldi geta breytt vitundarstigi jarðarbúa. Flynn kemst á snoðir um hvar þessi heimur er geymdur og fyrr en varir er hann kominn á slóð síns horfna föður. Auk Bridges leika þau Garret Hedlund og Olivia Wilde aðalhlutverkin í fyrstu mynd leikstjórans Joseph Kosinski.

Gamanmyndin Little Fockers verður frumsýnd á annan í jólum en hún er þriðja myndin um ansi skrautleg samskipti Gaylord Focker og tengdapabba hans Jacks. Að þessu sinni er það barnaafmæli sem er sögusviðið og Jack hefur eðlilega miklar áhyggjur af því að Gaylord sé ekki vandanum vaxinn. Aðalhlutverkin eru sem fyrr í höndum Bens Stiller og Roberts De Niro en meðal annarra leikara má nefna Jessicu Alba, Barböru Streisand, Dustin Hoffman og Owen Wilson.

Og svo eru það dönsku trúðarnir í Klovn, þeir Frank Hvam og Casper Christensen. Myndin hefur slegið rækilega í gegn í Danmörku og hennar er beðið með mikilli eftirvæntingu hér á landi enda nutu þættirnir gríðarlegra vinsælda. Myndin er vegasaga og segir frá því þegar Frank ákveður að taka á sig rögg og hyggst keppa í kanósiglingum ásamt ellefu ára gömlum frænda sínum. Því miður, fyrir Frank og frændann er Casper með í för og eins og áhorfendum Klovn ætti að vera kunnugt nær heili Caspers aðeins utan um eitt atriði þegar hann er sloppinn frá frúnni; að eiga náin kynni við hitt kynið. Myndin verður frumsýnd 1. janúar.

**freyrgigja@frettabladid.is**

Tónlist ★★★

**Lúxus upplifun**
Hljómsveitin Ég

## Enginn brosir líkt og Ég



Lúxus upplifun er þriðja plata Hljómsveitarinnar Ég, sem er Róbert Örn Hjálmtýsson ásamt aðstoðarmönnum, og sú fyrsta síðan hin stórskemmtilega Plata ársins kom út fyrir heilum fimm árum. Ekki er hægt að segja að hljómsveitin Ég hafi tekið róttækum breytingum á þeim tíma. Róbert fetar kunnuglegar slóðir í áheyrilegu furðupoppi og helst að stórskemmtilegir textarnir hafi þokast í eilítið persónulegri og einlægari átt, sem er vel. Einnig er engu líkara en Róbert hafi öðlast meira sjálfstraust í söngnum. Hann skrúfar betur frá en áður, en þó hættir enn til að gæta einhæfni í raddbeitingu. Erfitt er að verjast þeirri hugsun að hlustendur eigi enn eftir að heyra það besta frá Róberti í þeim efnum.

Sjálfur leikur Róbert á langflest hljóðfæri. Þegar best lætur virkar það fínt og skilar sér í afar auðþekkjanlegum og notalegum stíl sem er vissulega hans eigin. Á einstaka stað virkar þó hljóðfæraleikurinn, og þá sérstaklega trommurnar sem eiga til að grautast áfram, heftandi fyrir lagasmíðar sem lofa góðu en eiga í erfiðleikum með að hefja sig til flugs. Góðu heilli er þau tilfelli þó undantekningin sem sannar regluna. Þá má ætla að litríkar lagasmíðarnar, sem fylgja fáum formúlum. býðu upp á örlítið meiri hugmyndaauðgi í útsetningum, en þær dansa á mörkum þess að vera full keimlíkar frá lagi til lags.

Að því sögðu er hér á ferð hin fínasta plata með listamanni sem fer sínar eigin leiðir í flestu sem hann tekur sér fyrir hendur. Þeir sem hingað til hafa kunnað að meta Hljómsveitina Ég verða fráleitt sviknir af Lúxus upplifun, en Róbert færi líka létt með að bæta fleiri aðdáendum í hópinn með fjölbreyttari áherslum.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Hljómsveitin Ég á kunnuglegum slóðum með sitt fína furðupopp og sérstaka stíl. Frábær textagerð en einhæfni gætir á stöku stað í raddbeitingu og útsetningum.



**AVATAR** Ævintýramyndinni Avatar var oftast stolið á netinu á þessu ári.

# Avatar oftast stolið 2010

**Ævintýramyndinni Avatar var oftast stolið á netinu árið 2010, samkvæmt upplýsingum frá skráaskiptabloggsíðunni TorrentFreak. Alls var myndinni halað niður 16,6 milljón sinnum. Í öðru sæti var hasarmyndin Kick-Ass með 11,4 milljónir niðurhala og í því þriðja lenti Inception með 9,7 milljónir. Sú mynd sem lenti í efsta sæti á síðasta ári var Star Trek sem var stolið ellefu milljón sinnum. James Cameron, leikstjóri Avatar, hefur sagt að þrívíddarmyndir geti helst komið í veg fyrir ólöglegt niðurhal. Það kom þó ekki í veg fyrir að milljónir næðu sér í Avatar á netinu.**


BÍÓ ★ PARADÍS — LOKAÐ 23.-25. DES. OPNUM ANNAN DAG JÓLA.
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR — WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS



KVIKMYND EFTIR GUNNAR B. GUÐMUNDSSON LEIKSTJÓRA ASTRÓPÍU
GAURA GANGUR
BYGGT Á METSÖLUBÓK ÓLAFS HAUKS SÍMONARSONAR
ÞAÐ GERIST ALDREI NEITT Á ÍSLANDI NEMA MAÐUR GERI ÞAÐ SJÁLFUR
ZIK ZAK KVIKMYNDIR SENU KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS GAURAGANGUR ALEXANDER BRIEM HILDUR BERGLIND ARNDAL EYGLÓ HILMARSDÓTTIR ATLI ÓSKAR FJALARSSON SIGURBJARTUR ATLASON
STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON EDDA ARNLJÓTSDÓTTIR GUÐRÚN BJARNADÓTTIR SNORRI ENGILBERTSSON ÞORSTEINN BACHMANN STEFÁN JÓNSSON BJÖRK JAKOBSDÓTTIR ÞRÚÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR
LINDA STEFÁNSDÓTTIR TÓMAS ÖRN TÓMASSON SÆVAR GUÐMUNDSSON HULDAR FREYR ARNARSON INGVAR LUNDBERG HELGA RÓS V. HANNAM
SIGRÍÐUR RÓSA BJARNADÓTTIR JÓN ÓLAFSSON GUNNAR B. GUÐMUNDSSON OTTÓ G. BORG ÓLAF HAUK SÍMONARSON ÁGÚST HAUKSSON
ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST HLÍN JÓHANNESDÓTTIR GUNNAR B. GUÐMUNDSSON
NÓI SÍRÍUS
JÓLAMYNDIN Í ÁR · Í BÍÓ 26. DESEMBER
sena

sport
sport@frettabladid.is

21 DAGUR

**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ** hefur aðeins einu sinni náð bestum árangri Norðurlandaþjóða á HM í handbolta en það var þegar liðið náði 7. sætinu á HM í Portúgal 2003. Strákarnir voru þá ofar en bæði Danir (9. sæti) og Svíar (13. sæti). Svíar hafa tólf sinnum verið efstir, Danir sjö sinnum og Norðmenn einu sinni.

# Ný andlit á listanum

**SÍ hefur gefið út hvaða íþróttamenn eru í tíu efstu sætunum í kjörinu á Íþróttamanni ársins 2010. Sex af tíu efstu hafa ekki verið á topp tíu listanum áður.**

**ÍÞRÓTTIR** Framtíðarfólk íslenskra íþrótta er áberandi meðal tíu efstu í kjörinu á Íþróttamanni ársins fyrir árið 2010. Fjórir af íþróttamönnunum eru 21 árs eða yngri, sex þeirra hafa aldrei komist svona ofarlega í kjörinu áður, aðeins tveir eru orðnir þrítugir og meðalaldur listans er „bara“ 24,9 ár.

Þetta er í fyrsta sinn í tólf ár sem fjórir íþróttamenn sem eru 21 árs eða yngri eru á topp tíu. Árið 1998 voru einnig fjórir íþróttamenn á listanum sem höfðu ekki náð 22 ára aldri en þar á meðal var sundmaðurinn Örn Arnarson sem var þá kosinn Íþróttamaður ársins aðeins 17 ára gamall.

Atkvæðagreiðsla félagsmanna í Samtökum íþróttafréttamanna er leynileg og fer þannig fram að hver félagsmaður SÍ setur saman lista með nöfnum tíu íþróttamanna sem honum þykja hafa skarað fram úr á árinu. 21 félagsmaður er í Samtökum íþróttafréttamanna og nýttu allir þeirra atkvæðisrétt sinn í kjörinu. 26 íþróttamenn fengu atkvæði í kjörinu að þessu sinni.

Handboltamenn eru fjölmennastir á listanum að þessu sinni en fjórir liðsmenn úr bronsliði Íslands frá EM eru á listanum. Hópíþróttamenn eru áfram í aðalhlutverki en aðeins tveir einstaklingsíþróttamenn komast inn á topp tíu listann að þessu sinni, frjálsíþróttakonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir og sundkonan Hrafnhildur Lúthersdóttir. Hópfimleikakonan Íris Mist Magnúsdóttir er fyrsta fimleikakonan á topp tíu í fjögur ár og fyrsta fimleikakona Gerplu sem kemst inn á topp tíu listann síðan 1983.

Ólafur Stefánsson, íþróttamaður ársins tvö síðustu ár, er sá eini á listanum sem hefur verið kosinn íþróttamaður ársins. Ólafur er nú meðal tíu efstu í tólfta sinn en hann hefur verið á listanum allar götur frá og með árinu 1997 að árunum 1998 og 2005 undanskildum. Ólafur er þriðji íþróttamaðurinn í sögu kjörsins sem nær að komast meðal tíu efstu í tólf skipti eða fleiri en hinir eru sundmaðurinn Guðmundur Gíslason (15) og júdómaðurinn Bjarni Friðriksson (12.)

Auk Ólafs hafa þau Alexander Petersson, Helga Margrét Þorsteinsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir komist áður inn á topp tíu listann. Helga Margrét og Hólmfríður eru meðal tíu efstu annað árið í röð og Alexander var líka á listanum árið 2008. Hinir sex íþróttamennirnir í tíu efstu sætunum eru nýir á listanum.

Þetta kjör markar líka ákveðin tímamót hjá knattspyrnumanninum Eiði Smára Guðjohnsen, sem hafði verið meðal tíu efstu í kjörinu tíu ár í röð (frá og með árinu 2000) en kemst ekki á listann að þessu sinni.

Kjörinu verður lýst á Grand Hóteli í Reykjavík hinn 5. janúar næstkomandi.

**ooj@frettabladid.is**





**HLYNUR BÆRINGSSON**
28 ára körfuknattleiksmaður.



**GYLFI SIGURÐSSON**
20 ára knattspyrnumaður.



**ALEXANDER PETERSSON** 30 ára handknattleiksmaður.



**HRAFNHILDUR LÚTHERSDÓTTIR**
19 ára sundkona.



**HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR**
19 ára frjálsíþróttakona.



**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR**
26 ára knattspyrnukona.



**ÓLAFUR STEFÁNSSON**
37 ára handknattleiksmaður.



**ARON PÁLMARSSON**
20 ára handknattleiksmaður.



**ÍRIS MIST MAGNÚSDÓTTIR**
23 ára fimleikakona.



**ARNÓR ATLASON** 26 ára handknattleiksmaður.




# JÓLATILBOÐ Í HÁTÆKNI



Panasonic

Frábært verð!

Verð 159.995 kr.

TX-P42S20E

## 42" Panasonic Plasma FHD 600 Hz

• Panasonic TX-P42S20E er 42 tommu Plasma sjónvarp með frábærum myndgæðum • 1920x1080 punkta upplausn • 600 Hz tækni • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

**Vinsælasta tækið komið aftur!**



LG

Frábært verð!

Verð 229.995 kr.

42LD750N

## LG 42" LCD Full HD 200Hz sjónvarp

• Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp 200 Hz • 1920x1080 punkta upplausn • 3 x HDMI, LAN, 2 x USB 2.0, WiFi, DLNA og DivX HD stuðningur sem spilar MKV skrár



SALORA

10.000 afsláttur

Tilboðsverð 59.995 kr.

Verð áður 69.995 kr.

1941DVXCI

## 19" Salora LCD með innbyggðum DVD spilara

• HD-Ready 1366x768 sjónvarp • Innbyggður digital tuner (DVB-T) • CI kortarauf • DVD-spilari • HDMI tengi • 12 V. kapall fylgir með



LG

30.000 afsláttur

Tilboðsverð 149.995 kr.

Verð áður 179.995 kr.

37LD450N

## LG 37" LCD Full HD sjónvarp

• Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn • XD Engine myndvinnslubúnaður • 2 x HDMI • USB.2.0 • SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi

PIPAR\TBWA • SÍA • 103238



4615

## Salora 7" myndarammi

• Flottur myndarammi með USB tengi og MMC/SD kortalesara • Innbyggð vekjaraklukka

TILBOÐ

Tilboðsverð 7.995 kr.

## Salora ferða DVD DVP-7007

• 7" ferða DVD-spilari frá Salora • Festingar og taska fylgja ásamt 220V og 12V köplum

TILBOÐ

Tilboðsverð 19.995 kr.





2005

TILBOÐ

Tilboðsverð 8.995 kr.

Verð áður 9.995 kr.

## Salora CRL630CD útvarpsvekjari

• Frábær hljómur og flott hönnun • Geislaspilari • FM/AM útvarp • Gott loftnet og þægilegt að stilla • Næturljós

## Salora DVD 363 spilari HDMI

• Einfaldur og góður HDMI DVD spilari frá Salora • Uppskölun 1080p • Minniskortalesari og afspilun af USB 2.0

Tilboðsverð 9.995 kr.



4063

TILBOÐ

ÁRA 25 VÖRUR 25 % AFSL.

**25 vörur á 25% afmælisafslætti.**

vara 1



Veggfesting 30–50" fixed
16.995 25% 12.746 kr.

vara 18



Yamaha NSF700 hátalarar
169.995 25% 127.496 kr.

vara 9



Hreinsisett
3.995 25% 2.996 kr.

25 ára Hátækni 1985 - 2010

**Opið:** Þorláksmessu 9.30–22.00 - aðfangadag 9.30-12.00

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

> **Adam Sandler**

„Ég held að ástæðan fyrir því að ég les ekki sé vegna þess að þegar ég les, þá líður mér eins og ég sé að missa af einhverju. Ég hugsa með mér: Hvað eru vinir mínir að gera? Hvar er kærastan mín?“

***Adam Sandler leikur smábæjarmanninn Longfellow Deeds sem erfir 40 milljarða dollara eftir látinn frænda sinn í kvikmyndinni Mr. Deeds sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í dag kl. 16.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON VELTIR FYRIR SÉR FYRIRMYNDUM Í LÍFINU

# *Sumir mega ekki sleppa fram af sér beislinu*

Flestir, ekki síst börn, hafa fyrirmyndir í lífinu. Þetta verða fyrirmyndir að hafa í huga. Þær verða að hafa hátterni sitt á bak við eyrað eins og Jón Sigurðsson, forseti Hafnardeildar Bókmenntafélagsins á þarsíðustu öld. Jón virðist hafa lifað lífinu eins og hann vildi að sagan geymdi hann; óhögguðum manni sem gekk fremstur í sjálfstæðisbaráttu Íslands nítjándu aldar með penna og forljóta barta að vopni. Það má vel vera að hann hafi átt vondan dag, verið út úr heiminum af áfengisvímu og lent í því að sofa fram hjá Ingibjörgu sinni, sem beið hans í föðurhúsum á meðan heitmaðurinn var við fræðistörf í öðru landi í tólf ár. Málið er að enginn vissi af því og því situr eftir falleg mynd af Jóni forseta.

Sjálfur man ég ekki hverjar fyrirmyndir mínar voru á yngri árum. Þær voru sumar af vafasömu sortinni og aðrar ekki til nema í skáldskap; þar á meðal var bassaleikarinn Sid Vicicous, fornleifafræðingurinn Indiana Jones auk blaðamannanna Tinna og Hunter S. Thompson. Ég tel mig ekki hafa borið teljandi skaða af lífsstílsfyrirmyndunum þótt líferni sumra þeirra hafi ekki verið upp á marga fiska.



Heimildarmyndin Bigger, Stronger, Faster í Ríkissjónvarpinu í síðustu viku sýndi á harkalegan hátt áhrif slæmra fyrirmynda. Myndin sýndi hvernig þrír smávaxnir bræður fylgdu fordæmi móðurbróður síns, afskræmdu líkama sína með lóðalyftingum í æsku og héldu síðan dauðahaldi í úrkynjaða barnslega framadrauma fram á fullorðinsár. Þegar Arnold Schwarzenegger og fleiri kollegar hans í íþróttum viðurkenndu steranotkun eltu smávöxnu lyftingabræðurnir fyrirmyndir sínar með tilheyrandi afleiðingum.

Þetta þótti mér sýna hversu þungar byrðar eru lagðar á fyrirmyndir fólks; þær verða að haga sér í samræmi við stöðu sína og geyma að sleppa af sér beislinu - nema þegar enginn sér til. Já, líf fyrirmynda er þyrnum stráð.

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Þingeyrakirkja** Stuttur þáttur um Þingeyrakirkju í Húnavatnssýslu.
**16.00 Kiljan** (e)
**16.50 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Heilabrot** (7:8) (Hjärnstorm) (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (85:87) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.00 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**21.45 Tíu mínútna sögur – Falli snjór** (4:11) (Ten Minute Tales) Flokkur þögulla breskra stuttmynda.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Dorrit litla** (2:8) (Little Dorrit) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Charles Dickens um erfiða lífsbaráttu fólks í London um 1820. (e)
**23.15 Norrænir jólatónleikar (e)**
**01.20 Kastljós** (e)
**01.50 Fréttir** (e)
**02.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Latibær** (17:18)
**07.25 Elías**
**07.40 Galdrabókin** (23:24)
**07.50 Nornfélagið**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Matarást með Rikku** (2:10)
**13.30 La Fea Más Bella** (292:300)
**14.15 La Fea Más Bella** (293:300)
**15.00 The O.C. 2** (13:24)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**16.45 Latibær** (17:18)
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.35 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (11:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (11:24)
**20.10 Nú stendur mikið til** Sérstakir hátíðartónleikar þar sem Sigurður Guðmundsson og Memfismafían flytja lög af plötunni sinni Nú stendur mikið til.
**20.55 Little Britain Christmas Special**
**21.30 Fred Claus** Bráðsmellin jólagrínmynd fyrir alla fjölskylduna.
**23.25 Hlemmavídeó** (9:12)
**23.50 Jamie's Family Christmas** Jamie Oliver framreiðir fljótlegan og gómsætan mat.
**00.15 Numbers** (9:16)
**01.00 Mad Men** (4:13)
**01.50 The Jane Austen Book Club**
**03.35 Little Britain Christmas Special**
**04.05 Two and a Half Men** (11:24)
**04.30 How I Met Your Mother** (11:24)
**04.55 The Simpsons** (6:22)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 BÍÓ

**06.40 Four Christmases**
**08.10 Notting Hill**
**10.10 Mr. Deeds**
**12.00 Meet Dave**
**14.00 Notting Hill**
**16.00 Mr. Deeds**
**18.00 Meet Dave**
**20.00 Four Christmases**
**22.00 Eagle Eye**
**00.00 I Am Legend**
**02.00 Witness**
**04.00 Eagle Eye**
**06.00 Bourne Identity**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Lübbecke - Kiel**
**18.15 Þýski handboltinn: Lübbecke - Kiel**
**19.50 Vildargolfmót Audda og Sveppa** Sýnt frá Vildargolfmóti Audda og Sveppa þar sem margt var um manninn og leikið var golf fyrir gott málefni.
**20.40 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**21.30 European Poker Tour 6 - Pokers**
**22.20 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.10 Til síðasta manns** (6:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum. Í þáttunum heimsækja þeir afskekkta staði víðs vegar um heiminn þar sem þeir kynnast nýjum bardagaaðferðum og etja kappi við frumbyggja.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Enska úrvalsdeildin**
**18.15 Enska úrvalsdeildin**
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 David Beckham** Í þessum þætti verður ferill Davids Beckham skoðaður og helstu afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin kruf-in til mergjar.
**21.25 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**22.25 Man. City - Everton** Útsending frá leik Manchester City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.05 Life Unexpected** (3:13) (e)
**15.50 Parenthood** (12:13) (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 America's Next Top Model** (12:13) (e)
**18.55 Real Hustle** (6:20) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leika saklaust fólk í gildru og sýna hversu auðvelt það er að plata fólk til að gefa persónulegar upplýsingar.
**19.20** America's Funniest Home Videos (18:46) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (8:39).
**20.10 Nobel Peace Prize Concert 2010** Einstakur viðburður í sjónvarpi þar sem handhafi friðarverðlauna Nóbels er heiðraður af nokkrum af fremstu tónlistarmönnum veraldar.
**21.30 In the Electric Mist** Spennumynd frá árinu 2009 með Tommy Lee Jones, John Goodman, Peter Sarsgaard og Mary Steenburgen í aðalhlutverkum. Stranglega bönnuð börnum.
**23.15 Hostage** (e) Hörkuspennandi mynd með Bruce Willis í aðalhlutverki. Myndin er stranglega bönnuð börnum.
**01.10 Nurse Jackie** (12:12) (e)
**01.40 United States of Tara** (12:12) (e)
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.10 Golfing World**
**12.00 PGA Grand Slam of Golf 2010** (2:2)
**15.00 Ryder Cup Official Film 2002**
**17.00 Golfing World**
**17.50 European Tour - Highlights 2011** (2:45)
**18.40 JBwere Masters 2010** (3:4)
**23.10 PGA Tour Yearbooks** (3:10)
**00.00 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.05 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**19.50 Entourage** (11:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincents og félaga í Hollywood.
**20.25 Ástríður** (12:12) Ætlar Davíð í alvöru að láta verða af því að flytja til Danmerkur? Skilur hann ástina eftir eða munu þau á endanum ná saman?
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Gossip Girl** (7:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl.
**22.35 Hawthorne** (4:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity-spítalanum í Virginíu.
**23.20 Medium** (13:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
**00.05 Nip:Tuck** (12:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
**00.50 Ástríður** (12:12)
**01.15 Entourage** (11:12)
**01.45 The Doctors**
**02.25 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Þorláksmessuhrafnaþing.
**21.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Síðustu heilræðin fyrir jól.
**21.30 Rokk og tjatjatja** Tónlistarflóran á eyjunni bláu er engu lík.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.10
### Nú stendur mikið til

Sérstakir hátíðartónleikar þar sem Sigurður Guðmundsson og Memfismafían flytja lög af plötunni sinni Nú stendur mikið til. Lögin eru flest samin af Sigurður Guðmundssyni og Braga Valdimari Skúlasyni en sá síðarnefndi samdi jafnframt textana við öll lögin á plötunni fyrir utan eitt sem er við ljóð Steins Steinarrs.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Jólakveðjur **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Jólakveðjur **10.03** Veðurfregnir **10.13** Jólakveðjur **11.03** Jólakveðjur **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Jólakveðjur **14.03** Jólakveðjur **15.03** Jólakveðjur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Jólakveðjur **17.03** Jólakveðjur **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Jólakveðjur **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Jólakveðjur **22.05** Veðurfregnir **22.10** Jólakveðjur **00.05** Jólakveðjur **01.00** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.45** The Weakest Link **13.30** Deal or No Deal **14.05** Dancing with the Stars **15.05** Dancing with the Stars **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Cranford **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** The Office **19.30** Vicar of Dibley **20.00** Vicar of Dibley **20.30** Gavin & Stacey **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** The Office **22.50** EastEnders **23.20** Vicar of Dibley **23.55** Gavin & Stacey

### DR 1

**12.15** Inspector Morse **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** DR's store juleshow **15.40** Absalons Hemmelighed **16.05** Fillmore **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Hva' så Danmark? **20.00** TV Avisen **20.25** Det Nye Talkshow **21.15** French Kiss **23.00** Taggart

### NRK 1

**13.30** Lisa goes to Hollywood **14.00** NRK nyheter **14.10** Hvilket liv! **15.10** Filmavisen **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** OL i Oslo 1952 - glimt fra Filmavisen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Folkets vinterfilm **19.05** Kvelden før kvelden **21.00** Fridtjofs jul **22.00** Kveldsnytt **22.15** Helene Bøksles jul **22.45** Speilets to ansikter

### SVT 1

**12.05** Fråga doktorn **12.35** Skenet bedrar **13.15** Jazzgossen **14.55** I jultomtens verkstad **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Ung & bortskämd **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Kinas mat **20.00** Debatt **20.45** Julfritt **22.20** Min jul **22.25** Veckans brott **23.25** Nurse Jackie **23.50** Nurse Jackie








512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÞORLÁKSMESSUSKATAN



*„Ég fór alltaf í skötu til langömmu minnar en hún er ekki á lífi lengur þannig að amma hefur tekið við. Þetta er orðin pínu hefð því öll fjölskyldan er saman. Þetta er alltaf jafngaman.“*

Sylvía Briem Friðjónsdóttir, fegurðardrottning.

# E-label selt í stærstu vefverslun Bretlands

Íslenska merkið E-label hefur hafið samstarf við vefverslunina Asos.com og verður fáanlegt á síðunni frá og með janúarmánuði. Asos er stærsta vefverslun Bretlands og á hverjum mánuði heimsækja yfir átta milljónir manna síðuna. „Þeir eru búnir að taka inn pöntun frá okkur sem ætti að vera komin í sölu einhvern tímann í janúar. Þeir byrja á því að taka inn línurnar sem komu út á þessu ári og svo bætist vonandi við það í framtíðinni,“ útskýrir Ásta Kristjánsdóttir, sem rekur E-label ásamt Hebu Hallgrímsdóttur. Undanfarið hafa þær unnið markvisst að því að koma merkinu að í verslunum í Bretlandi og Þýskalandi og virðist sú vinna vera að skila sér núna.

„Netsala hefur aukist gífurlega alls staðar í heiminum og við erum því mjög ánægðar að hafa komist inn hjá Asos. Í gegnum þá náum við til markhóps sem við myndum kannski ekki hafa náð til annars, auk þess er það mjög góð auglýsing og kynning fyrir merkið að hafa fengið að tengjast Asos-síðunni.“

Ásta segir þær stöllur þó fara sér hægt þegar kemur að auknum markaðsyfirráðum. „Við tökum bara eitt spor í einu þegar kemur að því að stækka við okkur. Við höfum farið varlega og passað upp á að fara að engu óðslega, ætli það megi ekki segja að við séum mjög íhaldssamar þegar kemur að þessum málum,“ segir Ásta og hlær. Auk þess að sölsa Bretlandsmarkað undir sig hafa stúlkurnar haldið innreið sína á Þýskalandsmarkað, sem Ásta segir vera engu minna spennandi verkefni. „Það eru spennandi tímar fram undan en í bili ætlum við að einbeita okkur að því að sinna þessu verkefni eins vel og við getum.“ - sm



**GÓÐUR ÁRANGUR** Heba Hallgrímsdóttir og Ásta Kristjánsdóttir gerðu nýverið samning við stærstu vefverslun Bretlands, Asos.com, um að taka inn vörur E-label.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Þri 28.12. Kl. 14:00 U | Mið 29.12. Kl. 14:00 Ö | |
| Þri 28.12. Kl. 16:00 U | Mið 29.12. Kl. 16:00 Ö | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 6.1. Kl. 20:00 Ö | Fim 20.1. Kl. 20:00 | |
| Mið 12.1. Kl. 20:00 | Sun 30.1. Kl. 20:00 | |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Þri 28.12. Kl. 16:00 U | Sun 2.1. Kl. 13:00 Ö | Lau 8.1. Kl. 15:00 Ö |
| Mið 29.12. Kl. 16:00 U | Sun 2.1. Kl. 15:00 Ö | Sun 9.1. Kl. 13:00 |
| Fim 30.12. Kl. 16:00 U | Lau 8.1. Kl. 13:00 Ö | Sun 9.1. Kl. 15:00 |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 15.1. Kl. 20:00 Ö | Fim 20.1. Kl. 20:00 | |
| Sun 16.1. Kl. 20:00 | Lau 22.1. Kl. 20:00 Ö | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 30.12. Kl. 19:00 U | Lau 15.1. Kl. 19:00 Ö | Lau 22.1. Kl. 19:00 Ö |
| Fös 7.1. Kl. 19:00 U | Sun 16.1. Kl. 19:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 19:00 Ö |

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn |
| Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |

**Kandíland** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 30.12. Kl. 20:00 Frums. U | Fim 6.1. Kl. 20:00 | Lau 8.1. Kl. 20:00 |
| Mið 5.1. Kl. 20:00 | Fös 7.1. Kl. 20:00 | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 3.2. Kl. 18:00 U | Sun 13.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 17:00 |
| Sun 6.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 13.2. Kl. 17:00 | Sun 27.2. Kl. 14:00 |
| Sun 6.2. Kl. 17:00 | Sun 20.2. Kl. 14:00 | Sun 27.2. Kl. 17:00 |

GEFÐU GÓÐAR STUNDIR

Gjafakort Þjóðleikhússins á hátíðartilboði!




Á ÞÖNUM Jólin eru mikill annatími hjá Bubba Morthens, hann spilar á þorláksmessutónleikum í kvöld og svo á Litla-Hrauni á aðfangadag. Hann er búinn að missa tólf kíló síðan í september en honum fannst þyngdin þá vera farin að há sér í söngnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BUBBI MORTHENS:** VERÐ AÐ VERA Í GÓÐU FORMI TIL AÐ GETA SUNGIÐ

# Tólf kíló fokin af kónginum

„Jú, ég er orðinn svolítið lúinn á aðfangadag. Ég reyni yfirleitt að leggja mig með börnunum í klukkutíma en ef það tekst ekki er ég orðinn eilítið þreyttur um kvöldið,“ segir Bubbi Morthens, sem hefur verið á þönum fyrir hver jól síðustu 26 ár.

Í kvöld spilar Bubbi á sínum árlegu Þorláksmessutónleikum í Háskólabíói og í fyrramálið leggur hann af stað austur fyrir fjall og spilar fyrir fangana á Litla-Hrauni ásamt nokkrum vel völdum listamönnum. Bubbi hefur farið á Hraunið síðan 1984 og hefur margoft lýst því yfir að jólin komi ekki fyrr en græna hliðið á Litla-Hrauni lokist fyrir aftan hann. „Þá fer maður heim, fullur þakklætis. Það er því bæði gott fyrir mig og gott fyrir fangana að við hittumst þarna á aðfangadag.“

Bubbi, sem varð 54 ára í ár, segist vera í góðu líkamlegu standi fyrir jólatörnina. „Ég verð að vera í góðu formi til að geta sungið, það er algjört lykilatriði,“ segir Bubbi, sem byrjaði í heljarinnar átaki í september þegar hann var orðinn yfir hundrað kíló. Og fannst sú þyngd vera farin að bitna á röddinni. „Ég á það til að sleppa mér alveg en nú er ég kominn í 89, búinn að missa tólf kíló.“ Hann breytti mataræðinu, tók út brauðmeti og byrjaði að gæða sér á ávaxtadrykkjum, eplum og döðlum. „Og svo vakna ég eldsnemma til að æfa á fastandi maga, sem er síður en svo auðvelt. Brennslan verður hins vegar skilvirkari.“

Bubbi boxar þrisvar í viku og hefur þá hljóðbók í eyrunum, annað hvort Egilssögu eða Góða dátann Svejk, og svo horfir hann á heimildarmyndir á meðan hann hjólar í einn og hálfan tíma. Hann er með góða æfingaaðstöðu heima hjá sér, bílskúr og heilt fjall. „Ég er í sérstökum hitagalla, hettupeysu yfir hann og svo húfu þannig að ég steiki mig alveg.“

Bubbi segist því líkamlega vera fertugur og finnst lítið mál að koma sér aftur í form. „Þetta snýst allt um aga. Ef maður á mínum aldri hreyfir sig ekki þá fitnar hann bara. Maður veit auðvitað aldrei hvenær stóra kallið kemur en ég held að maður ráði helvíti miklu um hvað maður verður gamall.“

freyrgigja@frettabladid.is

### GESTIR BUBBA Á AÐFANGADEGI



Bubbi hefur tekið góða listamenn með sér á Litla-Hraun til að lesa upp úr verkum sínum, spila og annað slíkt. Að þessu sinni fara þeir **Ari Eldjárn**, Jónas Sigurðsson og Einar Kárason á Litla-Hraun með Bubba.


EMAMI

www.emami.is



STRÁKAR!

JÓLAGJÖFIN HENNAR FÆST HJÁ EMAMI

Þar að auki fær hún aukapakka því **frír bolur eða leggings fylgir** með öllum kjólum til jóla.

Verslanir EMAMI Kringlunni s: 5717070 Laugavegi 66 s: 5111880


# Loksins saman um jólin

„Við höfum verið saman í fjögur ár en þetta verða fyrstu jólin okkar saman,“ segir söngvarinn Friðrik Ómar. Hann var á leiðinni norður þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum og ætlaði að leigja sér bíl til að keyra. Friðrik Ómar og kærasti hans, Ármann Skæringsson, ætla að eyða jólunum saman fyrir norðan hjá fjölskyldu Friðriks en söngvarinn hefur verið á ferð og flugi undanfarnar vikur með Frostrósum. „Ég er búinn að vera hérna á Íslandi í mánuð þannig að þetta er búin að vera ágætis törn,“ segir Friðrik en eins og margoft hefur komið fram eru þeir Friðrik og Ármann búsettir í Stokkhólmi.

Friðrik eyðir jólunum yfirleitt fyrir norðan og hefur sína jólasiði. Hann hyggst hitta sína dyggu aðdáendur í höfuðstað Norðurlands á Glerártorgi á Þorláksmessu og árita geisladiskinn sinn með Elvis-ábreiðunum sem nutu töluverðra vinsælda á árinu sem er að líða. „Við förum síðan út aftur eftir áramótin og slökum á, ætli við reynum ekki bara að fara í einhverja utanlandsferð.“ Friðrik verður síðan með tónleika í mars í Stokkhólmi í samvinnu við sendiherra Íslands, Guðmund Árna Stefánsson. - fgg



**SAMAN** Friðrik Ómar og Ármann ætla að eyða jólunum saman fyrir norðan hjá fjölskyldu Friðriks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI ÍÞRÓTTIR

Meiri Vísir.

vísir.is


Aldrei meira úrval af gjafavöru!
Ath. Allar vörur með 25% afslætti!
LSA International
Diskur á fæti + hjálmur 11.950,- nú 8.963,-
Skál 8.600,- nú 6.450,-
Skál á fæti 7.500,- nú 5.625,-
Diskur á fæti 9.200,- nú 6.900,-
6.600,- nú 4.950,- Skálar 2 stk.
Kanna 2.800,- nú 2.100,-
6.200,- nú 4.650,-
12.900,- nú 9.675,- Glös 4 stk.
Karöflur frá 6.300,- nú 4.725,-
7.600,- nú 5.700,- Glös 4 stk.
RIVERDALE
16.900,- nú 12.675,-
5.800,- nú 4.350,-
5.900,- nú 4.425,-
7.500,- nú 5.625,-
16.900,- nú 12.675,-
10.950,- nú 8.213,-
9.950,- nú 7.463,- Glös 4 stk.
7.500,- nú 5.625,-
Opið í dag 10.00 - 23.00
24. des. 10.00 - 12.00 - Lokað mán. 27. des.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
HEIMA HÚSIÐ
Öndvegi
mood
lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gleði í Veröld

Pétur Már Ólafsson og starfsfólk hans hjá bókaútgáfunni Veröld gat leyft sér að fagna eilítið í gær þegar jólaösin var að ná hámarki. Nýjasta bók **Yrsu Sigurðardóttur**, Ég man þig, hefur nefnilega slegið gamla sölumetið hennar. Yrsa er nú hálfdrættingur á við kónginn Arnald Indriðason sem selur sennilega yfir þrjátíu þúsund eintök þetta árið. Sextán þúsund eintök eru nú uppseld frá útgefanda en glæpasagnadrottningin Yrsa hefur yfirleitt selt í kringum tíu þúsund eintök.



### Gunnar selur utan af sér

**Gunnar Þorsteinsson** í Krossinum hefur tekið á honum stóra sínum í Detox-meðferðinni hjá **Jónínu Benediktsdóttur** eiginkonu sinni. Svo duglegur hefur hann verið að klæðin passa honum ekki lengur. Hann situr uppi með fulla fataskápa af of víðum fötum og þá eru góð ráð dýr. Jónína hefur nú auglýst fötin til sölu á Facebook-síðu sinni. Fyrir áhugasama eru fötin af gerðinni Benevenuto, „í hæsta gæðaflokki“. Jakkafötin eru hvorki fleiri né færri en tuttugu talsins og fást á allt niður í fimmtán þúsund krónur. Þá er einnig urmull af skyrtum til sölu. Ágóðinn rennur síðan til góðgerðarmála.

- fgg, sh



### Mest lesið vísir.is

1. Niðurlægjandi jólagjöf
2. Fjögurra barna faðir í átta mánaða fangelsi
3. Fíkniefnahundur fann 300 grömm af grasi í bíl sem valt
4. Glæsilegar sigurmyndir í tunglmyrkvakeppni
5. Hættulegir smáhundar í umferð





